



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Er mannskepnan missir völdin**

**Þróun og greining íslenskra ólandssagna fyrir fullorðna**

Ritgerð til M.A. prófs í Almennri bókmenntafræði

Harpa Rún Kristjánsdóttir

Vor 2018

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Almenn bókmenntafræði

**Er mannskepnan missir völdin**

**Þróun og greining íslenskra ólandssagna fyrir fullorðna**

Ritgerð til M.A. prófs í Almennri bókmenntafræði

Harpa Rún Kristjánsdóttir

Kt. 220190-2189

Leiðbeinandi: Guðni Elísson

Vor 2018

## Ágrip

Staðleysubókmenntir er grein sem nýtur sívaxandi vinsælda. Ýmsar undirgreinar hennar, svo sem góðar staðleysur, fantasíur og furðusögur hafa skapað sér sess í bókmenntasögunni. Á síðari hluta tuttugustu aldar ber æ meira á ólandssögum (e. dystopias) sem þróast fljótlega yfir í gagnrýnar ólandssögur (e. critical dystopias) samhliða válegri pólitískri og efnahagslegri þróun í heiminum. Meðal þekktara verka sem falla að þessu gagnrýna formi eru *1984* (1949) Georges Orwell, *Saga þernunnar* (1985) eftir Margaret Atwood og *Veröld ný og góð* (1932) eftir Aldous Huxley, svo einhverjar séu nefndar.

Hér verður sjónum beint að gagnrýnum ólandssögum íslenskra höfunda og tengslum þeirra við þróun hefðarinnar erlendis. Auk fræðilegrar samantektar og hugtakaskýringa verður þróun ólandssögunnar rakin með dæmum úr íslenskri bókmenntasögu, þar sem kynnt verða helstu verk sem fallið geta í þann flokk. Í síðari hluta ritgerðarinnar verða svo teknar til greiningar þrjár íslenskar ólandssögur frá síðustu tuttugu árum; *LoveStar* (2002) eftir Andra Snæ Magnason, *Hrímland* (2014) eftir Alexander Dan Vilhjálmsson og *Eyland* (2016) eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur. Bækurnar verða felldar að byggingarlíkani ólandssagna sem kynnt er í 2 kafla ritgerðarinnar auk þess sem gerð verður grein fyrir þeirri ádeilu sem þar kemur fram og hún sett í íslenskt samhengi.

## Abstract

The popularity of utopian literature is ever growing. Various subfields such as eutopias, fantasy and science fiction have earned their place in literary history. Dystopias aroused a growing interest in the late 20<sup>th</sup> century and soon evolved into critical dystopias alongside dreadful political and economic developments in the world. Known works included in this critical genre are *1984* (1949) by George Orwell, *The Handmaid's Tale* (1985) by Margaret Atwood and *Brave New World* (1932) by Aldous Huxley, to name a few.

This essay focuses on the critical dystopias of Icelandic authors and their connection to the development of dystopian traditions in other countries. In addition to a theoretical summary and terminological commentary, the dystopian development will be covered with examples from Icelandic literary history and an introduction of the main works belonging to the genre. The latter part of the essay analyses three Icelandic dystopias written in the last 20 years; *LoveStar* (2002) by Andri Snær Magnason, *Hrímland* (2014) by Alexander Dan Vilhjálmsson and *Eyland* (2016) by Sigríður Hagalín Björnsdóttir. These works will be measured against the dystopian model presented in the second chapter of the essay followed by a review of the criticism they present in the Icelandic context.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	5
2. Staðsetning staðleysanna. Söguleg og fræðileg yfirferð .....	9
2.1 Sögulegt yfirlit íslensku ólandssögunnar.....	16
3. <i>LoveStar</i> . Óður til hugmyndanna .....	29
3.1. Ólandssögur yfir og allt um kring.....	30
3.2. Viðtökur og ádeila. Vitundarvakning <i>Draumalandsins</i> .....	35
3.3. Íslensk ólandssaga?.....	42
4. <i>Hrímland</i> , hið seiðmagnaða óland. ....	45
4.1. Ólandið á Hrímlandi .....	46
4.2. Ádeila. Seiðurinn í okkur sjálfum.....	50
4.3. Sæber- og gufupönk gerir seiðpönk.....	55
5. Eyland – Lóan er enn ekki komin .....	62
5.1. Ólandssagan <i>Eyland</i> . Bygging og frásagnarfræði .....	63
5.2. Ádeila. Hinum megin við sjónvarpsskjáinn .....	68
5.3. Kvenhlutverk og agnarstaðleysur .....	73
6. Samantekt og lokaorð.....	79
Heimildaskrá .....	84

## 1. Inngangur

Líklega er guð dauður. Að minnsta kosti hefur fjölmargt farið úr böndunum frá því Eva beit í eplið í einu þekktasta trúarriti vestrænnar menningar og olli þannig brottkasti áa mannskepnunnar úr Paradís. Í *Biblíunni* er það þekkingarþrá og óhlýðni sem verður til þess að mannkynið kynnist myrkari hlið veraldarinnar, en minnið um andstæða póla paradísar lifir í bókmenntum og listum enn þann dag í dag. Útópíuhugtakið í bókmenntum hefur gjarnan verið rakið til *Utopiu* (1516) Thomasar More, sem nefndi svo bók sína um fyrirmyndarsamfélagið á eyjunni Útópíu. Þótt orðið eigi sér eldri rætur verður það í meðförum Mores nýyrði sem haldið hefur velli í bókmenntalegu samhengi. Útópía hefur verið íslenskað sem „staðleysa“ eða „enginn staður“. Í þessari ritgerð verður hugtakið „góð staðleysa“ notað um fyrirbærið, en sú notkun er nánar skýrð í kafla 2. Fátima Vieira segir More hafa viljað finna farveg fyrir nýjar hugmyndir og strauma í breyttu samfélagi Evrópu. Útópía hans byggði þannig á hugmyndum endurreisnarinnar um að mannleg tilvist snerist ekki eingöngu um að sætta sig við eigin örlög heldur að nota skynsemina til að skapa sér framtíð (Vieira, 2010, bls. 4).<sup>1</sup>

Úr farvegi útópíunnar sprettur síðan dystópían, hér nefnd *ólandssaga*, en sú nafngift verður nánar útskýrð síðar. Í „The origins of dystopia“ leggur Gregory Claeys fram spurningar um eðli greinarinnar. „Hvar fór allt úrskeiðis? Hvenær snerist hugsýnin um himnaríki yfir í hugboð um helvíti?“ (Clayes, 2010, bls. 107).<sup>2</sup> Með hörmungum og auðvaldsstefnu tuttugustu aldarinnar hafa ólandssögur blómstrað. Þær tjá einfalda höfnun á nútímasamfélag, sem uppfyllt er af græðgi, spillingu og dauða. Sýn þeirra byggir á hugmyndinni um þau áhrif sem óséd framtíðarsamfélög geti haft á hversdagslíf hversdagsfólks, í hræðilegum aðstæðum (Moylan, 2000, bls. xi-xii). Erika Gottlieb kallar ólandsbókmenntir síð-kristnar (e. post-Christian) og segir að hafi höfuðátök hins synduga heims áður fyrir snúist um átökin milli bjargræðis og bannfæringar gagnvart guðdómnum, snúist hliðstæð átök nútímans um sáluhjálp eða bölvun mannskyns frammi fyrir dómstólum sögunnar. Bjargræðið í síðara tilfellinu kemur fram í réttlátu samfélagi sem stjórnað er af verðugum fulltrúum, völdum af upplýstu fólki. Bölvunin

---

<sup>1</sup> Vieira telur raunar að slíkur hugsunarháttur samræmist ekki kristinni heimsmynd, þar sem hugmyndir um syndafallið séu ríkjandi (sama:bls. 4). Sé *Biblían* lesin sem skáldverk en ekki trúarit kemur þó í ljós að sagan af brottrekstri Adams og Evu úr Eden er ein elsta birtingarmynd þess hvernig mannskepnan fótur sig í ólenskum heimi. Í kjölfarið fylgja svo ýmsar sögur af óförum hinna breisku manna, spilltum valdhöfum, furðum og kraftaverkum. Íðulega er um tákn- og dæmisögur að ræða, sem ætlaðar eru til þess að fá lesendur til að hugsa uppá nýtt.

<sup>2</sup> Þýðing mín. Frumtexti: „Where did it all go wrong? When did the vision of heaven on earth become an anticipation of hell?“.

birtist í óréttlátu samfélagi úrkynjaðs múgs sem stjórnað er af spilltri ósnertanlegri valdastétt (Gottlieb, 2001, bls. 3).

„It was a bright cold day in April“ (Orwell, 1949 (2008), bls. 3). Upphafsorð bókarinnar *1984* (1949) hafa greypt sig í huga heimsbyggðarinnar. Á heimasíðu *The New York Times* kemur fram að í janúar 2017 skaust bókin á topp sölulista Amazon stórveldisins vestanhafs. Vinsældir bókarinnar eru í fréttinni raktar til umræðu um falsfréttir og orðræðu í kjölfar og aðdraganda kjörs Donalds Trump í embætti Bandaríkjaforseta. Einnig kemur fram að vinsældir bókarinnar, sem og annarra ólandssagna hafi aukist til muna í takt við breytingar á pólitísku og efnahagslegu sviði heimsins. Vitnað er í orð prófessors Stefans Collini sem segir fólk sjá hliðstæður milli skáldsagna af þessu tagi og þess hvernig Trump og fleiri stjórni orðræðunni og breyti staðreyndum eftir eigin höfði. Þetta geri það að verkum að bækurnar og efni þeirra eigi sífellt erindi við lesendur (Freytas-Tamura, 2017).<sup>3</sup> Samfélagsbreytingar síðustu ára hafa haft áhrif á allan heiminn og þar eru Íslendingar engin undantekning. Stórabróðurhugtakið er okkur tamt á tungu og skerðing á tjáningarfrelsi þykir afar alvarleg. Í umfjöllun um karlveldi má til dæmis líta til *Sögu þernunnar* (1986) eftir Margaret Atwood, en sú bók var endurútgefin í nýrri þýðingu hérlendis árið 2017 í kjölfar mikilla vinsælda sjónvarpsþátta byggðra á sögunni. Þegar kemur að bókmenntum af þessu tagi, framtíðarsögum sem birta samfélag manna sem villst hefur af vegi, er íslenskum lesendum ekki að sama skapi tamt að vísa í sinn eigin bókmenntaarf.

Hér á landi stendur hefð ólandssagna ekki sérstaklega sterkum fótum. Þó eru til nokkur verk sem falla beint í þeirra flokk auk annarra sem standa á mörkum greinarinnar og sækja efnistöð og minni til hennar. Mest hefur gróskan verið í barna- og unglingabókum, sem og nýlegum flokki ungmennabóka (e. young-adult), þar sem höfundar á borð við Hildi Knútsdóttur, Gunnar Theódór Eggertsson o.fl. hafa kynnt hin ýmsu ólönd fyrir lesendum. Minna hefur borið á sambærilegum sögum fyrir eldri lesendahópa, sem verður að teljast undarlegt í ljósi geysilegra vinsælda sambærilegra bóka eftir erlenda höfunda. Markmið þessarar ritgerðar er að skýra stöðu íslenskra ólandssagna sem ætlaðar eru fullorðnum lesendum.

Ritgerðin skiptist í þrjá hluta, hugtakaskýringar, bókmenntasögulega yfirferð og loks nánari greiningu þriggja lykiltexa auk niðurstöðukafla. Í fyrsta hlutanum eru settir fram hugtakalistar með þýddum og staðfærðum hugtökum sem tengjast fræðasviði staðleysubókmennta. Þar er að finna þýðingu á lista Gregory Claves og Lyman Tower Sargent

---

<sup>3</sup> Sé blaðsíðutal ekki tilgreint í heimildaskráningarsviga í meginmáli þar sem það virðist eiga að vera er um vefheimild án blaðsíðutals að ræða. Blaðsíðutal er heldur ekki tilgreint þegar endursagður er söguþráður bókar eða greinar í heild sinni án þess að vísað sé beint í einstök atriði.

úr bókinni *The Utopia Reader* (1999) auk þess sem nokkur íslensk hugtök sem notuð verða í ritgerðinni eru kynnt til sögunnar. Því næst er farið stuttlega yfir helstu einkenni ólandssagna og þróun þeirra í sögulegu samhengi. Komið er inn á hugtakavandamálið, en fræðimenn eru ekki fullkomlega á eitt sáttir um hvernig beri að skilgreina ákveðnar undirgreinar, né heldur notkun einstakra hugtaka. Lykiltexti þessa hluta er bók Tom Moylan, *Scraps of the Untainted Sky* (2000) og umfjöllun hans um þróun ólandssögunnar á 20. öld, sér í lagi hinnar svokölluðu gagnrýnu ólandssögu. Einnig er þó vísað í kenningar fleiri fræðimanna, svo sem hugtakaátök Lyman Tower Sargent, kenningar Darko Suvin um tungumálið sem drifkraft ólandssagna og greinabræðingshugtak Isabellu Baccolini, sem og kenningar hennar um yfir- og undirfrásögn, svo eitthvað sé nefnt. Í kaflanum er einnig sett fram byggingarlíkan með helstu einkennum sem ólandssaga þarf að hafa til að bera, en við gerð þess var fyrst og fremst stuðst við skilgreiningu Moylan. Líkan þetta er síðan notað til greiningar lykiltextanna þriggja sem fjallað er um í þriðja hluta.

Í undirkafla annars kafla er leitast við að rekja þróun íslenskra ólandssagana gegnum leiðarminni í íslenskri bókmenntasögu. Þótt tíndir séu til textar sem tengjast hefðinni er varasamt að tala um lykiltexta, þar sem hefðin er ung og höfundar sækja fremur áhrif annað en í íslenska bókmenntahefð. Bækurnar sem teknar eru fyrir í þriðja hlutanum eiga það sameiginlegt að byggja að einhverju leyti á íslenskri menningu, sögu og sagnarfi auk þess sem þær setja fram ádeilu á íslenskt samfélag, eða jafnvel samfélag manna í heild sinni. Þær eiga sér nokkra forvera hér á landi, þrátt fyrir að greininni hafi ekki vaxið verulegur fiskur um hrygg fyrir en í byrjun 21. aldarinnar. Reynt er að gera grein fyrir þeim í þessum kafla allt frá *Ólandssögu* (1777) Eiríks Laxdal sem sækir drifkraft ádeilu sinnar í þjóðsagnarfinn til nýlegra bókmennta sem deila á einangrun eylandsins á tímum tækni og samfélagsmiðla. Þrátt fyrir að listinn sé langt frá því að vera tæmandi birtir hann góðan þverskurð af tilbrigðum við ritun íslenskra ólandssagna frá upphafi til okkar tíma.

Þriðji og síðasti hluti ritgerðarinnar snýr svo að greiningu þriggja texta í ólandssögustíl frá þessari öld. Þar er um að ræða *LoveStar* (2002) eftir Andra Snæ Magnason, *Hrímland* (2014) eftir Alexander Dan og *Eyland* (2016) eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur. Bækurnar eru allar felldar að ólandssögulíkaninu sem kynnt er í 2. kafla auk þess sem leitast er við að greina helstu ádeilubræði hvers verks fyrir sig. Í öllum tilfellum verður fjallað um íslensk einkenni á verkunum og hvernig nýting þeirra á íslenskum minnum og menningu hefur áhrif á þá ádeilu sem sett er fram. Til að skýra dýnamíska virkni þessara frásagnareininga er meðal annars notast við blöndunarkenningu hugrænna fræða, sem tekur til þess hvernig blönduð frásögn sprettur í

krafti samverkandi þátta mismunandi efnis úr ólíkum ílagsrúmum. Kenningin byggir á því að í mannshuganum séu ákveðnar upplýsingar bundnar saman í svokölluð hugrúm (e. mental spaces), einskonar hugtakasamstæðum sem greiða fyrir skilningi og athöfnum í daglegu lífi. Þegar blöndun á sér stað renna ólíkar upplýsingar úr tveimur eða fleiri hugrúmum saman, svo úr verður blandað rúm nýrra upplýsinga (Bergljót S. Kristjánsdóttir, 2015, bls. 15). Að auki er litið sérstaklega til umhverfisboðskapar verkanna. Í kaflanum um *LoveStar* er áhersla lögð á mismunandi undirsögur frásagnarinnar og hvernig persónur bókarinnar skiptast á að vera gerendur og fórnarlömb í ólandssögunni, þar sem draumur eins verður að martröð þess næsta. Sérstaklega er dregin fram undirsaga náttúrunnar, sem er einn sterkasti þráður bókarinnar. Loks eru ýmis ádeiluatríði bókarinnar sett í samhengi við viðtökur og samfélagslegar aðstæður höfundar. *Hrímland* er í fyrstu greind á svipuðum nótum en einnig litið til virkni fantasíunnar. Skyldleiki bókarinnar við undirgreinar ólandssagnanna, sæberpönk og gufupönk er rakinn með það að markmiði að finna henni stað innan nýrrar undirgreinar sem nefnd er *seiðpönk*. Að lokinni almennri umfjöllun um *Eyland* er ádeila verksins greind með hliðsjón af þjóðernislegri orðræðu og áróðri sem og tengingum við samtímann. Þá verður sjónum beint að heterótópíum innan frásagnarinnar sem og tengslum bókarinnar við bókmenntir um eyjaeinangrun. Með þessu móti verður leitast við að svara rannsóknarspurningu ritgerðarinnar. Hver er staða ólandssagna fyrir fullorðna í íslenskri bókmenntahefð snemma á 21. öldinni og hvernig falla bækurnar *LoveStar*, *Hrímland* og *Eyland* að því formi?



## 2. Staðsetning staðleysanna. Söguleg og fræðileg yfirferð

### *Hugtök og heiti*

Dystópíur eru iðulega nefndar í sömu andrá og útópíur, sem náskyldar eru eutopíum, eða jákvæðum staðleysum, en þó er nokkur munur á. Einnig eru til andútópíur og heterótópíur, að ógleymdum vísindaskáldsögum. Hugtök og skilgreiningar í tengslum við þessar greinar eru mörg og margslungin og í raun ekki allir á eitt sáttir um notkun þeirra. Í inngangi bókarinnar *The Utopia Reader* (1999) birtist eftirfarandi listi.

<i>Útópía</i>	Samfélag sem ekki er til, lýst í smáatriðum og iðulega staðsett í tíma og rúmi.
<i>Eutopia eða jákvæð útópía</i>	Útópía sem höfundur ætlast til þess að samtímalesendur sjái sem mynd af mun betra samfélagi en því sem þeir búa í.
<i>Dystópía eða neikvæð útópía</i>	Útópía sem höfundur ætlast til þess að samtímalesendur sjái sem mynd af mun verra samfélagi en því sem þeir búa í.
<i>Útópíska satíran</i>	Útópía sem höfundur ætlast til þess að samtímalesendur sjái sem gagnrýni á það samfélag sem þeir búa í.
<i>And-útópían (e. anti-utopia)</i>	Útópía sem höfundur ætlast til þess að samtímalesandi sjái sem gagnrýni á útópíanisma eða einhverja ákveðna útópíu.
<i>Gagnrýna útópían (e. critical utopia)</i>	Útópía sem höfundur ætlast til þess að samtímalesandi sjái sem betri en samtímasamfélagið en með erfiðum vandamálum sem samfélag útópíunnar er ekki endilega fært um að leysa. Gagnrýna útópían tekur einnig gagnrýna afstöðu til útópíuhefðarinnar

(Clayes & Sargent, Introduction, 1999, bls. 1-2).<sup>4</sup>

Í þessari ritgerð verður hugtakalisti Clayes og Sargent hafður til hliðsjónar í umræðu um ólandssögur, með þeirri undantekningu að kalla dystópíur ólandssögur og útópíur staðleysur. Hið síðarnefnda er gert með hliðsjón af notkun orðsins í íslenskum umfjöllunum um fyrirbærið. Nokkrum fleiri íslenskuðum hugtökum verður beitt og er gerð grein fyrir þeim í töflu hér að neðan.

<sup>4</sup> Öll hugtökin í þessum kafla og skýringar á þeim eru fengin úr bók Clayes & Sargent, bls. 1-2. Íslenskun er mín.

<i>Staðleysa</i>	Ákveðin samfélagsgerð sem byggir á að „fella alla einstaklinga í sama kerfi og þeim sem raska stöðugleikanum er refsað“ (Guðni Elísson & Jón Ólafsson, 2002, bls. 3). Góðu staðleysurnar, bestar allra staða eru útópíur. Hér þarf þó að feta fína línu og stutt er yfir í slæmu staðleysuna, dystópíu, sem er ekki bara andstæða útópíunnar, heldur hin hlið hennar (sama:3).
<i>Ólandssaga/sögur</i>	Hugtakið dystopia hefur verið íslenskað með því að bæta kommu ofan á sérhljóða; <i>dystópía</i> . Einnig hafa verið notuð hugtök eins og <i>ill staðleysa</i> , <i>framítíðarhrollvekja</i> og <i>neikvæð útópía</i> . <sup>5</sup> Hér verður notast við hugtakið <i>ólandssaga</i> , með sérstakri skírskotun til <i>Ólandssögu</i> (1777) eftir Eirík Laxdal, sem fjallað verður betur um hér á eftir. Hjá Eiríki Laxdal merkir Óland „sagnfræði með mennsku yfirbragði þótt í frummynd sé, goðsögulegan heim sem gerður er að vitnisburði um sálarfar manna hér og nú (Þorsteinn Antonsson, 2006, bls. 19). Hér verður hugtakið látið ná yfir það sem á ensku nefnist dystopia.
<i>Heterótópía</i>	Hugtak sprottið frá Michel Foucault og á við raunverulegan stað, „afbrigði útópíu sem orðin er að áþreifanlegum veruleika og tákna, vefengir eða umbyltir hinum raunverulegum staðsetningum, öllum öðrum raunverulegum staðsetningum sem finna má innan menningarinnar“ (Foucault, 2002, bls. 135).
<i>Arkadía</i>	Ein undirgerða fyrirmyndarríkisins sem einkennist af því að íbúarnir lifa frumstæðu lífi í samræmi við náttúruna og það sem hún hefur uppá að bjóða (Sumarliði R. Ísleifsson, 2002, bls. 119).
<i>Sæberpönk</i>	Undirgrein vísindaskáldskapar sem gerist í framtíðarsamfélagi sem er að stórum hluta stjórnað af tölvum. Söguhetjur eru gjarnan undirmálsfólk og eiturlyfjaneytendur (Cyberpunk, 2018).
<i>Gufupönk</i>	Undirgrein vísindaskáldskapar og fantasíubókmennta þar sem finna má vélar og tækni sem tengjast gufuvélum. Gerist gjarnan í auðþekktu sögulegu umhverfi eða furðusöguheimi (Steampunk, 2018).

<sup>5</sup> Sjá t.d. greinina „Þrengt að voninni“ í fyrsta hefti *Ritsins* 2002 (Árni Bergmann, 2002)

<i>Seiðpönk</i>	Undirgrein furðusagna og vísindaskáldskapar sem sækir innblástur til þjóðsagna, galdra og annarra þjóðlegra furðuskepna.
-----------------	--


Ekki er unnt að skýra ólandssögu hugtakið án þess að segja frá sögulegri þróun þess. Eins og segir í inngangi springur bókmenntagreinin út á 20. öld. Líkt og Tom Moylan bendir á í inngangi bókar sinnar *Scraps of the Untainted Sky* (2000) skapaði þessi öld kúgunar, ofbeldis, stríða og fjöldamorða, vistvíga (e. ecocide) og afmennskunar neysluhyggju hversdagslífsins frjóan jarðveg fyrir þessa dökku hlið staðleysunnar góðu. Þetta hafa Moylan og fleiri kallað „ólensku tilhneiginguna“ (e. the dystopian turn) í bókmenntum sem vísar jafnframt til augnabliksins innan sögusviðsins þegar hlutirnir snúast til verri vegar (Moylan, 2000, bls. xi). Segja má að fræðasamfélagið hafi átt í einskonar hugtakakrísu þegar kom að því að skilgreina ólandssögur.<sup>6</sup> Ýmsir þráuðust við að tala um dystopíur og töluðu frekar um and-útópíur. Samkvæmt Moylan og fleirum er þó munur þar á sem aðallega felst í því að and-útópíur eru gagnrýni á ákveðnar útópíur. Þær hafa og lokaðan endi sem ekki felur í sér breytingavonina sem er einkennandi fyrir ólandssögur. John Huntington segir að meðan ólandssögur og góðar staðleysur gangi út á að skapa stöðugan heim, vilji and-útópían frekar sjá í gegnum heiminn og brjóta hann niður (Huntington, 1982, bls. 123). Lyman Tower Sargent hafnar hugmyndum ýmissa fræðimanna um að and-útópía og ólandssaga séu andstæður. Hann telur þá fyrrnefndu sækja til kristinnar hugmyndafræði um erfðasyndina, þar sem hið fallna mannkyn eigi ekki möguleika á að bæta aðstæður sínar. Ólandssagan varpi hins vegar ljósi á slæmu aðstæðurnar og hvetji til gagnrýnnar umræðu um þær og vekir fólk til umhugsunar um hvert stefnir og hvernig mögulegt sé að breyta ríkjandi ástandi (Sargent, 1994, bls. 22-24).

### *Byggingareiningar*

Ljóst liggur því fyrir að ekki er hlupið að því að skilgreina hvort tiltekin saga er ólandssaga eður ei. Nokkur byggingareinkenni eiga þær þó flestar sameiginleg sem fræðimenn í skilgreiningarvanda hafa gjarnan reitt sig á. Hér verða raktar helstu línur þar að lútandi, en þau hin sömu atriði verður stuðst við þegar kemur að því að fella þær íslensku bækur sem um verður fjallað að hefðinni. Sýn ólandssögunnar felst í því að geta sýnt fram á og gagnrýnt áhrif tilbúinna samfélaga á almenna borgara. Upphaf sögunnar sýnir samfélagslegan ókennileika, „annars

<sup>6</sup> Fyrir frekari umræðu og skoðanaskipti um þetta efni sjá t.d. 4. kafla í Moylan, 2000.

staðar“ (e. elsewhere), sem virðist mun verri en nokkuð sem lesendur þekkja í raunheimi. Þegar sagt hefur verið frá skipulagi samfélagsins er sjónarhornið þrengt niður á einstakling, sem áttar sig smátt og smátt á því hversu slæmar aðstæðurnar eru og gerir uppreisn. Í einhverjum tilfellum tekst viðfangi sögunnar að finna sér bandamenn sem leiðir til gagngerrar andstöðu við kerfið. Aðrar ólandssögur fara þó þannig að valdakerfið brýtur niður andstöðuna, þótt einstaklingurinn fái að eiga sinn hetjulega hápunkt. Þrátt fyrir að andspyrna sögunnar endi með tapi, getur hún blásið öðrum byltingaranda í brjóst. Oft stendur eftir lítill hópur fólks sem hefur áttað sig á aðstæðum og vonir standa til að geti með tímanum stækkað og staðið fyrir sterkari uppreisn. Þannig verður til ofurlítill sjónarrönd góðu staðleysunnar í hinum ólenska heimi undir lokin (Moylan, 2000, bls. xiii). Á líkaninu hér að neðan má sjá hvernig þessir þættir tengjast og leiða hver af öðrum við uppbyggingu hefðbundinnar ólandssögu. Téð líkan verður haft til hliðsjónar við greiningu þeirra skáldverka sem fjallað verður um í ritgerðinni.



Mynd 1. Byggingarlíkan ólandssagna.

Þrátt fyrir að þetta líkan nýtist ágætlega við að skilgreina söguþráð ólandssagna er ýmislegt annað sem hafa verður í huga. Prófessor Raffaella Baccolini setti fram hugtakið „greinabræðingur“ (e. genre blurring) til að lýsa því hvernig ólandssagan stendur á mörkum góðu staðleysunnar og and-útópíunnar. Hún telur ólandssöguna sækja til beggja þessara hefða en hallast meira í aðra hvora áttina eftir því hvort endirinn er bjartsýnn eða svartsýnn. Sérstaklega má sjá þessi einkenni á nýlegum ólandssögum níunda áratugarins (Baccolini, 2000, bls. 13-15). Baccolini tekur undir kenningar þess efnis að drifkraftur ólandssögunnar sé umfjöllun um eina ákveðna persónu sem setur sig upp á móti ríkjandi kerfi. Hin raunverulega

dýnamík sé þó fólgin í tveggja laga frásögninni sem skiptist í yfir- og undirfrásögn (e. narrative and counter narrative). Yfirfrásögnin er þá rödd ríkjandi samfélagsskipulags en undirfrásögnin er sagan af einstaklingnum sem brýst gegn því (Baccolini, 1995, bls. 293n). Innan sögunnar getur einnig átt sér stað svokallaður ólenskur viðsnúningur, þar sem persóna fer frá þeirri trú að ástandið sé gott og yfir í að átta sig á því hversu slæmt það er. Saga hennar hættir þá að vera yfirsaga og verður að undirsögu (Moylan, 2000, bls. 172). Frásagnarhættirnir tveir byggja á félagslegri (e. social) og andfélagslegri (e. anti social) notkun á tungumálinu (Baccolini, 1995, bls. 293n).

Moylan bendir á að söguhetjur undirfrásagna ólandssagna tali oft einhverskonar jaðartungu, meðan tungumál samfélagsins sé annað. Sem dæmi nefnir hann (og sækir þar til Baccolini) nýtunguna í 1984 og endurskrifun mannkynssögunnar í *Sögu þernunnar* (Moylan, 2000, bls. 149). Undirmálshetjan er oftast en ekki útilokuð frá tungumálinu og þegar hún fær tækifæri til að beita því er það merkingarlaust áróðurstól (Baccolini, 1995, bls. 295). Fórnlömb ólenskunnar eru því samdauna ástandinu og þekkja jafnvel ekkert annað. Ef þau hins vegar endurheimta tungumálið verður til möguleiki á gagnrýninni hugsun auk þess sem minnið byggir á tungumálinu. Þetta samspil minnis og tungumáls skiptir máli til að sögupersónur geti áttað sig á því ástandi sem ríkti í samfélaginu fyrir ólenska viðsnúninginn. Valdakerfið lítur á minnið sem nostalgískt og tengir það við gömlu gullöldina. Innan ólandsins er hins vegar litið á það sem bælda hugmynd sem felur í sér von (Moylan, 2000, bls. 150). Darko Suvin telur þessa endurheimt tungumálsins og nýsköpun í texta vera drifkraft ólandssögunnar (Suvin, 1988, bls. 77).

Texti ólandssögunnar sýnir samfélag sem skírskotar til sögusamtíma höfundar, en er að miklu leyti verri staður. Sjónarhornið er bundið við óánægða persónu en getur líka sagt frá ákveðnum hópi fólks eða þjóðfélagsstétt sem lesanda er ætlað að sjá sem betri kost en stóra samfélagið (Moylan, 2000, bls. 155). Suvin telur að sagnfræðileg nýsköpun ólandssögunnar felist í því að hafna endi sem byggir á endurskilgreiningu goðsögunnar. Þess í stað taki hún þroskaða afstöðu byggða á heilbrigðri neikvæðni, sem opni fyrir ýmsa möguleika í stöðunni (Suvin, 1988, bls. 77-78). Mikilvægt er að gera greinarmun á opnum ólenskum endi sem byggir á hæfilegri svartsýni og lokuðum endi sem hneygist til vonleysis and-útópiunnar. Sá fyrnefndi skilur eftir von um breytta tíma en í þeim seinni er lokað á alla slíka möguleika. Hlutverk lesanda og gagnrýnenda er þó mikilvægt, þar sem afstaða þeirra til söguumhverfisins getur verið önnur en höfundarættanin gefur til kynna (Moylan, 2000, bls. 155).

Á áttunda áratugnum leituðu ólandssögur æ meir í farveg vísindaskáldsagna. Síðarnefndu greininni óx fiskur um hrygg samhliða örri tækniþróun. Á árunum eftir seinni heimsstyrjöldina vék bjartsýni tækninnar fyrir heimsslitahugmyndum og svartsýni (Kumar, 1987, bls. 403). Þessi einkenni á bókmenntagreininni hafa verið nefnd „hinar nýju heljarslóðir“ eftir áhrifamiklu verki Kingsley Amis *The New Maps of Hell* (1960). Þetta olli því að vísindaskáldsögur hættu að vera einföld ævintýri og urðu að huglægum gagnrýnibókmenntum (Moylan, 2000, bls. 169). Opinn endir ólandssögunnar fer þá að snúast um að virkja gagnrýna hugsun lesandans og fá hann til að átta sig á því að þó ástandið sé slæmt megi sem best grípa til aðgerða. Úr þessum frjóa jarðvegi sprettur gagnrýna ólandssagan sem kennd er við níunda og tíunda áratuginn og verður aðalumfjöllunarefni þessarar ritgerðar.

Snemma á níunda áratugnum var vöxtur kapítalismans við það að ná hámarki. Þrátt fyrir að stjórnámálamenn settu fram hugmyndir sem ýmsir myndu segja vera í ætt við góðu staðleysuna lá ljóst fyrir að hvorki mannkynið né umhverfið högnuðust á öllu saman. Hægri öflunum óx ásmegin undir formerkjum sýndarútópíunnar og hins frjálsa markaðar (Moylan, 2000, bls. 183-184). Þetta kallaði á endurvinnslu ólandssögunnar í takt við efnahagslegar, pólitískar og samfélagslegar aðstæður nýrra tíma. Femínísk undiralda varð leiðandi í ólandssögum sjötta og sjöunda áratugarins með höfunda eins og Margaret Atwood, Sheri Tepper o.fl. í fararbroddi. Jenny Wolmark hefur greint í textum þeirra „flókna blöndun eiginleika góðu staðleysunnar og ólandssögunnar, þar sem ótti og angist nýrra og brotakenndra samfélags- og kynferðislegra hópa í auðvaldssinnuðu síð-iðnsamfélagi eru sett fram á gagnrýninn hátt“ (Wolmark, 1994, bls. 91).<sup>7</sup>

Þessi nýi farvegur ólandssögunnar hefur verið nefndur gagnrýna ólandssagan (e. critical utopia). Ýmsir fræðimenn hafa orðið til þess að benda á að heimfæra megi femínískan tón bókmennta þessara tíma yfir á orðræðu og umfjöllun um jaðar- og samfélagshópa sem séu að einhverju leyti undirskipaðir í nútímasamfélagi.<sup>8</sup> Hér er lögð sérstök áhersla á að skírskota til raunverulegs samfélags lesenda og höfundarættanin er iðulega sú að vekja þá til umhugsunar um hvað í þeirra raunheimum eigi sér hliðstæðu við heim ólandssögunnar. Raffaella Baccolini telur hugmyndina vera að afbyggja hefðina og endurvekja valkostina (Baccolini, 2000, bls. 13). Hún bendir á að með því að hafna lokuðum endi and-útópíunnar, þar sem einstaklingurinn er

---

<sup>7</sup> Þýðing mín: „a complex mixture of utopian and dystopian elements, as they critically voice the fears and anxieties of a range of new and fragmented social and sexual constituencies and identities in post-industrial societies“.

<sup>8</sup> Sjá meðal annars Moylan, 2000, bls. 188-90.

áfram kúgaður, opni gagnrýna ólandssagan pláss fyrir andóf og rökræður (Sama:18). Undir lok ólandssögunnar standi jaðarsettir minnihlutahópar ekki bara uppi sem sigurvegarar, heldur vekir þeir í brjósti lesandans von um að þeir ætli sér að skapa nýtt og betra samfélag sem ekki sé mótað af gildum auðvalds og einstaklingshyggju (Moylan, 2000, bls. 189).

Í ofangreindri frásagnarbyggingu er að finna blöndun góðrar staðleysisu og ólandssögu á þeim forsendum sem Baccolini kallar greinabræðing. Í stað þess að lýsa einvörðungu hræðilegum ólenskum stað má í frásögninni einnig finna heterótópískt smásamfélag sem að lokum snýr á ólandshefðina. Ildney Cavalcanti segir frásögnina tengjast bókmenntahefðinni en ræðir einnig um virkni heterótópiunnar innan textans. Hún segir formið skilgreinast af ólandssögunni og frásögnin sem slík sé í grundvallaratriðum af þeim meiði. Hugmyndafræðilega sækir gagnrýna ólandssagan þó meira til góðu staðleysisunnar því þaðan sprettur tjáning þrjárinnar (Cavalcanti, 1999, bls. 3). Cavalcanti kallar þetta „vonarvélina“ (e. desire machine) (Sama:165). Með henni er ætlunin að benda ekki einvörðungu á það sem betur mætti fara heldur setja fram hugmyndir til úrbóta (Moylan, 2000, bls. 194).

Gagnrýnar góðar staðleysisur sjötta og sjöunda áratugarins ruddu brautina fyrir nýrri gerð ólandssagna á áttunda og níunda áratugnum. Lögð var meiri áhersla á úrlausnir og von en bölsýni. Eðlilega falla ekki öll verk fullkomlega að þeirri formúlu og á töflu Tom Moylan má sjá framvindu ólandssagnaskrifa á síðustu 30-40 árum.

<i>Sögulegar þverstæður</i>	
<b>Góð staðleysis</b> (söguleg) (nýsköpun (e. novum))	<b>And-útópía</b> (alhliða) (sýndar nýsköpun)
<i>Bókmenntaform</i>	
<b>góð staðleysis / staðleysis</b> (róttæk von)	<b>and-útópía</b> (tortryggin örvænting)
<b>Ólandssaga</b> (herská svartsýni) (epísk, opin)	<b>sýndar-ólandssaga</b> (samþykkjandi svartsýni) (goðsöguleg, lokuð)
<b>gagnrýnin ólandssaga</b>	<b>and-ólandssaga</b>

Mynd 2 Sjá Moylan, 2000, bls. 195

Finna má flestum ólandssögum síðari ára stað á þessum ásum, þar sem taka verður tillit til mismunandi einkenna þeirra. Blöndun stíleinkenna verður sífelld meiri sem og blöndun bókmenntagreina. Ólandssögur þessa tímabils sækja um margt til þeirra greina sem fyrstar

gerðu atlögu að þeim efnahagslegu og pólitísku breytingum sem voru að eiga sér stað, femínískum vísindaskáldskap og nýrri bylgju sæberpönks (e. cyberpunk) (Moylan, 2000, bls. 196). Gagnrýna ólandssagan hefur þó tekið þá afstöðu að vera minna í ætt við góðu staðleysuna en femínískar frásagnir og minna and-útópísk en sæberpönkið (Sama:198). Moylan lýsir millivegi þeirra á eftirfarandi hátt:

Hin epíska sýn gagnrýnu ólandssögunar á upphaf byltinga, opin sögulok sem vísa út fyrir söguheim bókarinnar og til frekari átaka, og raunhæfar vonir um hina góðu staðleysu sem birtast í smáatriðum söguheimsins, gerir það að verkum að gagnrýnu ólandssögunni lýkur ekki með upphafi góðu staðleysunnar eða sigri and-útópiunnar. Þrátt fyrir þrjóskulega almenna bjartsýni og sýn góðu staðleysunnar reynist henni erfitt að stíga skrefið í átt til betri heims. Þess í stað dvelur hún við hörmungar nútímans samhliða því að setja fram hugmyndir um hvað þurfi til að breyta ástandinu (Moylan, 2000, bls. 199).<sup>9</sup>

Í ljósi ofangreindrar þróunar verður saga íslenskra ólandssagna greind í næsta kafla.

## 2.1 Sögulegt yfirlit íslensku ólandssögunnar

Varla er hægt að tala um ris íslensku ólandssögunnar fyrr en seint á 20. öld. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum helstu verkum sem telja má til greinarinnar hér á landi, auk þess sem nefndir verða nokkrir áhrifavaldar sem gætu hafa átt þátt í að móta hefðina. Ekkert við listann er tæmandi, þar sem umfjöllun um íslenskar bókmenntir út frá ólandssögugreininni hefur lengst af verið mjög lítil. Því til stuðnings mætti nefna að orðið „dystopía“ finnst ekki á timarit.is fyrr en árið 1996 og skilar sú leit einungis tveimur niðurstöðum. Báðar birtast þær í gagnrýni um um erlendar kvikmyndir, sú fyrri, frá 1996 segir frá myndinni *Strange Days* en sú seinni frá 1999 lýtur að *Stjörnustríðsmyndunum*.<sup>10</sup> Orðið vísindaskáldsaga er heldur algengara, en leit að því í sama gagnagrunni skilar sjö niðurstöðum á árabílinu 1970-79. Í greininni „Spádómar og vísindaskáldsaga“ sem birtist í *Þjóðviljanum* 29. júní 1972 segir meðal annars:

Heimsendir er orðinn fastur þáttur í umræðu dagsins, og tengist nú fyrst og fremst við ískeyggilegar upplýsingar um mengun umhverfis og sóun á auðlindum jarðar. Og sem fyrr reyna bjartsýnismenn að benda á úrræði, setja traust á möguleika mannsins til að koma skipi sínu framhjá verstu hættunum – en þeir eiga að ýmsu leyti erfiðara

---

<sup>9</sup> Frumtexti: With their epical scope of nascent political challenges to ruling systems, open endings that look beyond the last page to other rounds of contestation, and realistically utopian possibilities lurking in the iconic details of their alternative worlds, the critical dystopias do not simply come down to the side of an unproblematized Utopia or a resigned and triumphant Anti-Utopia. Albeit generally, and stubbornly, utopian, they do not go easily toward that better world. Rather, they linger in the terrors of the present even as they exemplify what is needed to transform it (Moylan, 2000, bls. 199).

<sup>10</sup> Sjá; (P.J., 1996, bls. 25) og (Björn Ægir Norðfjörð, 1999, bls. 74).



uppráttar en oft áður vegna þess mikla magns af skuggalegum upplýsingum sem safnað hefur verið (Án höfundar, Spádómar og vísindaskáldsaga, 1972, bls. 5).

Tilvitnunin hér að ofan minnir óneitanlega á gagnrýnu ólandssöguna. Hér er þó ekki verið að fjalla um íslenska bók heldur bók Olaf Stapledon *Hinir fyrstu og hinir síðustu* (1939). Raunar er hugtakanotkunin þegar kemur að íslenskum bókmenntum nokkuð á reiki og eru bækur sem vel geta talist til ólandssagna oftsinnis nefndar vísindaskáldsögur, þó þar sé lítið um vísindi. Enn algengara er að þær séu einfaldlega kallaðar ástar- eða spennusögur og reynt að gera lítið úr „óraunsæislegum“ þáttum þeirra. Íslensk bókmenntahefð er heilt á lítið afar rík af raunsæisbókmenntum, en þó má finna fantasíska forvera, sem hjálpað hafa til við að móta ólandssagnahefðina. Hér á eftir verður fjallað um nokkur verk sem talist geta ólandssögur eða ólenskir áar. Lítið verður til viðtaka og ritdóma fremur en fræðilegrar umfjöllunar til að staðsetja þær í samtíðaranda sem og innan hefðarinnar.

### *Fyrri bylgja*

Íslenskar ólandssögur eru ekki auðfundnar á fyrri hluta tuttugustu aldar. Nokkur verk skera sig þó úr sem fallið geta að hefðinni. Hvorki er þó hægt að kalla þau lykilverk né beina áhrifavalda sökum þess að bókmenntasagan hefur annað hvort afskrifað þau sem gleymd og ómerk ellegar nálgast þau frá öðru sjónarhorni en ólensku. Eitt þessara verka er *Ferðin til stjarnanna* (1959) eftir Inga Vítalín, sem raunar var skáldanafn Kristmanns Guðmundssonar. Það segir sína sögu um viðtökur Íslendinga við bókmenntum af þessu tagi, að Kristmann hafi í fyrstu ekki viljað koma fram undir nafni. Í bókinni segir frá framhaldsskólakennara sem gengur á Esjuna. Þar hittir hann fyrir geimverur frá stjörnunni Laí og ferðast með þeim um geiminn. Hann kemst að því að alheimssamfélaginu stafar ógn af samfélagi manna á jörðinni sem meðal annars myrði og leggi sér til munns aðrar lífverur, auk þess að vera kjarnorkuvætt og vígbúið. Ingi snýr til baka með það að markmiði að snúa mannkyninu á rétta braut (Ingi Vítalín (Kristmann Guðmundsson), 2012).<sup>11</sup>

*Ferðin til stjarnanna* hefur verið kölluð fyrsta íslenska vísindaskáldsagan og var auglýst sem slík í dagblöðum þegar hún kom út. Í formála að nýrri útgáfu á bókinni 2012 rekur Ármann Jakobsson þó nokkra undanfara Kristmanns í þessum efnunum. Fyrst ber að nefna að Ísland var hluti af vísindaskáldsagnaheiminum áður en hefðin ruddi sér til rúms hérlendis, en *Leynardómar Snæfellsjökuls* (1864) eftir Jules Verne gerist að hluta til hérlendis. Sú bók kom út á Íslandi árið 1906 en auk þess kom *Tímavél* (1895) H.G. Wells út í tímaritinu *Eimreiðinni* á

---

<sup>11</sup> Sjá samantekt á söguþræði í formála Ármanns Jakobssonar í sama riti, bls. 11.

árunum 1922-1924. Nokkrar framtíðarsmásögur eftir Íslendinga komu út á árunum 1900-1942. Sem dæmi má nefna söguna *Jólaforin árið 2000* (1900) sem Kristján Ásgeir Benediktsson birti undir dulnefninu Snær Snæland, stuttu skáldsögunar *Frá öðrum hnetti* (1935) eftir Þorstein Stefánsson og *Norðanveðrið* (1940) eftir Ólaf við Faxen, auk framtíðarhrollvekjunnar *Svartir dagar: Frásögn af Innsta ráðinu* (1942) eftir Sigurð Heiðdal, sem Ármann vill raunar meina að kalla mætti fyrstu vísindaskáldsöguna í fullri lengd (Ármann Jakobsson, 2012, bls. 10). Ármann bendir á að þegar bók Kristmanns kemur út hafi umræðan um geimferðir verið í háumæli, enda nýbúið að senda tíkina Laiku út í geiminn. Þá hafi persóna höfundarins sem þekkt rithöfundar aukið á athygli og vinsældir bókarinnar. Kristmann hafði og mikinn áhuga á vísindaskáldsögum og var sagður víðlesinn í þeim efnum. Því markaði *Ferðin til stjarnanna* mikilsverð spor í bókmenntasöguna þar sem hún var fyrsta bók í þessum anda sem vakti verulega athygli (Ármann Jakobsson, 2012, bls. 11-12). Sporgöngumennirnir létu hins vegar ekki sjá sig svo áratugum skipti.

Hér að ofan var vísað til skrifa Jenny Wolmark um femíníska undiröldu ólandssagna á sjötta og sjöunda áratugnum. Á þessum tíma koma út þrjár íslenskar ólandssögur eftir konur svo ljóst er að þær voru tilbúnari en karlar til að takast á við þetta nýja form. *Snaran* (1968) eftir Jakobínu Sigurðardóttur og *Leigjandinn* (1969) eftir Svövu Jakobsdóttur vöktu hvor um sig nokkra athygli og hefur verið fjallað um þær á ýmsum vettvangi. Báðar hafa sterkan ádeilutón en í þeim birtist einnig mynd af slæmum örsamfélögum í ólenskum anda. Í báðum bókunum er fólgin hatrömm ádeila á hernámið og þau áhrif sem það hefur haft á Ísland og Íslendinga. Sú vísun í samtíma lesenda og sögu fellur vel að formi ólandssögunnar. Þannig mætti greina skyldleika þeirra við and-útópúr, þar sem þær deila á herasetuna sem ekki allir litu svo neikvæðum augum. Annar rauður þráður er afstaða söguhöfunda til auðvalds og peninga, sem hlýtur að minna á ólandssögur í rísandi hagkerfi síðari hluta tuttugustu aldarinnar. Einnig er rætt um stöðu kvenna, þó þeirrar umræðu gæti ef til vill sterkar í öðrum verkum Jakobínu og Svövu, sem ekki verður rakið hér.

*Snaran* er framtíðarskáldsaga um hræðilegan heim, firrt samfélag sem stjórnast lætur af erlendum peningaöflum. Íslendingar eru undirmálsþjóð í eigin landi, þeir vinna erfiðisvinnu undir stjórn Þjóðverja, sem aftur eru undir stjórn Ameríkana. Ekkert rúm er fyrir sjálfstæða hugsun, nema þá í hálfum hljóðum. Aðalpersónan er föst í snörunni sem herðist þegar brotist er um og á í raun engra kosta vól (Jakobína Sigurðardóttir, 1968). Í umfjöllun sinni „Snaran – tímalaus snilld“ segir Ásta Kristín Benediksdóttir gagnrýni *Snörunnar* felast fyrst og fremst í ádeilu á hinn almenna borgara sem láti sig ekki málin varða (Ásta Kristín Benediksdóttir,

2009). Eitt helsta einkenni gagnrýnna ólandssagna er einmitt að vekja lesendur til umhugsunar. Þórarinn Guðmundsson segir í ritdómi *Snöruna* vera „sögu um niðurlægingu, ekki eins manns einvörðungu, heldur heillar þjóðar [...] Og ef betur er að gáð er hún líka niðurlægingarsaga allra þeirra sem ganga á mála hjá peningavaldinu, hvar sem er og hvenær sem er“ (Þórarinn Guðmundsson, 1969, bls. 76). Hann telur þó niðurstöðu bókarinnar vera jákvæða, þar sem hún velti upp spurningum og álitamálum og fái lesendur til að samsama sig sögumanni og spyrja; hvað hefði ég gert í sömu sporum? (Sama: 76). Þannig má segja að endir *Snörunnar* sé opinn og bjóði upp á von fyrir komandi kynslóðir.

Við svipaðan tón kveður í *Leigjandanum* sem löngum hefur verið lesin sem ein stór myndlíking fyrir áhrif og veru bandaríska hersins hér á landi. Í raun má segja að söguviðið sé ekki heterótópía heldur heterólandssaga, þar sem hún hverfist um örsmátt samfélag og nær vart út fyrir veggi heimilisins. Leigjandinn flytur inn í líf og húsnaði ungu hjónanna, hann reiðir fram peninga sem hjálpar þeim til að ljúka húsbyggingunni og flytur að lokum með þeim í nýja húsið. Konan hefur nokkrar efasemdir um ágæti þeirrar tilhögunar, en eiginmaðurinn reiðir sig sífellt meira á leigjandann svo í sögulok enda þeir sem einn samvaxinn maður með átta útlími. Í sögulok knýr dyra einhverskonar umrenningur, sem konan lýkur upp fyrir en þá er handleggur hennar steinrunninn (Svava Jakobsdóttir, 1969). Í sögunni má finna óraunveruleika og absúrdeinkenni en eins og Vésteinn Ólason hefur bent á felst aðgengileiki hennar í frásagnartækni höfundar. Svava leiðir lesendur sína skref fyrir skref inn í heim ólandsins sem gerir það að verkum að þeir eiga auðveldara með að samþykkja söguheiminn þegar raunsæinu sleppir (Vésteinn Ólason, 2007-9, bls. 96). Líkt og í *Snörunni* leiðir þetta til nýrrar hugsunar og frjórna hugmynda.

Greinin „Undir verndarvæng“ sem Njörður P. Njarðvík ritaði árið 1971 hafði mikil áhrif á túlkun *Leigjandans*. Þar setur hann fram það sem síðar urðu viðteknar hugmyndir um lestur bókarinnar sem ádeilu á hernámið og táknsögu um hersetuna hér á landi (Njörður P. Njarðvík, 1971). Sá lestur rímar beint við sögusamtímann þar sem hersetan sem og kaldastríðs ógnin voru yfirvofandi. Pétur Már Ólafsson hefur lesið söguna með formerkjum vænisýki og ofsóknaræðis. Þar sýnir hann fram á hvernig hjónin í sögunni óttast stöðugt að með þeim sé fylgst og að ógn steðji að. „Allt heimilislífið er í skugga paranojunnar, það sem gildir er að vantroysta reynslu sinni og vera ætíð viðbúinn blekkingu. Umhverfið er fjandsamlegt og situr um að finna snöggan blett á manni. Engu er að treysta“ (Pétur Már Ólafsson, 1995, bls. 110). Þessi lýsing Péturs kallast í raun á við undirmálshetjur ólandssagna sem átta sig á fjandsamlegu umhverfi sínu.

Munurinn er sá að sögupersónur *Leigjandans* fá ef til vill aldrei tækifæri til þess að gera uppreisn gegn ástandinu.

Þriðja bók kvenhöfunda frá þessum tíma, *Konurnar pukruðu og hvísluðust á* (1971) eftir Ingibjörgu Jónsdóttur hefur litla umfjöllun fengið og sannarlega ekki sem ólandssaga. Undirtitill hennar er raunar ástarsaga og siglir hún, eins og svo margar ólandssögur, undir fölsku flaggi (Ingibjörg Jónsdóttir, 1971). Ingibjörg skrifaði nokkuð af ástarsögum en var ef til vill þekktust fyrir að þýða bækur Margit Sandemo. Mary Elizabeth Theis hefur velt upp þeirri spurningu hvers vegna konur fari svo seint að skrifa ólandssögur, en aðkoma þeirra að hefðinni verður ekki veruleg fyrr en undir lok nítjándu aldar. Theis kemst að þeirri niðurstöðu að konur hafi fundið þeim áhyggjum og ádeilu sem á þeim brann farveg í annarskonar bókmenntum, ástarsögum, barnabókum og skáldsögum nýju konunnar (e. *The New Womans novel*) (Theis, 2009, bls. 3).

Bók Ingibjargar er nánast hreinræktuð ólandssaga þar sem segir af því hvernig Reykjavík verður fyrir kjarnorkusprengju. Borgvæðing tuttugustu aldar sem gjarnan eru gerð skil í íslenskum bókmenntum snýst við og borgarbúar streyma út á land til þess að vinna fyrir mat sínum. Sunnlendingar verða að plágu fyrir norðan, þeir búa í tjaldbúðum og draga fram lífið á nábjörgum. Yfir vofir óttinn við afleiðingar sprengjunnar, sjúkdóma, náttúruvá og vansköpuð börn. Sagan fylgir tveimur pörum sem eiga í flóknum ástarþríhyrningi, en lausung þeirra er eitt af upphafstáknum ógnarinnar sem seinna dynur á. Fólkið er óhamingjusamt og kalt og ástin sem sagan kennir sig við virðist í besta falli holdleg, ef nokkur. Aftur á móti er í bókinni að finna hatramma ádeilu á kjarnorkustríð og afleiðingar slíkrar ógnar. Samfélagið sem birtist í bókinni er sundrað og jaðrar við stjórnleysi hungurs og örvæntingar. Sögunni lýkur með blöndu vonar og vonleysis, þar sem hjónin sem gift voru í upphafi eiga góða von um að sameinast á ný auk þess sem hugmyndir eru uppi um að endurreisa samfélagið. Bókin vekur upp sterkar spurningar um samlíðan manna og samhjálp, sem og stöðu þeirra í heimi á fallanda fæti.

Íslenskar ólandssögur frá þessum tíma bera merki mikillar herstöðvaandstöðu í bland við sterka þjóðerniskennd og ættjarðarást. Deilt er á sölu landsins og utanaðkomandi áhrif frá erlendum gestum. *Íslandsvísa* (1967) eftir Ingimar Erlend Sigurðsson er ein beinskeyttasta ádeilubókin frá þessum tíma, en þar er Íslendingum gert að yfirgefa landið til að rýma það fyrir erlendum her (Ingimar Erlendur Sigurðsson, 1967). Höfundur dregur upp mynd af þjóð sem hefur verið gert að bæla séreinkenni sín og er neydd til að breyta eftir geðþótta hernaðarbandalags heimsins. Samfélagið einkennist af pólitískum deilum og mikill hluti textans

kemur úr áróðursbæklingum sem dreift er eða úr fjölmiðlum bókarinnar. Sögusamúðin liggur óskipt hjá þeim Íslendingum sem berjast vilja gegn hernum og áhrifum útlendinganna á land og þjóð. Gamli kennarinn sem fer með ættjarðarljóð sem hafa verið bönnuð, afinn sem frekar vill fótbrotna og deyja til að liggja í íslenskri mold en að yfirgefa landið og ungu elskendurnir Jónas og Þóra sem heillast af ljóðum þjóðskáldanna og elska hvort annað jafn heitt og landið eru þær persónur sem lesendur finna hvað sterkast til með.<sup>12</sup> Þá eru ótaldir foreldrar þeirra, miðkynslóðin sem hefur lifibrauð sitt af hernum og stendur varnarlaus frammi fyrir ákvörðunum hans með börnin og gamalmennin á sinni ábyrgð. Vonleysi þeirra endurspeglar doðaviðhorf og valdaleysi almennings gagnvart hernaðarglöðum stjórnvöldum. Það er því ekki að undra að Einar Olgeirsson hafi í ritdómi í *Rétti* greint bókina sem gagnrýna ólandssögu, án þess þó að nota þau orð beinlínis. „*Íslandsvísa* Ingimars Erlends – er viðvörðun – vondur draumur – skráður á „ástkæra ilhýra“ málinu. En: Það er á okkar valdi að láta hann ekki rætast“ (Einar Olgeirsson, 1967, bls. 178). Við bókarlok má þó greina sjónarrönd góðrar staðleysis þegar í ljós kemur að ungir íslenskir elskendur hafa flúið til fjalla og orðið eftir sem síðustu fulltrúar þjóðarinnar sem yfirgaf landið. Þannig er fræjum framtíðarinnar sáð.

### *Hálfleikur*

Sterk raunsæistilhneiging íslensks skáldskapar er raunar áhugaverð hjá þjóð sem alin er upp við munnmælasögur og ævintýri með göldrum og furðuverum, auk Íslendingasagna og Fornaldarsagna Norðurlanda, sem oft fela í sér ýmiskonar yfirnáttúru. Í því samhengi er áhugavert að líta til *Ólandssögu* (1777) Eiríks Laxdal. Sagan lá í handriti uns hún var búin til útgáfu árið 2006, sem freistandi er að lesa saman við öran vöxt ólandssagna á þeim árum. Sagan gerist á víkingatímanum og sögusviðið er Óland, einhverskonar skuggamynd af Evrópu. Vegna þjóðsagnabragis á efni hennar var hún oft talin til þjóðsagnasafna, en þegar betur er að gáð kemur í ljós að um skáldsögu er að ræða. Telst þá *Ólandssaga* án efa vera fyrst sinnar tegundar á Íslandi og ef til vill í Evrópu allri. „Segja má um *Ólandssögu* að hún taki til alls sem mannlíf áhrærir, ástar og trúar, álaga og frelsis, útleigðar einstaklinga sem stjórnsýslu þjóðríkja, galdra forneskjunnar sem vísinda í anda upplýsingartímans“, segir í formála að útgáfunni (Þorsteinn

---

<sup>12</sup> Í þeim Jónasi og Þóru er augljós vísun í Jónas Hallgrímsson. Skáldið er raunar miðlægt þema í sambandi unglínganna sem dá kveðskap hans og setja sig jafnvel í spor elskendanna úr „Ferðalokum“ þegar Jónas greiðir hár Þóru úti í náttúrunni. Persónur þessar eiga sér einnig hliðstæðu í Indriða og Sigríði, aðalpersónum *LoveStar* sem eru ungir elskendur innblásnir af þjóðskáldunum, sem í bókarlok flýja byggð ból ólandsins eins og útilegumenn á borð við Fjalla-Eyvind og Höllu.

Antonsson, 2006, bls. 7). „Grundvallarhugmynd *Ólandssögu* er tilvísun á framfarir sem kemur upp á yfirborðið í lok hinnar varðveittu sögu og má kalla tímanna tákn. Líklega er hugmyndin um samfélagsþróun, svo sjálfsögð sem hún er á okkar dögum, einhver sú mikilvægasta sem upp hefur komið manna á meðal allt frá fyrstu tíð“ (Sama:10).

Þó ýmsum efnisþáttum *Ólandssögu* sviði til sagnaminna ævintýra er í henni að finna undirtón sem minnir á ólandssögur 20. aldarinnar. Eins og segir í formála fjallar hún um „kyrrstöðumynd hinnar fornu heimssýnar“ (Þorsteinn Antonsson, 2006, bls. 22) sem er raskað vegna innrásar álfa, trölla og annarra „kynjavera utan af menningarjaðrinum“ (sama:22). Þorsteinn dregur í formála sínum upp áhugaverða mynd af hvernig ófriði og framþróun er stillt upp sem andstæðu friðar og stöðunar (sama:22). Hann segir *Ólandssögu* sjálfa vera álitna aðalsögu sem innihaldi undirsögur sem þjóni henni (sama:19). Þetta minnir óneitanlega á undir og yfir frásagnir Baccolini sem fjallað var um hér að framan. Jaðarhóparnir sem ógna tilbúna samfélaginu sýna þá fram á hversu slæmt hið tilbúna samfélag skáldsögunnar er. Þorsteinn bendir á að hvernig samfélag manna áttar sig á því að „illræðisöfl verða helst hamin með fjarstæðurökum – ekki með hlekkjum á vanabundna vísu – heldur fjötri fléttuðum úr hráka fugls, dyni kattar, skeggi konu. Nútímaafþreyingu ef út í það er farið“ (sama:23). Þannig er boðskapur *Ólandssögu* afar nútímalegur miðað við aldur, og kallast einnig á við boðskap gagnrýnna ólandssagna síðari tíma. Átök sögunnar eru mikil, en endir hennar er raunar á Biblíulegum nótum. Núi nokkur, að því er virðist vís maður, hefur lifað af syndaflóð sem Óðinn sagði fyrir um, og gengur á land ásamt konu sinni og sonum og konum þeirra. „Síðan spruttu af þeim stórar ættir, sem byggðu heiminn“ (Eiríkur Laxdal, 2006, bls. 532). Svona endar hið varðveitta handrit *Ólandssögu* sem út kemur 2006. Talið er að handrit sem innihélt sögulokin sé nú glatað en sé notast við þennan varðveitta endi má þó glögglega sjá samsvörun við opinn endi ólandssögunnar, sem felur í sér upprisu úr brotinni heimsmynd og von fyrir þá sem þar búa.

### *Seinni bylgja*

Eins og sagt er frá hér að framan verður til ný bylgja ólandssagna á síðustu áratugum tuttugustu aldar. Sambærilegar hræringar má sjá í íslenskum bókmenntum þó ekki sé hægt að tala um eiginlega sprengingu fyrr en eftir aldamótin 2000. Líkt og Moylan bendir á í sjötta kafla *Scraps of the Untainted Sky* er borgvæðing oft afskaplega sterkt einkenni á ólandssögum þessa tímabils. Hér á Íslandi er ef til vill ekki hægt að tala um stórborgarvæðingu á heimsmælikvarða, en

andstæður sveitar og borgar verða ef til vill enn sterkari í ljósi þess að borgin er bara ein. Úr verður því dýnamískt tvenndarpar sem auðvelt er að stilla upp sem svörtu og hvítu. Slík átök eiga sér nokkra hefð innan íslenskra bókmennta. Raunar má segja að öll tuttugasta öldin einkennist af ákveðinni togstreitu gagnvart því að fólk kaus í auknum mæli að yfirgefa sveitirnar og flytjast til Reykjavíkur. Í bókmenntum eftirstríðsáranna má því oft sjá átök kynslóðanna, þar sem eldra fólkið í sveitinni skilur ekki unga fólkið á mölinni. Borgin er gjarnan máluð sem firrt og grámóskuleg meðan sveitin birtist lesendum í upphöfnu ljósi (Dagný Kristjánsdóttir, 2006, bls. 520). Líklega eimir eftir af þessari hefð í þeim ólandssögum íslenskum sem koma út um þúsaldarmótin og kalla mætti borgarsögur. Allar deila þessar bækur á einn eða annan hátt á Reykjavík sem borg auk kapítalisma, einstaklingshyggju og firringu. Í sögulegu samhengi liggur nokkuð beint við að lesa þær sem forleik eða eftirþanka efnahagshrunsins og þeirrar frjálshyggju sem leiddi til þess. Einnig má sjá sterka þræði einangrunarótta eyjasamfélagsins, þar sem náttúruhamfarir, landflótti eða eitthvað þaðan af verra verður til þess að Ísland einangrast og því er kippt aftur um einhver þróunarstig.

Elsta bókin sem hér verður nefnd er *Borg* (1993) eftir Rögnu Sigurðardóttur. „Borgin [...] á ekki margt sameiginlegt með smáborginni Reykjavík ef frá er talin landfræðileg lega þeirra beggja“ (Ingi Björn Guðnason, 2006, bls. 56). Þessi stórborg er umlukt rauðum múrum. Borgarmúrar eru algengt tákni í ólandssögum héraendis sem erlendis. Aðalpersónur bókarinnar eru þrjár ungar manneskjur en í raun er stærsta persónan borgin sjálf. „Borgin er allar borgir. Hún er alheimsborg. [...] Borgin er vél, byggð upp af mörgum smáum einingum. [...] Borgin er lifandi líkami. Hlutar hans eru óaðskiljanlegir“ (Ragna Sigurðardóttir, 1993, bls. 19). Persónurnar eru byggingareiningar í borgarlíkamanum og hreyfast innan hans, en Ingi Björn Guðnason bendir einmitt á hvernig líkamslíkingar eru notaðar um borgina og henni iðulega lýst sem lifandi heild (2006, bls. 57). Kristján B. Jónasson kallar raunar persónur bókarinnar, Úllu, Loga og Vöku, persónuvélar. Þau séu samansafn eiginleika og skoðana sem ekki sé ætlað að hafa eiginlega dýpt (Kristján B. Jónasson, 1994, bls. 125). Logi, sem er ástmaður bæði Úllu og Vöku, er auglýsingahönnuður, sem notar stúlkurnar báðar að einhverju leyti í verkum sínum. Frásögnin er reglulega brotin upp af auglýsingum sem kallast á við markaðsvæddan nútíma. Kristján telur persónuvélar og sjálfsmyndasköpun þeirra kallast á við sjálfsmyndarsköpun nútímamannsins sem erfitt getur verið að skilja frá umhverfinu. Bókin segir af ímynduðu rými og glímu þeirra sem þar dvelja við tungumálið (sama: 126). Þetta minnir á hið dauða tungumál ólandssögunnar sem er annaðhvort í höndum valdhafanna eða liggur dautt og ómerkt. Í *Borg* er það þjónn markaðshyggjunnar og allir sem beita því verða að ganga henni á hönd.

*Paradísarborgin* (2009) eftir Óttar M. Norðfjörð gerist í ótilgreindri borg og persónur hennar eru afmennskaðar með því að gefa þeim ekki nöfn. Ógn steðjar að borginni í formi myglusvepps sem breiðist út í húsum. Fólk er ýmist með eða á móti sveppnum en borgaryfirvöld taka sig saman um að mæla honum bót og sjá í honum ýmis tækifæri. Sagan hefur verið lesin sem táknsaga á efnahagshrunið og þá múgsefjun stjórnvalda sem átti sér stað í aðdraganda þess. Ólandssögueinkenni hennar eru helst fólgin í því hvernig kunnuglegur veruleiki er gerður ókennilegur, sem og ádeilan á nýafstaðna atburði.<sup>13</sup>

*Hvítir múrar borgarinnar* (2013) eftir Einar Leif Nielsen er gott dæmi um útgáfuvandræði og viðtökur íslenskra ólandssagna. Bókin fjallar um anarkískt samfélag frjálshyggju sem gengur út í öfgar. Stéttir innan borgarinnar eru aðskildar og hverfin eru afgirt með múrum til þess að vernda íbúana hvern fyrir öðrum (Einar Leif Nielsen, 2013). Í upphafi bókar hefur kona drepið manninn sinn og þarf að svara til saka, ekki fyrir manndrápið heldur það tjón sem hún hefur valdið hagkerfinu (sama:7-10). Bókin var kynnt sem vísindaskáldsaga en lítið er um tækniundur þrátt fyrir að sagan gerist í framtíðinni (Vilhjálmur A. Kjartansson, 2013). Þeim mun meira er um samfélagsádeilu þar sem afleiðingar öfgakenndrar frjálshyggju eru til umræðu. Bókin var upphaflega gefin út sem rafbók en vegna nokkurrar velgengni kom hún síðar út hjá litlu forlagi. Því miður virðist svo vera að örlög margra nýrra íslenskra ólandssagna séu á þessa leið, en margar þeirra ná jafnvel aldrei alla leið í prentvélnar.

Bækurnar *Nýja Breiðholt* (2016) eftir Kristján Atla Ragnarsson og *Kaldakol* (2017) eftir Þórarinn Leifsson fjalla báðar um einangrunarótta eyjasamfélagsins, sem einnig er sterkt þema í *Eylandi* sem fjallað verður um í seinni hluta þessarar ritgerðar. Báðar tala þó einnig á nokkurn hátt til hinnar sterku íslensku glæpasagnahefðar. *Nýja Breiðholt* gerist á framtíðar Íslandi þar sem rúmlega helmingur þjóðarinnar hefur flúið land. Reykjavík er sannkallað óland þar sem stjórnkerfið er hrunið og samband við umheiminn er í lágmarki þar sem sjónvarp og internet tilheyra fortíðinni. Glæpaklíkurnar sem stjórna borginni, kenndar við Kópavog, Breiðholt og Miðbæinn minna á valdafjölskyldur Sturlungaaldar (Kristján Atli Ragnarsson, 2016). Í sögunni er meiri áhersla á glæpi og ofbeldi en framtíðarsýn og telst hún því trauðla til gagnrýnnar ólandssögu þó einhverjir efnisþættir séu í þá áttina.<sup>14</sup> Í *Kaldakoli* vofa náttúruhamfarir yfir og rýma þarf Reykjavík hið snarasta. Íslendingar verða flóttamenn í Þýskalandi, þar sem ekki er á slíkt bætandi (Þórarinn Leifsson, 2017). Sagan talar þannig beint til samtímans þar sem

---

<sup>13</sup> Hlekkir á frekari umfjöllun má finna á *Hrunið, þið munið. Gagnabanka um samtímasögu*. (Án höfundar, *Paradísarborgin*, 2017)

<sup>14</sup> Sjá m.a. umfjöllun *DV*, „Reykjavík undir frumskógarlögmáli“ (Ágúst Borgþór Sverrisson, 2016).



stöðugur straumur flóttafólks til Evrópu er sífellt í umræðunni. Einnig er komið inná þætti eins og þjóðerni og stöðu Íslendinga á erlendri grundu, sem og meintan ferðamannavanda hér á landi (Egill Helgason, 2017). Báðar ofangreindar bækur skírskota þannig til samtímans og borgarumhverfis hans og nota ólandssöguuppskriftina að einhverju leyti.

Enn eru nokkrar bækur ónefndar sem gera tilkall til þess að flokkast sem ólandssögur þó tengingarnar séu mis miklar og mis augljósar. Hér að framan var fjallað um hvernig borgin sem hræðilegur staður gæti hafa sprottið nokkuð auðveldlega út úr íslenskum bókmenntaveruleika þar sem sterk hefð var fyrir því að hefja sveitina upp á kostnað borgarinnar. Hvað svo sem bókmenntunum líður er það svo að flestir Íslendingar við þúsaldarmótin kjósa að búa í Reykjavík. Því er ekki óeðlilegt að í bókmenntum finnist einnig annað viðhorf til sveitarinnar, sem hins hræðilega staðar þar sem ógnvekjandi jaðarhópar þrífast.

*Barnið mitt barnið* (1993) eftir Illuga Jökulsson er skuggaleg ólandssaga sem hefst í Reykjavík samtímans þar sem lýsing á óhugnanlegu barnsmorði fléttast, í einhverskonar vitundarflæði, saman við leik föður við dóttur sína. Fjölskyldufaðirinn fær morðið á heilann og leggur í ferðalag um Suðurlandsundirlendið í leit að morðingjanum. Þar ríkir sannkallað hörmungarástand sem fer versnandi eftir því sem lengra dregur frá höfuðborginni. Kynferðisofbeldi, borgarastyrjaldir, eiturefni í landinu og offjölgun götubarna sem leiðast út í glæpi í stórborginni Vík (Illugi Jökulsson, 1993). Í viðtali við *Morgunblaðið* segir Illugi hugmyndina að bókinni hafa komið úr umfjöllun í sjónvarpinu um götubörn í Rio de Janeiro (Þ.Þ., 1993). Hvarvetna verða börn í hræðilegum aðstæðum á vegi hans og boðskapur bókarinnar er nokkuð myrkur. Þó má undir lokin greina ofurlitla von, þrátt fyrir bölsýnan og gagnrýninn boðskapur bókarinnar. „[H]vað getur maðurinn gert? Hann getur farið heim til sín og reynt að vera almennilegur við barnið sitt“ (Þ.Þ., 1993).

*Runukrossar* (2010) Helga Ingólfssonar eiga það sameiginlegt með *Barnið mitt barnið* að eiga viðkomustað á Hellu. Sagan er framtíðarsaga en fjallar einnig, eins og svo margar bækur tuttugustu og fyrstu aldarinnar um glæp. Líkt og *Nýja Breiðholt* er hún eftirheimsslitabók í þeim skilningi að Reykjavík hefur liðið undir lok í miklum jarðskjálfta. Höfuðstaður landsins er því undir risavöxnu hvolfþaki á Hellu þar sem landið er orðið nánast óbyggilegt vegna ósoneyðingar. Flestir landsmenn eru og orðnir múslímskrar trúar enda landið gengið í ríkjasambandið EMÍR, Evrópuríkjasamband múslímskra ríkja (Helgi Ingólfsson, 2010). Þó söguframvindan hverfist um glæpin er ýmislegt í söguviðinu sem tilheyrir sviði ólandssagna og vísindaskáldsagna. Hugmyndir um heim sem er óbyggilegur vegna loftslagsbreytinga sem

og vangaveltur tengdar útbreiðslu íslam í heiminum kallast á við samtímamann svo úr verður spennandi söguvið, ólands eða í það minnsta ólíkrar framtíðar.

Þá eru enn ótaldar nokkrar bækur sem þrátt fyrir að geta ekki talist til eiginlegra ólandssagna virðast eiga í víxlverkandi sambandi við hefðina. Sem dæmi má nefna bækur Steinars Braga á borð við *Konur* (2009), *Hálendið* (2011) og jafnvel *Kötu* (2014). Í þeim birtist sterk ádeila á ýmsa þætti samfélagsins, sem oft er sett fram á mjög hrottalegan hátt. *Konur* og *Kata* fjalla báðar um kúgun kvenna, en líka um listsköpun, (*Konur*, 2009), nauðganir og réttarkerfið (*Kata*, 2014). Þær gerast að stórum hluta í skuggahliðum samfélagsins og færast á köflum yfir í einhverskonar undirheima. *Hálendið* segir frá fjandsamlegum óbyggðum fullum af yfirnáttúru og firrtum borgarþúum sem komast þar í ógöngur (*Hálendið*, 2011). Þrátt fyrir að sýna á köflum ólenska heimsmýnd og vera sannarlega fullar af myrkri ádeilu geta bækurnar þó ekki talist til eiginlegra ólandssagna og eru fremur í ætt við sálfræðilegan hrylling.

Eiríkur Örn Norðdahl tekst á við ýmis framtíðarþemu í *Heimsku* (2015). Þar má meðal annars greina ádeilu á smæðarsamfélög sem orðin eru óumflýjanleg í litlum þorpum æ fámennari landsbyggðar. Þau breytast í einskonar eftirlitssamfélög, þar sem allir eru sífelld undir vökulu auga náungans. Hann dregur einnig upp óhugnanlega mynd af veröld samfélagsmiðla og þeirri þráhyggju sem getur skapast hjá fólki í sambandi við þá (Eiríkur Örn Norðdahl, 2015). Bókin talar afar sterkt til samtímans og skilur eftir ýmsar spurningar um síbreytilega heimsmýnd á tölvuvæddum tímum. Ólandssögueinkenni hennar eru í ætt við and-útópíu en engu að síður er hún vel til þess fallin að fá lesendur til að sjá heiminn öðrum augum og takast á við hann á nýjan hátt. Einnig má nefna að bækurnar *Illska* (2012) og *Gæska* (2009) eftir Eirík Örn bera þónokkur einkenni ólandssagna og þjóðfélagsádeilu í heimi sem genginn er úr skorðum.

Þríleikur Emils Hjörvars Petersen, *Saga eftirlífenda* (*Höður og Baldur* (2010), *Heljarþróm* (2012) og *Níðhöggur* (2014)) eru ef til vill meira í ætt við furðusögur en ólandssögur. Bækurnar segja frá ásunum sem lifðu af Ragnarök og valdabaráttu þeirra í heimi sem ber töluverð merki ólandssagna. Emil Hjörvar er einn af frumkvöðlum furðusagnaritunar hér á landi. Í þríleiknum, auk síðari bóka hans, *Víghóla* (2016) og *Sólhvarfa* (2017) má sjá töluverð einkenni *seiðþönks* sem fjallað verður betur um hér í kaflanum um *Hrímland*. Hann vekur upp ýmsar þjóðsagnaverur og goðsagnapersónur og lætur þær birtast í veröld sem er útfærsla af samtímaveruleika höfundar. Bækur hans heyra undir greinabræðing þar sem þær dansa á mörkum furðusagna, ólandssagna og borgarfantasía (e. urban fantasy). Þar má að auki sjá blöndun heima þar sem ævintýraheimurinn sem höfundur skapar sækir til þekkra

ævintýraheima úr goðsögum og bókmenntum. Í flestum bóka Emils er einnig að finna einhverskonar ádeilu eða gagnrýni á ríkjandi þjóðfélagsástand.

Við forvitnilegan ólandssögutón kveður í *Undirferli* (2017) Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur. Um er að ræða örmynd af gagnrýninni ólandssögu og vísindaskáldsögu. Bókin segir frá vísindamönnum sem fást við rannsóknir á Surtsey, sem vel má lesa sem táknmynd Íslands í framsetningu ádeilunnar en einnig sitt hvað fleira eins og kemur fram í umfjöllun í *Víðsjá*. „Surtsey er miðja frásagnarinnar enda gjöfult tákn fyrir ósnortið land, framtíð og nýtt upphaf en líka fyrir ragnarrök, svik, varnarleysi og viðkvæmni“ (Steinunn Inga Óttarsdóttir, 2018). Vísindamennirnir í bókinni hyggjast selja Surtsey til rannsókna en andspyrnuhópur bókarinnar reynir að koma í veg fyrir það. Við það bætast flóknir ástarþríhyrningar, andlegt og líkamlegt ofbeldi, ummyndanir og aðrar furður. Ádeila bókarinnar felst í því að lesa þetta örsamfélag í eyjunum kringum Ísland í stærra samhengi. „Smári hefur fundið upp og smíðað einhvers konar mælitæki á innsæi, heilindi og ást og þau áhrif sem áföll hafa á sál og líkama. Það vekur upp spurningar um hvort hægt sé að mæla allt, hvort vísindin efli alla dáð og séu alltaf svarið við áleitnum spurningum um framtíðina. Eða eigum við að líta til goðsagna og hverfa aftur til náttúrunnar?“ (sama heimild). Vélin sem Smári leitast við að finna upp kemur lesendum *LoveStar* kunnuglega fyrir sjónir og frásagnarhátturinn, sem mikið til er í 2. persónu minnir á *Snöruna*. Þannig tvinnar Oddný saman þræði sem finna má í íslenskum ólandssögum, auk þess að velta upp goðsögulegum hugmyndum, andlegum málefnum og plastmengun hafsins (Oddný Eir Ævarsdóttir, 2017).

Hér hafa nú verið rakin nokkur helstu verk sem koma að þróun og sögu íslenskra ólandssagna fyrir fullorðna. Ljóst er að greinin nýtur vaxandi vinsælda hér á landi þó enn sé hún smá í sniðum. Hér eru og ótaldar allar þær smásögur sem talist geta til ólandssagna og komið hafa út í hinum ýmsu smásagnasöfnum sem og ljóð og örsögur þar sem kveður við sama tón. Ekki má heldur gleyma að bókum af þessu tagi hefur ekki síst verið beint að ungum lesendum, sérstaklega eftir tilkomu flokksins ungmennabækur (e. young adult) sem nýtur sífellt meiri vinsælda. Um þessi verk verður ekki fjallað hér en sem dæmi mætti þó nefna *Söguna af bláa hnettinum* (1999) og *Tímakistuna* (2013) eftir Andra Snæ Magnason, *Vetrarfrí* (2015) og *Vetrarhörkur* (2016) eftir Hildi Knútsdóttur, *Rökkurhæðabækurnar* eftir Birgittu Elínu Hassell og Mörtu Hlín Magnadóttir, *Múrinn* (2013) eftir Sif Sigmarsdóttur, *Koparborgina* (2015) eftir Ragnhildi Hólmgeirsdóttir og *Manninn sem hataði börn* (2014) eftir Þórarín Leifsson. Sé miðað við þessa blómlegu útgáfu og þeirrar ólensku samfélagsþróunar sem samhliða á sér stað í

heiminum öllum er ekki við öðru að búast en að ólandssögum muni vaxa fiskur um hrygg á komandi árum.

### 3. *LoveStar*. Óður til hugmyndanna

„*LoveStar*, óður til hugmyndanna, hún er eins og Egils þykkni, eiginlega of römm til að lesa hana“ (Andri Snær Magnason, 2017), segir höfundur bókarinnar í viðtali í þættinum *Bók vikunnar* á Rás 1, 15 árum eftir útkomu hennar. Víst er af mörgu að taka í þessari skáldsögu, sem segja má að sé eitt af höfuðverkum hinnar rísandi bylgju íslenskra ólandssagna á 21. öld. Yfir sögunni liggur töluverð greinaþoka, en hún getur til dæmis flokkast sem vísindaskáldsaga, fantasía og jafnvel ástarsaga svo eitthvað sé nefnt. Í umfjöllun og gagnrýni hefur hingað til verið algengast kalla *LoveStar* vísindaskáldsögu, enda mörg af umfjöllunarefnum hennar tengd tækninýjungum og afleiðingum þeirra.

Sagan hefur þó ýmis af einkennum ólandssagna, eins og þeim er lýst hér að framan. Samkvæmt skilgreiningu Claves og Sargents, er ólandssaga einfaldlega samfélag sem lesendur sjá sem mynd af mun verra samfélagi en sínu eigin.<sup>15</sup> Sannarlega verður sú raunin þegar nær dregur bókarlokum, en ólandið sem í upphafi virðist land tækifæra og tækniframfara snýst að lokum upp í framtíðarhelvíti. Lesendur geta þá velt fyrir sér hvað var rétt og hvað var rangt og sett ófyrirséð atriði í samhengi við eigin samtíma. *LoveStar* stendur þannig, þegar á allt er litið, nær því sem kallað hefur verið gagnrýna ólandssagan, sem spratt fram á síðari hluta 20. aldar. Claves og Sargent segja einkenni hennar felast í því að lesendur sjái (að minnsta kosti á yfirborðinu) mynd af mun betra samfélagi en sínu eigin, en sem stríði við erfið vandamál sem það virðist ekki vera fært um að leysa (Claves & Sargent, 1999, bls. 1-2).<sup>16</sup> Íðulega er þó um að ræða íróníska framsetningu á öfgakenndum tæknifram- eða afturförum, eftir því hvernig á það er litið. Í *LoveStar* er vissulega kynnt til sögunnar eitt og annað sem nútímamönnum gæti þótt eftirsóknarvert, og speglar um leið að ýmsu leyti þróun þess samfélags sem hún er skrifuð inn í, eins og fjallað verður betur um hér á eftir. Samfélag bókarinnar er þó mun verra en það sem lesendur þekkja og með íróníunni verður ádeilan enn sterkari.

*LoveStar* fellur ljúflega að því byggingarlíkani ólandssagna sem lýst var hér í 2. kafla. Fyrstu tveir liðir þess, *slæmu samfélagi lýst* og *sjónarhorn þrengt niður á óánægðan samfélagsþegn* eru til staðar, en framþróunin innan sögunnar greinist síðan í fleiri en eina átt. Ef vel er að gáð má raunar finna innan bókarinnar tvo megin söguþræði, sem hvor um sig fellur

---

<sup>15</sup>Sjá lista bls. 10.

<sup>16</sup> Sjá nánar hér á bls. 8-9. Það sem hér er kallað *gagnrýna ólandssagan* heitir á lista C&S *gagnrýna útópían* en þeir ganga út frá þeirri skilgreiningu að öll skálduð samfélög sem eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum séu kölluð *útópíur* og því séu öll heiti þeirra afleiðd af því orði. Hér verður þó sem fyrr notast við ólandssögu hugtakið.

að ólandssagnalíkaninu. Forsendur þráðanna tveggja eru nokkuð ólíkar, en þeir tvinnast saman á margvíslegan hátt. Gagnrýni sögunnar er ekki einföld og barátta góðs og ills langt frá því að vera svarthvít. Samspil söguþráðanna tveggja sem yfir- og undirsögu er því ekki einungis lýsandi fyrir ramman hugmyndaheim bókarinnar, heldur sýnir einnig hversu stutt getur verið milli ólandssögu og góðrar staðleysis. Í *LoveStar* kemur raunar bókstaflega í ljós að paradís eins getur verið martröð hins næsta.

### 3.1. Ólandssögur yfir og allt um kring.

Söguþræðirnir tveir sem mynda ólandssögurnar í *LoveStar* verða hér nefndir A og B. Söguþráður A er saga vísindamannsins LoveStar eða Örvars Arnarsonar, en án hans gæti söguþráður B, saga Indriða og Sigríðar ekki átt sér stað. Þráður A virðist í upphafi fylgja efri línu líkansins, þar sem *slæmu samfélagi er lýst en sjónarhornið síðan þrengt niður á óánægðan samfélagsþegn. Andspyrnuhópur framfarasinnaðra en undarlegra vísindamanna verður síðan til og um tíma virðist sem þeim hafi tekist að sigrast á ríkjandi ólensku samfélagsformi*. Vissulega skapar LoveStar sitt eigið samfélag og virðist hafa hagsmuni þegnanna í huga. Úr þeim veruleika sprettur hins vegar ólandssamfélag Indriða og Sigríðar (söguþráður B), sem þau að lokum rísa upp gegn og tekst að lokum, með óvæntri hjálp úr innstu röðum LoveStar veldisins að *brjóta á bak aftur*. Í því niðurbroti felst að sama skapi fall LoveStar og *ósigur byltingar* hans. Þræðirnir tveir undirbyggja þannig og styðja hvorn annan, eins og rakið verður hér á eftir.

Samfélagið sem lýst er í upphafi ólandssögu skal, sem fyrr segir, byggja á samfélagslegum ókennileika (e. social elsewhere). Samfélagið í *LoveStar* vísar sannarlega til þess veruleika sem við þekkjum, bæði sem Íslendingar en einnig sem íbúar í heiminum, en er með nokkuð verra móti. Sagt er frá því hvernig manngerðar bylgjur hafa raskað jafnvægi náttúrunnar um heim allan. „Þegar kríurnar rötuðu ekki heim eitt vorið [...] héldu margir að heimsendir væri í nánd, að þetta hlyti að vera fyrsta plágan í langri röð hörmunga“ (Andri Snær Magnason, 2002, bls. 9).<sup>17</sup> Upphafsorð bókarinnar gefa strax til kynna að hin kunnuglega heimsmynd sé að líða undir lok. Strax í upphafi dregur höfundur þráð milli Íslands og umheimsins með því að tala um að kríurnar rati ekki *heim*. Þrátt fyrir að vafasamt sé að tala um nokkuð heim þegar kemur að farfuglum, tilheyrir krían þó vissulega þeim fuglum sem Íslendingar telja til sinna eigin og hefur töluverða táknfræðilega virkni í þjóðarímynd landsmanna. Þannig gefur höfundur tóninn fyrir emblematískri notkun á íslenskri menningu og

---

<sup>17</sup> Hér eftir verður vísað til bókarinnar með skammstöfuninni LS og blaðsíðutali í sviga.

náttúru sem er rauður þráður bókarinnar. Í kjölfarið fylgja svo lýsingar á því hvernig náttúran er úr lagi gengin um heim allan. Smám saman þrengist sjónarhornið niður á lítinn hóp vísindamanna á Íslandi, sem undir forystu LoveStar rannsaka orsakir hinnar breyttu heimsmyndar.

„Uppgötvanir Fugla- og fiðrildadeildar LoveStar breyttu heiminum á örfáum árum. Það má segja að fuglabylgjurnar hafi verið nýtt þróunarskref hjá mannkyninu. Þá reis upp „hinn handfrjálsi nútímamaður““ (LS:17). Úr viðjum vinnu vísindamanna LoveStar verður til hið nýja samfélag, sem vissulega er bylting á ástandinu í upphafi bókarinnar. Sé litið til kenninga Raffaelli Baccolini um tvöfalda frásögn ólandssögunnar, sem skiptist í yfirfrásögn ríkjandi valdakerfis og undirfrásögn hins óánægða þegns er ljóst að greining á *LoveStar* er ekki einföld, og breytilegt hvort hlutverk ákveðinnar persónu er yfir- eða undirskipað hverju sinni. Í söguþræði A er saga LoveStar (og sér í lagi fjölskylduföðurins Örvars) undirfrásögn, manns sem er óánægður með valdakerfið. Jafnvel má halda því fram að hann sé áfram undirmáls eftir því sem hann verður valdameiri, því um leið fjarlægist hann raunveruleikann og sína mannlegu hlið. Þeim mun „betra“ samfélag sem hann býr heimsbyggðinni þeim mun verra hefur hann það sjálfur.

LoveStar er vísindamaðurinn sem ofmetnast í þekkingarleit sinni svo það verður honum að falli. Persónan er vel þekkt í bókmenntasögunni, Íslendingar þekkja hana úr *Galdra-Lofti* (1914) Jóhanns Sigurjónssonar og heimurinn allur bæði úr *Biblíunni* og *Frankenstein* (1818) Mary Shelley, svo eitthvað sé nefnt. Persónur síðast nefndu bókarinnar eru í frægri greiningu Gilbert og Gubar sagðar „helteknar af úrlausnum“. Á sama stað er vísað í samtali tveggja lykilpersóna úr verkinu sem segja „dauða eins manns vera lítið gjald að greiða í skiptum fyrir þau yfirráð sem þær óska sér“ (Gilbert & Gubar, 2000, bls. 225-6). Þetta kallast á við persónu Örvars sem dregin er upp í *LoveStar*. „Hann taldi sig ekki fá hugmyndir heldur væri því öfugt farið. Það voru hugmyndirnar sem fengu hann“ (LS:80). Þannig er því lýst hvernig forsvarsmaður LoveStar stórveldisins fríar sig í grundvallar atriðum allri ábyrgð á því sem rannsóknir hans hafa komið til leiðar. „LoveStar var ekki hættulegur í eðli sínu. [...] Hann vildi bara sjá hvað gerðist“ (LS:82). Þekkingarþorstinn virðist nánast barnslega einlægur, knúinn áfram af þránni til þess að kryfja hlutina til mergjar, leysa þá upp og skilja.

Ótakmörkuð velgengni LoveStar sem vísindamanns endurspeglar síðan takmarkanir hans sem manneskju. Sér til dægrastyttingar teiknar hann samhverf mynstur og leysir stærðfræðiþrautir. Bundinn yfir útreikningum og tölum missir hann tökin á eigin lífi og hans eigin fjölskylda rennur honum úr greipum. „Þú eyðir lífinu í dauðann.“ (LS:135) er eitt af því

síðasta sem eiginkona hans segir við hann, áður en hún verður fyrst til þess að vera skotið upp með LoveDeath. Einkunnarorð LoveStar veldisins: „Ef við gerum það ekki gerir einhver annar það“ (LS:197) verða leiðarstef í lífi hans, og hann kastar öllu frá sér til þess að elta misruglaðar hugmyndir. Viðfangsefni hans eru gjarnan af afskaplega mennskum og tilfinningalegum toga – dauðinn, bænirnar og ástin – en í meðförum hans snýst allt upp í tölur og formúlur. Það er hin útreiknaða tilvera LoveStar sem er ríkjandi samfélagsform meginþorra bókarinnar. Það er þess vegna yfirfrásögnin og saga Indriða og Sigríðar undirfrásögn þeirrar sögu.

„Þegar líf þeirra Indriða og Sigríðar var sætt eins og hunang vöknuðu þau í morgunsólinni eins og klístruð saman með hunangi“ (LS:50). Frá þeirra sjónarhóli er samfélagið sem LoveStar hefur skapað ekki beinlínis slæmur staður, hann einfaldlega kemur þeim ekki við. Þrátt fyrir að nýta sér tækni þess að einhverju leyti gera þau sér far um að standa utan við kerfið, hafna handfrjálstri vinnu, neita að láta reiknast saman við ástina o.s.frv. Það er ekki fyrr en samfélagið raunverulega snýst gegn þeim veruleika sem þau hafa skapað sér að það verður í þeirra augum að ólandi, en samhliða þeirri þróun fara einnig auglýsingarnar sem gegnsýra umhverfið að hafa meiri áhrif á þau. Sú er raunin orðin þegar Indriði er fyrst kynntur til sögunnar. „Indriði var ekki vanur að gráta. Hann hafði eiginlega aldrei haft ástæðu til þess“ (LS:31). Þessar fyrstu setningar fela í sér ólenskt rof í anda gagnrýnu ólandssögunnar. Fullkomnu samfélagi hefur verið raskað, staðurinn er orðinn *slæmur* og *sjónarhornið er þrengt á óánægðan samfélagsþegn*. Í þeim er líka að finna kjarna þeirrar gagnrýni sem sagan setur fram. Hið tilbúna samfélag er ef til vill ekki svo slæmt, fyrr en einstaklingurinn kýs að fara ekki eftir reglum þess. Þá er voðinn vís. Í raun mynda Indriði og Sigríður upphaflega *andspyrnuhóp gegn ríkjandi samfélagsformi* með því að trúa á ástina og telja hreint formsatriði að láta reikna sig saman. Mótmæli þeirra eru þó friðsöm og virðast ekki hafa áhrif á aðra en þau sjálf. Þegar þau reiknast síðan í sundur stendur Indriði að lokum einn eftir í baráttunni og tvíeflist í örvæntingu sinni. Um tíma virðist sem samfélaginu og markaðsöflunum muni takast að *brjóta andstöðuna á bak aftur* en með hjálp erfðabreyttrar náttúru og samviskusamlíðunar samborgara sinna tekst Indriða og Sigríði að ná saman aftur. Þar með má segja að þau hafi unnið *sigur á ríkjandi samfélagsformi* með því að hverfa aftur á vit ástarinnar sem þau trúu á.

Í ólandinu sem LoveStar tekur að sér að umbylta hefur maðurinn gengið of langt í lífsgæðakapphaupinu og er farinn að hafa áhrif á vistkerfi náttúrunnar. Í stað þess að snúa þeirri þróun við byggir hin nýja heimsmýnd á enn meira inngrípi og stjórnun mannanna, á öllum þegnum vistkerfisins. Þau Indriði og Sigríður standa því að einhverju leyti fyrir hina óbeisluðu náttúru, þegar þau neita að láta reikna sig saman og hafa óbilandi trú á ástinni. Forboðna



ástarsagan er vel þekkt bókmenntaminni, og verður að teljast líklegt til þess að auka samlíðan lesenda með elskendunum ungu. Helga Birgisdóttir bendir í meistararitgerð sinni, um vistrýni í verkum Andra Snæs, á hvernig samband Indriða og Sigríðar er í raun heterótópískt (Helga Birgisdóttir, 2007, bls. 87). Virkni heterótópiunnar er sem fyrr segir hugsuð til þess að umbylta og véfengja raunverulegar staðsetningar og staðreyndir innan menningarinnar (Foucault, 2002, bls. 135-6). Helga bendir á hvernig fullnægjan sem Indriði og Sigríður sækja hvort til annars skapi þeim griðastað úr raunsamfélaginu. „Hún býður uppá leik þar sem reglur samfélagsins eru endurskilgreindar og jafnvel felldar úr gildi, flóttá frá hinum félagslega þunga samfélagsins, kröfum sem fylgja mannlegum samskiptum og jafnvel almennt viðteknum siðareglum“ (sama:87). Hér má finna vísbendingu um markaðslega vandann sem inLove skapar, þegar ástfangið fólk hættir að eyða peningum sökum fullnægjunnar í hamingjunni, og verða þannig óhæfir neytendur.

Það kemur reglulega fram að hegðun Indriða og Sigríðar fellur illa að ríkjandi hugmyndum þess samfélags sem þau búa í. „Mörgum fannst ástin vera Indriða og Sigríði fjötur um fót, móðir Sigríðar gekk jafnvel svo langt að kalla hana fötlun. Indriði og Sigríður höfðu til dæmis bæði gefist upp á því að vera handfrjálsir nútímastarfsmenn“ (LS:53). Þau hafna mörgum þáttum þess frelsis sem nútíminn hefur upp á að bjóða og kjósa þess í stað frelsi á sínum eigin forsendum. Þegar Sigríður neitar að láta reiknast og stemningsdeild ÍSTAR verður að grípa í taumana er vinnutitillinn; „Flokkur vandamáls: Fórnarlömb frelsisins“ (LS:119). Eins og Helga Birgisdóttir bendir á eru fyrir fram ákveðin hjónabönd langt frá því að vera ný af nálinni og textatengslin sem höfundur skapar við Indriða og Sigríði í *Pilti og stúlku* (1850) eftir Jón Thoroddsen eru engin tilviljun (Helga Birgisdóttir, 2007, bls. 85). Frelsið sem parið í *LoveStar* kys sér minnir einnig á það frelsi sem almenningur býr við þegar bókin kemur út. Flestir í hinum vestræna heimi hafa alist upp við frelsi til þess að velja sér maka og baráttan fyrir ástinni þvert á vilja valdhafans er upphafin í rómantísku ljósi. Samband þeirra á sér hliðstæður í öðrum ólenskum heimum, svo sem í leynifundum Winstons og Júlíu í 1984.

Söguþráður Indriða og Sigríðar er sá hluti bókarinnar sem líklegastur er til þess að vekja samúð og samlíðan lesenda. Stílbrögð af þessu tagi minna á gagnrýnu ólandssögna sem greind er hér í öðrum kafla. Þar er meðal annars fjallað um hvernig femínískur undirtónn hinna nýju og gagnrýnu ólandssagna varpi ljósi á ýmsa jaðarsetta hópa samfélagsins. Raffaella Baccolini telur upphafningu þessara minnihlutahópa vel til þess fallna að afbyggja hefðina og endurvekja vonina (Baccolini, 2000, bls. 13). Hún telur einnig að frásagnarmynstur af þessu tagi byggji á heterótópískri blöndun, þar sem ekki sé einungis um hræðilegan stað að ræða. Innan ólandsins

má finna smækkað samfélag þar sem hamingjan ríkir og virkjar þannig það sem Ildney Cavalcanti kallar vonarvélina (Cavalcanti, 1999, bls. 165). Þetta bjóði aftur upp á opin sögulok sem vekja von í brjósti lesenda.

Þrátt fyrir átök og erfiðleika standa Indriði og Sigríður að lokum uppi sem sigurvegarar eftir nokkurskonar Ragnarök í sögulok. Eftir að sköpunarverk LoveStar hefur nánast í bókstaflegri merkingu sprungið í andlitið á honum og lítið virðist vera eftir af lífi á jörðinni, finna Indriði og Sigríður fræ. Það er raunar ekki hvaða fræ sem er heldur virðist það vera áfangastaður bæna mannkynsins. Í sögulok gróðursetja elskendurnir ungu fræið á táknrænan máta og lokaorð bókarinnar, „Fræ verður skógur“ (LS:275) verða leiðarstef fyrir þá von sem tendruð er í lokin. Samfélag manna hefur að miklu leyti liðið undir lok, en vonin er ekki bara fólgin í hinum endurfæddu fulltrúum mannkyns, sem skriðu úr maga úlfsins til að viðhalda kynstofni sínum. Þau minna á Rómúlus og Remus sem drukku úr spenum úlfynjunnar, en á sama tíma Ask og Emblu, foreldra mannkyns samkvæmt norrænni goðafræði. Bjartast logar vonarneisti vistkerfisins, sem kviknar með fræinu sem gróðursett er í askinum.<sup>18</sup>

Í upphafi *LoveStar* er tilvitnun í bókina *Plöntufræði fyrir byrjendur*. „Þegar plantan finnur að hún er að dauða komin safnar hún forða sínum og þjappar í lítið fræ sem hún sleppir rétt áður en hún visnar. Þá er von til þess að hún lifi þótt hún deyi“ (LS:5). Með þessari vísun leggur höfundur línuna fyrir það sem ef til vill er hinn raunverulegi ólandssögu boðskapur bókarinnar. Sé gengið út frá mannmiðuðu sjónarhorni í túlkun er ljóst að saga Indriða og saga LoveStar fylgja söguþræði undirsögunnar á víxl. En sé samúðin með mannskepnunni tekin út fyrir sviga kemur í ljós, að hin raunverulega undirmáls persóna í bókinni er vistkerfið, náttúran sjálf og málleysingjarnir sem þar búa. Mikið af táknum og myndmáli bókarinnar er sótt til rómantísku stefnunnar, en þar var einmitt upphafning manna á náttúrunni áberandi. Prófessor David Perkins er meðal þeirra sem fjallað hefur um viðhorf manna til dýra og náttúru í bókmenntum. Hann segir að frá og með innreið rómantíkurinnar í bókmenntum og listum hafi náttúra og dýr oftast en ekki sætt ákveðinni manngervingu sem ætluð er til þess að auka á samúð. Þannig hafi ákveðnum dýrum eða náttúrufrýrbrigðum verið áskapaðir ákveðnir eiginleikar og

---

<sup>18</sup> Hér er ekki hægt að ganga fram hjá táknrænu mikilvægi og orða leikjum tengdum orðinu askur. Í fyrsta lagi er askurinn matarlát, sem hér er fyllt mold í von um að það verði uppspretta nýs lífs. Kvikna þá hugrenningatengsl við máltæki á borð við „Ekki verður bókvitið í askana látið“ sem kemur skemmtilega við lesendur við endalok þeirrar gríðarlegu hugmyndasúpu sem *LoveStar* er. Askurinn vísar einnig til Asksins Yggdrasils, heimstrés jarðarinnar í norrænni goðafræði (Böðvar Guðmundsson & Heimir Pálsson, 2015, bls. 127-9).

jafnvel heilu tegundirnar gerðar að táknum. Dýr og náttúra standa iðulega fyrir minnihlutahópa og eru í veikari stöðu gagnvart manningum.

Mannverur, „við mannfólkið“, kvöldum, misnotuðum, píndum og eyddum skepnunum sem þú finnur til samúðar með. Við vorum óvinurinn. Raunar ert þú óvinurinn vegna mennsku þinnar og tilvistar. Þetta hugarástand, þar sem mannverur hafna mannkyninu, færðist í aukana með göfgun rómantísku stefnunnar á náttúrunni, þegar hinni háleitu náttúru var stillt upp andspænis siðmenntuðu samfélagi. Samanburður manns og náttúru getur ýtt undir þær hugmyndir að við séum ekki náttúruleg, en hann getur einnig falið í sér háðsádeilu og opinbert mannhat (Perkins, 2003, bls. 4).<sup>19</sup>

Jafnvægi náttúrunnar er í upphafi raskað af manna völdum, en áhersla bókarinnar er öll á þau áhrif sem óeðlileg hegðun dýranna hefur á manninn. Chicago borg fyllist af randaflugum sem á endanum hrekja mennska íbúa borgarinnar á brott, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að eittra fyrir skordýrunum. Þessi yfirtaka einnar tegundar á heimkynnum annarrar á sér margar hliðstæður í meintu landnámi mannskepnunnar frá örófi alda, en menn eru vanari því að vera í valdastöðu gagnvart náttúrunni. Sú verður einnig raunin í bókinni, þar sem mönnum tekst að nýta rannsóknir á rugluðum dýrum sér til hagsbóta. Í lýsingum á fyrirmyndarsamfélagi LoveStar hefur náttúran verið beisluð enn frekar. Dýr eru erfðabreytt, eða erfðabætt, ætluð til þess að þjóna þörfum mannsins. Allt er til sölu í neysluvæddum heimi og hámarks hagkvæmni í framleiðslu hvernar tegundar, eða hvers ónáttúrulegs náttúruyfyrirbrigðis er ævinlega í forgrunni. Náttúruvalið er einvörðungu komið á hendur fárra manna, og í því er gagnrýni bókarinnar fólgin.

### 3.2. Viðtökur og ádeila. Vitundarvakning *Draumalandsins*

Andri Snær Magnason hefur látið mikið að sér kveða í gagnrýni- og ádeilubókmenntum á síðari árum. Erfitt er því að greina ádeilu í verkum hans án þess að velta höfundarættan örlítið fyrir sér. Segja má að *LoveStar* sé hluti af þrífleik í höfundarverki hans, þar sem áhersla er lögð á ádeilu og aðgerðir þegar kemur að sýn manns á náttúru og náttúruvernd. Bækurnar þrjár heyra til mismunandi bókmenntagreina og sækir höfundur þannig að lesendum úr ýmsum áttum til að koma boðskap sínum á framfæri. Hann byrjar á grunninum með margverðlaunaðri barnabók, *Sögunni af bláa hnettinum* (1999). *LoveStar* er milli kafli sem leiðir eldri lesendur að hápunktinum, *Draumalandinu. Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð* (2006). Þar deilir Andri

---

<sup>19</sup> Frumtexti, íslenskun mín. Human beings, „fellow men“ were the displacers, abusers, tormentors, and destroyers of the creatures you sympathized with, were the enemy. In fact, you were the enemy merely because you were human, because you existed. This state of mind, in which human beings reject mankind, was still intensified by the Romantic idealization of nature, of an ideal nature opposite the civilized society. The comparison of nature and man might be rueful that we are not natural, but it could also be satiric and openly misanthropic.

Snær helst á hugmyndafræðilegt þrot og skammtímalausnir sem þá voru uppi á teningnum til dæmis varðandi stóriðjuframkvæmdir og fleira hér á landi. Lokakafli bókarinnar fjallar – eins og *LoveStar* – um hugmyndir og kallast raunar mjög á við ýmislegt úr skáldsögunni. Þar leggur höfundur ofuráherslu á þau verðmæti sem fólgin eru í íslenski menningu og náttúru, sé henni haldið hreinni og ósnortinni. Síðasti hluti lokakafans ber yfirskriftina „Að temja vélina“ og hefst á orðunum: „Maðurinn er frjáls. Vélin þjónar manningum. Ef vélin þjónar ekki manningum er best að slökkva á henni“ (Andri Snær Magnason, 2006, bls. 257). Þessi orðræða um frelsi og vélrænu kallast á við ádeilu *LoveStar* þar sem „hinn handfrjálsi nútímamaður“ sækir frelsi sitt í að vera sítengdur við ósýnilegan vélrænan heim. Andspyrnuhetjur bókarinnar, Indriði og Sigríður, hafna vélinni og standa að lokum ein eftir þegar slökkt hefur verið á henni. Það er einmitt það sem höfundur *Dramalandsins* leggur til að sé gert, en undirstrikuð lokaorð þeirrar bókar vísa á beinan hátt í einkunnarorð *LoveStar* veldisins. „Ég held að framtíðin verði stórkostleg og upp frá því fari heimurinn allur batnandi. Ef við getum það ekki, getur það enginn“ (Andri Snær Magnason, 2006, bls. 259).

Ólandssögur eru lesendamiðuð bókmenntagrein í þeim skilningi að til þess að um ólandssögu sé að ræða verður lesandi að geta speglað samtíma sinn í verkinu. Í greininni „Utopia – The Problem of Definition“ bendir Lyman Tower Sargent á að meginvandinn sem fræðimenn standi frammi fyrir þegar skilgreina á verk sem góða staðleysu eða ólandssögu sé einmitt fólgin í viðtökum lesenda. Greinendur verði því að taka afstöðu til þess hvor þátturinn vegi þyngra, höfundarætlun eða það sem mismunandi lesendur fá út úr verkinu á mismunandi tímum (Sargent, 1975, bls. 142-3). Þannig getur virkni ákveðins verks breyst í takt við samfélagsþróun og róttæk höfundarætlun á einum tíma öðlast nýja merkingu í nýju sögulegu samhengi. Það er því áhugavert að velta upp nokkrum af ádeiluþáttunum í bókinni *LoveStar*. Ýmislegt skírskotar á beinan hátt í samtíma höfundar og er höfundarætlun nokkuð ljós, sérstaklega þegar litið er til samhengis fleiri verka hans. Deilt er á stóriðjustefnu og sölu á náttúru Íslands og lesendur hvattir til þess að endurmeta verðgildi hlutanna og ímyndanna. Önnur mál standast einnig tímans tönn og öðlast nýja merkingu í samtímanum. Þar má sem dæmi nefna hinn sítengda handfrjálsa nútímamann sem sprottið hefur upp á tímum samfélagsmiðla og snjalltækja, sem og söluna á ímynd Íslands. Hið síðarnefnda minnir á ferðamannavæðingu Íslands og er sett fram í jákvæðu ljósi í bókinni, en hefur öðlast nýja merkingu með auknum straumi ferðafólks til landsins. Um það sýnist sitt hverjum og má ef til vill sjá anga nýrrar stóriðjustefnu breiðast út í þeim efnum. Hér verða tekin nokkur dæmi um þá ádeilu sem í bókinni birtist og skýrt hvernig þau ýta undir ólandssögu túlkun sögunnar.

*LoveStar* fékk á sínum tíma tiltölulega lofsamlega dóma gagnrýnenda, sem sáu í henni beittan ádeilupráð. Gagnrýnandi *Morgunblaðsins* segir heimsmynd bókarinnar vera „merkilega sannfærandi, ekki síst vegna þess hve höfundurinn er laginn við að setja þá fjarstæðukenndu þróun sem rakin er í verkinu í samhengi við raunveruleika neytlusamfélags samtímans. Í þeirri þjóðfélagsádeilu liggur helsti styrkur sögunnar“ (Fríða Björk Ingvarsdóttir, 2002, bls. 3). Gagnrýnandi *DV* tekur í sama streng og talar um heilapvott manna „sem verða fórnarlömb markaðshyggjunnar og treysta fremur á tölfræðilegar staðreyndir en eigin skynsemi og tilfinningar“ (Sigríður Albertsdóttir, 2002, bls. 18). Svona var hin ráðandi túlkun samtímans, eins og hún birtist í ýmsum fjölmiðlum. Við lestur bókarinnar virðist ádeilan á neytlusamfélagið og ígrundunarlausu þátttöku Íslendinga í öllu sem því fylgir, standa upp úr. Líkt og Moylan og fleiri hafa bent á helst þróun gagnrýnu ólandssögunnar í hendur við uppgang auðvaldsstefnu og hægri afla í stjórnkerfi. Hinn nýi kapítalismi sigldi undir flaggi falskrar útópíu sem hóf upp valfrelsi einstaklingsins og hinn frjálsa markað. Samhliða þessari þróun fylgdi hratt flæði mikilla fjármuna, en langtímahagsmunir bæði hag- og vistkerfa féllu í skuggann (Moylan, 2000, bls. 184).

Árið 2002 voru að komast til vits og ára Íslendingar sem mundu ekkert annað en hægri stjórn. Davíð Oddsson hafði verið forsætisráðherra í rúmlega 10 ár og frjálshyggjan var í algleymi. Hér á landi eins og víða annarstaðar horfði fólk uppá öran vöxt auðvaldshyggjunnar, flest var falt og hugmyndir urðu að veruleika á ógnar hraða. Miklar breytingar lágu í loftinu því brottför Bandaríkjahers frá Miðnesheiði vofði yfir. Stóriðja, virkjanir og álframleiðsla voru í örum vexti hér á landi og samhliða því fjölgaði stórfyrirtækjum með misgóðan bakgrunn. Á sama tíma var uppgangur í listum og menningu og vildu ýmsir meina að þar lægju hin raunverulegu verðmæti þegar kæmi að útflutningi Íslendinga.<sup>20</sup> Ádeilan í *LoveStar* ber þessum tíðaranda merki og vísar til hans með beinum og óbeinum hætti. Andri Snær var á sama tíma sýnilegur í baráttunni fyrir verndun landsins sem litar að nokkru leyti viðtökur bókarinnar. Málflutningur hans í náttúruverndarmálum átti eftir að verða töluvert meira áberandi eftir útkomu *LoveStar*. Í greininni „Er *Draumalandið* sjálfshjálparbók?“ talar Magnús Þór Snæbjörnsson um „vitundarvakningu *Draumalandsins*“ og vísar í ritstjórnargrein úr *Morgunblaðinu* frá árinu 2006, þar sem segir að „stuðningur við náttúruvernd [sé] partur af tíðarandanum“ (Magnús Þór Snæbjörnsson, 2007, bls. 465). Upphaf þessarar vakningar má að nokkru rekja til *LoveStar* og er hún oft sett fram á gráglettinn máta.

---

<sup>20</sup> Frekari greiningu á útrás íslenska listalífsins má t.d. sjá í greininni „Og eftir sitjum við með sektarkennd í brjósti“ (Alda Björk Valdimarsdóttir & Guðni Elísson, 2012, bls. 172-174).

Í *LoveStar* er verið að selja landið. Helsti munurinn milli söguheims og raunheims liggur í því að stórfyrirtækið sem hér á í hlut er ekki erlent heldur á það uppruna sinn á Íslandi. Frumkvöðull þess er óskabarn þjóðarinnar, sem skapað hefur Íslendingum og heiminum öllum atvinnu, auk þess að vilja sem mestan veg alls sem íslenskt er. „Það var LoveStar sem gaf þjóðinni risavöxnu frelsisstyttuna af Jóni Sigurðssyni sem stóð klofvega yfir höfninni. [...] Það var LoveStar sem lét búa til hvelfinguna undir Keili þar sem Davíð var smurður og lagður í glerkistu til hinstu hvílu“ (LS:17). Með húmorinn að vopni fléttar höfundur saman vísanir í sögu Íslands og samtíma, en hnattvæðir það um leið með því að gera þjóðhetjuna að frelsisstyttu og risanum á Ródos og samsama Davíð Oddsson egypskum faraóum, Lenín og fleiri leiðtogum fortíðar. LoveStar veldið breiðir úr sér og byggður er risavaxinn skemmtigarður í Öxnadalnum þar sem hin manngerða náttúra nær hámarki sínu. Þrátt fyrir að yfirborðið beri óspilltri náttúrunni vitni, er það blekkingin ein. „Dalurinn var skurn og eins og ævinlega veltu menn fyrir sér hvað leyndist bak við drangana“ (LS:19). Í sjónhverfingu Öxnadals felst í raun ein stærsta ádeila bókarinnar. Þar stendur bær með „alvöru“ bændum sem búa þar án plasts og rafmagns. Alvaran er þó ekki meiri en svo að smalinn getur sem best horfið inn í hamarinn og hitt þá sem búa þar fyrir handan – þá sem koma úr hinum „raunverulega“ heimi. Slíkur búskapur átti sér nokkurskonar hliðstæður í rómantikinni, þar sem gervibændur bjuggu á fínum landareignum til að aðallinn kæmist í betra samband við náttúruna. Eftir standa stórar spurningar um hvað sé satt og hvað tilbúningur, líkt og í ofurraunveruleikaástandi Baudrillard. Þar er tekið til póstmódernísks veruleika þar sem raunveruleika og tilbúningi er blandað saman uns enginn sýnilegur munur verður á hvar hið raunverulega byrjar og uppspuninn tekur við (Baudrillard, 2000, bls. 14-15). Hér tekur líkingin þó til bæði söguheims og sagnaarfs, því sambýli bændanna við verurnar í klettunum minnir á álfa og huldufólk. Þá má velta því fyrir sér hvort gott sé að vera sæll í sinni fáfræði án þess að vita að heimurinn kring um mann sé uppspuni eða hvort æskilegt sé að komast í tæri við skilningsávexti.

Ekkert er lengur fullkomlega upprunalegt eða satt. Framkvæmdir frjálshyggjunnar sleppa ekki gagnrýnilaust gegnum almenningsálitið, sem birtist í formi „afturhaldssinnaðra menntamanna“ (LS:18). Vísað er í lesendabréf úr *Morgunblaðinu* þar sem einn þeirra fer fram á friðun Öxnadals og finnur framkvæmdunum allt til foráttu. Bréfbúturinn er raunar undirritaður ASM sem vel getur staðið fyrir Andri Snær Magnason. Þar má segja að hefjist sú blöndun skáldskapar og raunveruleika sem höfundur vinnur áfram með í *Draumalandinu* þar sem vísað er til jafns í uppspunnar heimildir og sannar. Að bréfinu loknu er málstaður LoveStar tafarlaust tekinn upp að nýju. „Úrtöllumennirnir höfðu vitanlega rangt fyrir sér eins og ævinlega“ (LS:18).

Þetta stílbragð flokkast undir það sem Slavoj Žižek kallar kaldhæðna gagnrýni, sem hann telur vera grundvallarþátt alræðisþjóðfélaga og það sem heldur þeim gangandi, en segir auðveldlega mega færa yfir á vestræn nútíma samfélög (Kay, 2003, bls. 134). Í fyrrnefndri grein Magnúsar Þórs er þessi hugmyndafræði sett í samhengi við þá gagnrýni sem sett er fram í *Draumalandinu*. „Vestræn hugmyndafræði, einhverskonar blanda frjálslynds lýðræðis, kapítalisma og þjóðernishyggju, er gegnsýrð af kaldhæðinni fjarlægð þegnanna. Fólk firrir sig ábyrgð með kaldhæðnu glotti og vissunni um að það sjái í gegnum kerfið sem það tekur samt fullan þátt í“ (Magnús Þór Snæbjörnsson, 2007, bls. 470). Þessi kaldhæðnislega nálgun getur orðið til þess að taka broddinn úr gagnrýninni, sem verður þá að því sem Anna Björk Einarsdóttir kallar „dólga afbyggingu, útvatnaða og bitlausu“ og telur algengt einkenni á hinni póstmóðernísku vestrænu akademíu (Anna Björk Einarsdóttir, 2007). Að beita skáldsagnaforminu til þess að deila á ríkjandi ástand skapar ákveðna fjarlægð. Höfundur getur að vissu leyti skýlt sér á bakvið skáldskapinn og deilt á ríkjandi ástand í hálfkæringi með kaldhæðni að vopni. Þó má ekki gleyma því að líkt og fjallað hefur verið um hér að framan er satíran eitt af forveraformum gagnrýnu ólandssögunnar.<sup>21</sup> Þrátt fyrir að póstmóðernisminn hafi ef til vill tekið mesta broddinn úr háðsádeilunni er írónía engu að síður ennþá öflugur samfélagsspegill þegar benda þarf á hvað betur má fara.

Hér að ofan hefur verið fjallað um hvernig birtingarmynd náttúrunnar er einn sterkasti undirþráður bókarinnar. Í meistararitgerð sinni kallar Helga Birgisdóttir bókina „umhverfislega“ skáldsögu, sem geti „sýnt okkur hvað verður um heiminn ef við hugsum ekki vel um hann“ (Helga Birgisdóttir, 2007, bls. 98). Greining Helgu byggir á vistrýninálgun eða svokölluðum grænum lestri. Hún segir vistrýna vera fræðimenn með markmið: að gera heiminn betri og fá manneskjur til að finna til með náttúrunni (Sama:19). Slíkum lestri er hægt að beita á vel flest bókmenntaverk en í tilfalli *LoveStar* verður virknin tvöföld, þar sem markmið bókarinnar fellur að markmiði fræðimannsins. Stór hluti ádeilu bókarinnar snýr að inngrípi manns í náttúruna og þeim afleiðingum sem það getur haft. *LoveStar* veldið sér auðlind í náttúrunni, auðlind sem verður að virkja. Í náttúrunni finnast bylgjurnar sem gera mönnum kleift að reikna út ástina. Hún er einnig uppspretta nánast allrar þeirrar merkingar sem ímyndarsköpun stórveldisins þarf á að halda. Eins og hagvaxtarþenkjandi auðvaldi er lagið er þó yfirleitt þörf á dálitlu inngrípi, til þess eins að magna upp áhrifin. Ástarstjarnan yfir Hraundranga er ekki Venus, heldur knippi af úr sér gengnum gervihnöttum (LS:17), lóuverksmiðja framleiðir endurbættar lóur í ferðamannastærð (73% kalkúnar) (LS:56-7) og við

---

<sup>21</sup> Sjá Claves & Sargent, 1999, bls. 1-2.

risavaxið álver á Suðurlandsundirlendinu eru villtir fuglar ræktaðir til þess eins að sleppa þeim í spaða vindmylla sem þar snúast – allt fyrir ferðamennina (LS:143). Að lokum er ekkert eftir sem „náttúrulegt“ getur talist, allt er manngert, hannað fyrir hámarks afköst og markaðsetningu. En þá missir mannskepnan völdin.

Annar sterkur ádeiluþráður bókarinnar hefur staðist tímans tönn og á ef til vill enn betur við nú á tímum samfélagsmiðla heldur en þegar bókin kom út. Handfrelsun mannkyns, sem orðið er sítengt án nokkurra snúra minnir um margt á þá tækniþróun sem heimsbyggðin hefur undirgengist síðastliðinn áratug. Sabine Hueser er ein þeirra fræðimanna sem fjallað hafa um hlutverk tækni og vísinda í póstmódernísku samfélagi. „Póstmódernískt ástand er ekki endilega innreið nýrra tíma heldur frekar endurskilgreining atriða sem skilgreind eru af móðernismanum – sér í lagi það verkefni nýrra tíma að frelsa mannkynið í heild sinni með hjálp vísinda og tækni“ (Heuser, 2003, bls. ix).<sup>22</sup> Handfrjálst mannkyn, ofurselt nútímataekni sem er þróaðri en samtímalesendur geta ímyndað sér er áberandi þáttur bókarinnar. Það er ekki síst í tækni hugmyndunum sem tengslið við vísindaskáldskapinn verða skýr. Tom Moylan segir vísindaskáldsögur sækja kraft sinn í sköpun annarlegs staðar (e. elsewhere) þar sem lesendur geti horfið á vit nýrra hugmynda og tekið þátt í að skapa merkingu og ímynda sér tækniframfarir sem gætu átt sér stað hjá mannkyninu (Moylan, 2000, bls. 4-6). Veröldin sem sköpuð er í *LoveStar* á sér ýmsar hliðstæður í nútímanum, sem býður upp á meiri samsömun lesenda við söguheiminn. Á sama hátt gefst þeim færi á að velta fyrir sér hvort um *framfarir* sé að ræða, eða hvort höfundur hafi skapað framtíðarhrollvekjju með hátæknihelvíti.

„Indriði Haraldsson var handfrjáls nútímamaður og þess vegna gat enginn venjulegur maður séð hvort hann var að verða brjáláður eður ei“ (LS:23). Mannkynið sem kynnt er í *LoveStar* er sítengt við sinn eigin veruleika, og enginn getur vitað nákvæmlega hvað ber fyrir augu sessunautarins. Allt umhverfið miðast við markaðsvæðingu og stemningu. Vörum er beint að ákveðnum markhópum með hjálp gagna sem safnað hefur verið og útreikningum á hvað sé áhrifaríkast. Fólk leigir út líkama sína í auglýsingaskyni, hvort sem um er að ræða talfærin eða líkamann allan. *Auglýsingagalarar* hrópa útreiknuð orð og setningar á hernaðarlega mikilvægum stöðum, en þjóna einnig sem áminningar eða hrós fyrir einstaklinga sem kjósa að nýta sér þjónustu þeirra. *Auglýsingagildrurnar* eru áhrifaríkari en galararnir, því þær leigja einnig út „frumstæð líffræðileg og tilfinningaleg viðbrögð“ (LS:27). *Laumuhýslarnir* eru sýnu

---

<sup>22</sup> Frumtexti, þýðing mín: „Postmodernity is thus not the heralding of a new age so much as the rewriting of some of the features claimed by modernity – particularly modernity’s claim to ground its legitimacy on the project of liberating humanity as a whole through science and technology“.



verstir, en þeir geta verið nánast hver sem er. Hlutverk þeirra er að stunda skipulagðar njósnir á vinum og ættingjum auk þess sem öll samtöl þeirra miða að markaðsvæddri vörustaðsetningu. Persónugerðirnar hér að ofan eiga sér ýmsar hliðstæður á samfélagsmiðlum samtímans, þar sem oft er ekki gott að greina hvað sé raunverulegt og hvað ekki. Á Facebook deila galarar stanslausum auglýsingum í formi (mis)hugvitsamlega hannaðra leikja. Leikirnir eru gjarnan stofnsettir af laumuhýslum sem vinna með þær þarfir og langanir sem algóritminn hefur reiknað út fyrir hvern einstakling sem lifir á öldum ljósvakans. Gildrurnar birtast svo í formi áhrifavalda, sem gegn greiðslu, gjöfum og athygli prófa föt, matvæli, húsbúnað og fleira á eigin skinni fyrir allra augum, með það fyrir augum að fjölga í kaupendahópnum.<sup>23</sup> Þegar hefur verið fjallað um jaðartungumál undirmálshetju ólandssögunnar í 2. kafla hér að framan. Liður í áætlun ÍSTAR við að stífa Indriða og Sigríði í sundur er að gera hann að galara og svipta þannig tungumál hans merkingu sinni. Þetta kallast á við kenningar Baccolini um útilokun undirmálshetjunnar frá tungumálinu, sem í meðförum hennar er gert merkingarlaust (Baccolini, 1995, bls. 295). Þegar Indriði losnar undan kvöðum gölunarinnar getur hann loks hafist handa við að eltast við ástina. Þannig er endurheimt tungumálsins tækifæri til að hefja andspyrnu og verður, eins og Darko Suvin hefur fjallað um, drifkraftur ólandssögunnar (Suvin, 1988, bls. 77).

Sítenging mannkynsins sem birtist í *LoveStar* kallast um margt á við það alsæissamfélag sem oft er deilt á í ólandssögum. Afmennskun þegnanna á sér stað, þar sem líf þeirra verður miðstýrt og hegðunin byggir í síauknu mæli á vélrænum útreikningum. Erica Gottlieb hefur fjallað um það sem hún kallar valdhafann bakvið grímuna (e. dictator behind the mask) og á þar við árdaga gagnrýnu ólandssögunnar. Hún fjallar um þema afmennskunar og birtingarmyndir mannskepnunnar sem vélar. Ótta af þessu tagi rekur hún til tækniþróunar og vélmenna sem líkist mannskepnunni í æ meira mæli. Sú þróun telur hún að haldist í hendur við óttann við að manneskjan tapi mennsku sinni og einstaklingseðli og breytist í vél (Gottlieb E. , 2001, bls. 57). Gottlieb tengir þetta verkum þar sem alsæissamfélög eru helsta stýrikerfið og bendir á hvernig ádeila bókanna felst oftar en ekki í því að sýna fram á ófrelsi einstaklingsins (sama:78-9). Í *LoveStar* er áherslan hins vegar sú að sýna fram á hið fullkomna frelsi einstaklingsins, frelsi sem þó takmarkast af kerfinu. „Heilbrigður og handfrjáls nútímamaður hafði ekkert að fela (og gat hvergi falið sig). Ef einhver kramdi eða bölvaði upptökufiðrildunum

---

<sup>23</sup> Í útvarpsþættinum *Bók vikunnar* þar sem fjallað var um *LoveStar* benti Jóhannes Ólafsson á hvernig sjá má hliðstæðu samreiknaða fólksins í stefnumótaforritinu Tinder, þar sem fólk kynnir sér útlit og áhugamál annarra þátttakenda og reiknast svo saman eftir því (Jóhannes Ólafsson, 2017). Þá eru ónefndir galarar samfélagsmiðla sem dreifa misinnihaldsríkum hrósum eins og áburði – en ætlast að sjálfsögðu til að uppskera eins og þeir sá.

sem flögruðu um allt spurðu menn; „Hvað hefur hann eiginlega að fela?“ og gróusögur fóru á kreik“ (LS:54). Alsæið er því fullkomið og sömuleiðis frelsið, fyrir þá sem fara eftir reglum kerfisins. „LoveStar og sérfræðingar hans hlutu að leysa fólkið undan áþján frelsisins [...] LoveStar hefði sagt að Indriði og Sigríður væru með síðustu fórnarlömbum frelsisins. Þeim var nær, þau hefðu átt að haga sér vísindalega og bíða síns tíma“ (LS:100 og 99). Orðræðan um frelsið kemur óþægilega við kaun þeirrar ríkjandi frjálshyggju sem einkennt hafði íslenskt samfélag um langa hríð þegar bókin kom út. Frelsi er það sem allir sækjast eftir, en sumir eiga í meira mæli en aðrir, og er alls ekki allra.

### 3.3. Íslensk ólandssaga?

Þegar litið er til flokkunar Claeys og Sargents sem höfð er að leiðarljósi í þessari ritgerð kemur í ljós að þrátt fyrir að *LoveStar* sé gagnrýnin ólandssaga svipar henni að einhverju leyti til þess sem Claeys og Sargent kalla and-útópíu. Slíkar bókmenntir einkennast af þeirri ætlan höfunda að setja fram gagnrýni á ákveðna útópíska hugmyndafræði eða tiltekna útópíu. Ljóst er að í *LoveStar* er markútópían vestrænt kapítalískt samfélag og framkoma þess gagnvart náttúrunni. Gagnrýni bókarinnar getur raunar átt við stærstan hluta hins vestræna heims. Höfundur kys hins vegar að velja henni sögu svið á Íslandi, í stað þess að skapa alheimsstaðleysu á ótilgreindum stað á ónefndum tíma. Bókin byggir ekki einungis á íslenskri náttúru og samtímameningu heldur sækir hún einnig markvisst í íslenskan bókmenntaarf og mikið af persónum og hugtökum er þaðan komið. Þannig bera Indriði og Sigríður nöfn hinna íslensku Rómeó og Júlíu úr *Pilti og stúlku* (1850) Jóns Thoroddsen. Jónas Hallgrímsson og lóan hans eru miðlægt tákni, Jón Sigurðsson kemur við sögu auk annarra þekktu fyrirbæra úr íslenskri sögu og samfélagi. Innan söguhengisins og söguheimsins alls eru íslensk menning og náttúra í fyrirrúmi, færð í nokkuð hefðbundinn vísindaskáldsögu/ólandssögu búning. Hér er um að ræða frásagnartækni sem á íslensku hefur verið nefnd blöndun og má rekja til hugrænnar bókmenntafræði og kenninga innan hennar sem kenndar eru við Gilles Fauconnier og Mark Turner. Blöndunarkenningin felur í örstuttu máli í sér að mannshugurinn sé samsettur úr margvíslegum hugrúmum (e. mental spaces). Þessi hugrúm geyma síðan hvert um sig mismunandi upplýsingar, sem hugarstarfsemi mannsins er fær um að blanda saman á skapandi hátt (Fauconnier & Turner, 2003, bls. 40). Hugrúmin fela síðan í sér mismunandi ílagsrúm og skipulagsramma sem leggja í mismiklu mæli til blöndunnar. Hér getur verið um að ræða samspil margra ólíkra þátta, sem saman skapa hið blandaða svið (Bergljót S. Kristjánsdóttir, 2015, bls.

17).<sup>24</sup> Í þessu tilfelli má segja að skipulagsramminn sé hefðbundin ólandssaga en ílagsrúmin komi úr íslenskri menningu.

Í greininni „Fyrirmyndarsamfélagið Ísland“ fjallar Sumarliði R. Ísleifsson um hvernig ímynd Íslands hefur oft verið byggð á útópískri hugmyndafræði. Hann bendir á hvernig útópía er ekki hið eina sanna fyrirmyndarríki, eins og oft má lesa úr umræðu um hugtakið. Útópían er ein undirgerða fyrirmyndarsamfélagsins, en sker sig frá hinum að því leyti að hún er heilsteypt lýsing á samfélagskerfi, meðan aðrar undirgerðir eru það sem kalla mætti forútópískar (Sumarliði R. Ísleifsson, 2002, bls. 118). Ein þeirra gerða fyrirmyndarríkis sem Sumarliði fjallar um í tengslum við birtingarmyndir Íslands er *arkadían* þar sem íbúarnir lifa frumstæðu lífi í samræmi við náttúruna og það sem hún hefur upp á að bjóða (Sama:119). Í *LoveStar* er að finna einskonar hátækniarkadíu, þar sem vísindi og framfarir skapa tilbúna og öfgakennda mynd byggða á hugmyndafræði og ímyndarsköpun þjóðar sem hefur í hávegum gildi þjóðskáldanna og hinna óspilltu náttúru.

Eins og í mörgum öðrum vísindaskáldsögum er tæknin höfuðskepnan í söguheimi *LoveStar*. Ádeilan á tæknihagkerfið er sambærileg þeirri sem menn á borð við Martin Heidegger, Ludwig Wittgenstein og fleiri hafa sett fram. Páll Skúlason hefur fjallað um fyrirbærið á forsendum heimspeki og bent á hvernig tæknihagkerfið tekur yfir menninguna, markaðinn, þjóðríkin og heiminn allan. „Með orðalagi Heideggers hefur Veran tekið á sig mynd tækninnar þar sem allt snýst um að virkja náttúruöflin í þágu framleiðslu sem kallar á sífellt meiri orku“ (Páll Skúlason, 2015, bls. 126). *LoveStar* stórveldið virkjar orku náttúrunnar ekki í skilningi þeirrar hefðbundnu stóriðju sem er Íslendingum að góðu kunn og náttúruverndarsinnar hafa sett sig upp á móti, heldur virkjar það ímynd hennar. Ísland hefur ákveðna merkingu og menning þess og þjóðararfleifð einnig. Kunnugleg tákni úr íslenskri menningu eru blásin upp í bókstaflegri merkingu, með það að markmiði að þjóna stemningunni, hagkerfinu og neyslunni. John C. Davis segir arkadíuna ekki rúma vísindi heldur teljist tæknileg fáfræði til forréttinga sem menn hafi áunnið sér með siðmenningunni (Davis, 1984, bls. 27). Þetta má að vissu leyti heimfæra á samfélag bókarinnar, þar sem stórfyrirtækið leitast við að losa þegna sína undan „áþján frelsisins“ (LS:100). *Arakdían* og náttúran eru upphafnar á frumstæðan hátt og flestir lifa að hluta til í samræmi við hana, í því formi sem hún birtist. Náttúra *LoveStar* er hins vegar

---

<sup>24</sup> Ekki verður hér farið í að útskýra nákvæmlega mismunandi efnisþætti og einingar blöndunarkenningarinnar. Fyrir nánari útlistun sjá greinina „Að „lykta úr opinni Nifjakremsdós““ (Bergljót S. Kristjánsdóttir, 2015, bls. 15-25)

ekki óspillt og hrein heldur verksmiðjuframleidd. Forréttindi fáfræðinnar gera það þó að verkum að þeir fagna þessari nýju manngerðu paradís – og er alveg sama.

Með því að virkja blandaða sviðið í krafti íslenskrar menningar og táknotkunar aukast líkurnar á því að íslenskir lesendur finni til samlíðunar með persónum hennar og aðstæðum þeirra. Vísanir í kunnuglegar aðstæður sem og menningarleg fyrirbæri sem fólk samsamar sig gera lesendum hægara um vik að upplifa söguna og þá ádeilu sem þar er sett fram sem eitthvað sem komi þeim við og þeir ættu ef til vill að taka til sín. Það er eðlilegt að sögusamúðin liggja með elskendunum sem ekki fá að eigast og að í þeim holdgerist einnig upphafning hinnar raunverulegu undirsögu – sögu náttúrunnar – í lokin. Raunar mætti kalla slíka upphafningu edeníska, þar sem hið ósnortna mannkyn rennur saman við villt gósenland náttúrunnar. Í grein í *Lesbók Morgunblaðsins* setur Páll Skúlason óöryggi og óvissu nútímamannsins í samhengi við brostið trúnaðarsamband hans við náttúrulegt umhverfi sitt, maðurinn sé eins og vél sem ekki nemi náttúruna lengur sem merkingarbæra heild. Þar leggur hann einnig áherslu á að kenna börnunum, komandi kynslóðum, nýja siði og nýja nálgun á náttúruna (Páll Skúlason, 2005, bls. 4). Endir bókarinnar er opinn, sem er eitt það sem helst skilur gagnrýna ólandssögu frá and-útópiu. Úr honum má lesa von, fyrir komandi kynslóðir, þar sem arkadían fullkomnast í sjálfsþurftarbúskap Indriða og Sigríðar í óbyggðunum og endurspeglar um leið frelsi útilegumanna sem áður fyrr flúðu til fjalla og sögðu sig úr lögum við samfélag manna. Þau eru horfin aftur til fortíðar og byggja afkomu sína á sambandi við náttúruöflin. Nálgun þeirra byggir á því að nema náttúruna sem heild, hvort sem er mjólkinn úr spenum grimma úlfsins eða flug kríunnar. Lokaorð bókarinnar fela þó ekki síst í sér von fyrir vistkerfið. Sigríður hefur plantað fræi bænanna og elskendurnir standa úti undir beru lofti og virða fyrir sér flug paradísarfuglanna (sem kallast á við upphaf bókarinnar) moldug um fingurnar. „Fræ verður skógur“ (LS:275).

#### 4. *Hrímland*, hið seiðmagnaða óland.

„Eyland“ nefnist fyrsti hluti *Hrímlands* (2014) eftir Alexander Dan Vilhjálmsson. Þessir titlar eru fyrstu vísbendingarnar af fjölmörgum öðrum sem lesendur verða að leita að víðsvegar um bókina, til að púsla saman margslungnum söguheiminum sem birtist á síðum hennar. *Hrímland* er furðusaga þar sem huldufólk, mannfólk og aðrar vættir takast á í ýmsum skilningi. Æðsta menntastofnun landsins er Svarti skóli í Reykjavík þar sem ungt fólk, misánætjað seiðmögnum eiturlyfjum leggur stund á galdur og seið. *Hrímland*, „flæðisker sem ofmetnaðist og ákvað einn daginn að kalla sig eyju“ (Alexander Dan Vilhjálmsson, 2014, bls. 201)<sup>25</sup> er aðili að Kalmarssambandinu sem stjórnað af Krúnunni og útsendara hennar, Trampe greifa. Á *Hrímland* býr ennþá huldufólk, en því hefur verið útrýmt af mönnum víðast hvar annarstaðar, þegar heimur þeirra í hliðstæðri vídd við mannheima hrundi. Eftir standa þó óútskýrðar víddir, svo sem Gleymdi miðbærinn, undarleg skuggahlið Reykjavíkur, þar sem ókunn náttúrulögmál gilda og hrævareldar reyna að lokka fólk í gin skrímsla. Marbendlar synda um höf og vötn en himninum ráða náskarar, risavaxnir járnhentir hrafnar sem þrífast á eiturlyfjasölu og ættbálkaerjum. Þvert á vilja sinn deila þeir þó himinhvolfinu með loftkastalanum og tvíþekjum hans, risavöxnu fljúgandi virki úr járn og reyk, búnu fallbyssum og gjallarhornum, vel til þess föllnu að brjóta niður borgaralega óhlýðni. Lægst sett allra í *Hrímlensku* samfélagi eru blendingarnir, afkvæmi huldufólks og mannfólks.

Efnistöð og söguvið *Hrímlands* sækja um margt til fantasíunnar og lesendum verður fljótlega ljóst að í heiminum sem birtist í bókinni ríkja önnur lögmál en þeir eiga að venjast. Þó hér verði áherslan lögð á að fjalla um *Hrímland* sem gagnrýna ólandssögu er ekki úr vegi að líta í upphafi til nokkurra fantasíu einkenna. Einn þeirra fræðimanna sem fjallað hefur um bókmenntagreinina er Rosemary Jackson, en í bók sinni *Fantasy: The Literature of Subversion* setur hún fram kenningar um ýmsa virkniþætti og umfjöllunarefni fantasíubókmennta. Jackson leggur sérstaka áherslu á fantasíuna sem birtingarmynd ímyndunar og þrár. Greining hennar leggur áherslu á að staðsetja verkin innan sögu- og menningarlegs ramma höfundarins og því sé mikilvægt að líta til afstöðu hans þegar verkið er rannsakað (Jackson, 1986, bls. 3-4). Jackson telur að fantasíur í bókmenntum, líkt huglægar fantasíur mannskepnunnar, byggji á þrá eftir einhverskonar horfnum heimi. Þær geti bæði vitnað um og afhjúpað þrárnar, eftir því hvort þær séu samfélagslega viðurkenndar eða ekki. Í síðara tilfellinu dragi fantasían upp á yfirborðið það sem þaggað hefur verið niður og látið ósagt í samfélaginu. Óraunveruleiki fantasíunnar þróist í

---

<sup>25</sup> Hér eftir verður vísað til *Hrímlands* með bókstafnum H og blaðsíðutali í sviga.

samræmi við síbreytilegan raunveruleika heimsins. Þannig byggi nútímafantasían heim sinn meðal annars á goðsögum, þjóðsögum og ævintýrum (Sama:4-5).

Mikið af þessum kenningum má heimfæra á *Hrímland*, en þar birtist að nokkru leyti löngu horfinn veruleiki Íslendinga sem lifðu í ótta við náttúruna og trúðu á stokka og steina. Heimurinn er forn og ýmsar vættir búa samhliða mönnum í sama heimi, eða að minnsta kosti hliðstæðum víddum. Tengingar við það sem lesendur gætu kallað raunveruleika sækja gjarnan til sögu og menningar þess íslenska samfélags sem höfundur sprettur úr og deilir á. Tzvetan Todorov talaði um hikið (e. hesitation) sem einkenni á fantasíum, það er þegar hugurinn ákveður hvort eitthvað sé raunveruleiki eða ímyndun. Hikið getur átt sér stað bæði hjá söguhetjum og lesendum (Todorov, 1987, bls. 25-6). Þrátt fyrir að skilgreining Todorovs vísi ekki til samskonar hiks og finna má í *Hrímlandi* beittir Alexander nokkurskonar útfærslu af hiki þegar hann varðar söguna hugtökum, minnum og staðsetningum sem lesendur þekkja úr raunveruleikanum í bland við ókennilegan fantasíuheiminn. Með því að skapa ímyndaða jaðarhópa eins og huldufólk og blendinga auk þess að draga fram og ljá líkama kynjaverum úr þjóðsögum, dregur Alexander fram bælda og þaggaða jaðarhópa hins raunverulega samfélags. Ævintýraheimurinn endurspeglar spennu og átök í raunveruleikanum og uppspunnar persónur og atferli þeirra verður að táknsögu sem lesa má í gömlu samhengi og nýju.

#### 4.1. Ólandið á Hrímlandi

*Hrímland* fylgir ekki því byggingarlíkani ólandssagna sem kynnt var hér í upphafi með línulegum hætti. Frásagnartækni hennar tekur fyrsta liðinn, *slæmu samfélagi lýst*, út fyrir sviga. Upplýsingar um ólandið þar sem sagan á sér stað birtast smám saman, en lesendur fá í raun ekki heildstæða mynd af samfélaginu og spillingu þess fyrr en við sögulok. Það þýðir ekki að fyrsti liðurinn sé ekki til staðar heldur átta lesendur sig hægt og bítandi á því hversu slæmur söguheimurinn er og hvernig honum er háttað. Í stað þess að ramma söguviðið inn strax í upphafi hefst sagan á *þröngu sjónarhorni* sem sýnir *óánægðan borgara*, eða á öðrum lið líkansins. Listakonan Garún spreypjar graffití verk á vegg. Myndin vekur strax upp hugrenningatengsl við veggjakrot og þar af leiðandi einhverskonar samfélagslega jaðarhópa og undirmálsfólk. Í ljós kemur að Garún hefur blandað seiðmögnum eiturlýfi, delýsíði, í litina og ljær þannig verki sínu galdramátt. Auk þess er hún stödd á stað sem er kunnuglegur, en þó ekki.

Garún stóð uppi á þaki Krambúðarinnar, verslunar í eigu Sigurðar Thorvaldsen, kaupmannsins sem rak fjölmörg fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Þetta var ein vinsælasta nýlenduvöruverslun

borgarinnar. Sigurður hafði flust til Reykjavíkur og opnað verslun næstum sama dag og hernám Krúnunnar hófst. Ekki fyrir hermennina, heldur allt fólkið utan af landi sem streymdi til borgarinnar til að vinna fyrir herinn. Krúnan þurfti mikið vinnuafli, sérstaklega við að byggja virkin í Viðey og á Seltjarnarnesinu (H:8).

Örnefnin eru kunnugleg, sem og meintir fólksflutningar landsbyggðarmanna til Reykjavíkur til þess að vinna fyrir ótilgreindan her, sem kalla má minni í íslenskum bókmenntum á 20. öld.<sup>26</sup> Eitthvað er þó ekki alveg eins og það á að vera, veruleikinn er kunnuglegur en þó ekki fullkomlega sá sami. Þessi tveggja heima sýn í upphafi bókarinnar endurspeglast síðar í sögunni og í þeim mörgu veröldum og víddum sem söguviðið spannar. Fljótlega kemur í ljós að fleiri kunnugleg minni hafa verið færð í nýjan búning. Krambúðin meinar „öllu huldufólki og öðrum skríl“ aðgang (H:8) og á brautarstöðinni Hlemmi hýrist útigangsfólk, „[r]ónar, dópistar, örfáir blendingar“ (H:9). Rétt seinna komast lesendur að því að Garún, sem þeir fylgja gegnum borgina, er blendingur, lægst sett af öllum lágt settum. Upplýsingabrot af þessu leiti aðstoða lesendur við að móta söguviðið eftir því sem á lesturinn líður. Þeir læra fljótt að rík valdastétt stýrir samfélaginu sem mettað er af einræði og spillingu. Stéttaskiptingin er mikil en grundvallast ekki síður á uppruna en auðæfum. Huldufólkið, hin fallna valdastétt þykir ekki merkilegur pappír í augum mannfólksins en tegundirnar tvær geta þó sameinast um að hata blendinga.

Líkt og Moylan og fleiri benda á birtir texti ólandssögunnar samfélag sem líkist samfélagi höfundar en er sínu verra. Sjónarhornið er bundið við óánægða persónu eða þjóðfélagsstétt (Moylan, 2000, bls. 155). Í *Hrímlandi* birtast og blandast tvær stéttir undirmálsfólks sem endurspeгла einstaklinga á jaðri hins raunverulega samfélags. Garún er ímynd þeirra sem gjalda fyrir uppruna sinn og eðli. Hún getur til dæmis staðið fyrir fólk af erlendum uppruna, annarrar kynslóðar innflytjendur, samkynhneigða eða börn kvenna sem voru í „ástandinu“ svo eitthvað sé nefnt. Kærasti hennar, Sæmundur óði, tilheyrir öðrum minnihlutahópi sem er áberandi í bókinni, eiturlyfjaneytendum. Sæmundur er raunar birtingarmynd geðsjúka snillingsins sem er algengt minni ólandssagna, líkt og fjallað var um hér í kaflanum um *LoveStar*. Fyrirmyndarnemandi sem flosnar upp úr námi sökum ofmetnaðar. Hann leggur stund á galdur í Svarta skóla en gefst upp á náminu því honum finnst regluverkið og kennslan takmarkandi og einskis nýt. Með innsæi, metnaði og eiturlyfinu hálandamosa

---

<sup>26</sup> Frekari umfjöllun um þetta er meðal annars að finna í kaflanum „Blessuð sértu sveitin mín“ í *Íslenskri bókmenntasögu IV* (Dagný Kristjánsdóttir, 2006).

leggur hann af stað í vegferð sem ýtir þekkingu hans á galdri út á ystu nöf, en hefur um leið skelfilegar afleiðingar.

Þrátt fyrir að samband þeirra Garúnar og Sæmundar sé runnið út í sandinn við upphaf sögunnar mynda þau í sameiningu þær undirfrásagnir sem drífa söguna áfram. Bæði berjast þau fyrir einhverskonar samfélagslegum breytingum. Sæmundur lifir á jaðrinum, hegðan hans er andfélagsleg og hann þyrstir í þekkingu sem yfirvöld hafa skilgreint sem forboðna. Garún tilheyrir hinum raunverulega *andspyrnuhópi*, sem berst fyrir byltingu og valdaráni. Röð tilviljana verður þess valdandi að þau sameinast í andstöðu sinni gegn Krúnunni og hjálpast að við að eyðileggja loftkastalann, ásamt félögum Garúnar, Hrólfi, Diljá og Katrínu. Uppreisnin er blóðug og veldur töluverðum usla þrátt fyrir að við ofurefli sé að etja. *Ósigur byltingarinnar* verður algjör þegar í ljós kemur að Hrólfur hefur siglt undir fölsku flaggi. Öll áform þeirra reynast hafa verið liður í áætlun Krúnunnar um að losna við stiftamtmanninn, Trampe greifa. Diljá hafði verið drepin fyrr í átökunum en þær Katrín og Garún eru líflátnar. Ekki er hægt að tala um að *Hrímlandi* ljúki með sýn góðu staðleysunnar en þó er ofurlitla von að finna við sögulok. Áður en andspyrnuhópurinn lætur til skarar skriða við amtmanninn hefst hann við í Huldufirði. Þar nýtur hann aðstoðar tveggja blendingsbarna sem augskýtilega hafa orðið fyrir sterkum innblæstri af meintri byltingu með blending í fararbroddi. Þó lítið sé vitað um afdrif þeirra við sögulok og ljóst að þótt byltingin sem þau trúðu á hafi verið brotin á bak aftur geta lesendur mögulega talið sér trú um að þarna hafi einhverjum *fræjum verið sáð*.<sup>27</sup>

Þau Garún og Sæmundur eiga það sameiginlegt að eiga sér hugsjón sem þau berjast fyrir. Byltingar þeirra fléttast saman af þeim sökum en forsendur Sæmundar eru þó allt aðrar en undirmálskonunnar sem berst fyrir samfélagslegri viðurkenningu.

Strax í upphafi námsins höfðu umdeilanlegar kenningar Sæmundar fengið fræðimannaklíkuna á móti honum. Hann hafði hættulegar skoðanir á eðli galdurs og vildi ólmur komast að því hvað fengi hann í raun til þess að virka. Hann vildi komast í beina snertingu við uppsprettuna. Þetta taldi Svartiskóli vægast sagt vera hættulegar hugmyndir, og þá sérstaklega rektorinn. Áður en hann vissi af var hann kallaður „Sæmundur óði“ af samnemendum sínum og kennurum. Hann var stimplaður sem ruglaður utangarðsmaður sem átti ekkert erindi í æðri menntastofnun (H:16).

Eftir að Sæmundur er rekinn úr Svartaskóla leggur hann stund á sjálfstæðar rannsóknir á göldrum og seiði. Öfgakennd þekkingarleit hans markast í síauknum mæli af notkun eiturlyfja

---

<sup>27</sup> Hér er áhugavert að bera saman virkni Huldufjarðar og sveitabæjarins Svanga í bókinni *Eylandi* sem fjallað er um hér í 5. kafla. Hvor um sig er staðleysa innan menningarinnar þar sem andspyrnuhóparnir fá rými til þess að blómstra, úr sjónmáli stjórnvalda.



og annarra ólöglegra efna sóttu til náttúrunnar, sem og tilraunum í galdrastarfsemi sem færa hann sífellt nær jaðrinum – mörkunum milli heima. Snemma í *Hrímlandi* brýst hann inn í leynilegustu deildir bókasafns Svartaskóla, með mannfórnum og hættulegum göldrum, og stelur þar blaðsíðu úr *Rauðskinnu* Gottskálks grimma, með það fyrir augum að særa fram veru úr handanheimum sem hjálpi honum að öðlast betri skilning á eðli galdurs.<sup>28</sup> Það tekst en verknaðurinn leiðir til þess að hann verður að drepa velstæðan skólabróður sinn, bókasafnsvörð skólans og það sem ef til vill tekur mest á hann, köttinn hennar Garúnar. Svo óheppilega vill til að atburðurinn á sér stað sama kvöld og lögreglumenn sitja fyrir Garúnu sem hefur laumast yfir í Gleymda miðbæinn. Yfirvöld setja atburðina í samhengi sem verður á endanum til þess að Sæmundur dregst inn í andspyrnuhóp Garúnar og hjálpar þeim – um leið og hann lætur reyna á eigin mátt og megin.

Sæmundur rís á eigin spýtur gegn regluverki og stjórnkerfi landsins. Forsendur hans byggja á eigin hagsmunum – hann er vísindamaðurinn sem ofmetnast í þekkingarleitinni. Bylting Garúnar er einnig að hluta til drifin af sérhagsmunum, því hennar hjartans mál er að berjast fyrir réttindum blendinga og þar með sínum eigin. Í persónu Sæmundar renna saman ýmsir minnihlutahópar úr söguheimi bókarinnar, en einnig úr Íslandssögu og samtíma höfundar. Hann er galdramaður sem fer á svig við reglurnar, munaðarlaus og fátækur piltur sem efnaður prestur tekur upp á arma sína sökum einstakra hæfileika, snillingur sem sólundar gáfum sínum og efnum í eiturlyf. Þessi atriði eru liður í því að gera sögu hans að undirsögu og aðgerðir hans að byltingu innan sögunnar. Með sanni má segja að honum takist að *sigrast á ríkjandi samfélagsformi* í lokin, þegar hann nær áður óþekktum tókum á galdri. Níðstöng sem hann reisir tortímir loftkastalanum en eftir það hverfur hann á vit náttúrunnar, sem í bókinni er talin bæði seiðmögnuð og hættuleg. Þar nær hann, með hjálp kynjaverunnar sem hann hafði sært fram og kallar Kölska, áður óþekktu valdi á göldrum og seiði. Hann rennur saman við náttúruna og landvættina í búningi berggrisans og snýr aftur til Reykjavíkur til þess að bjarga Garúnu. Tímaskyn hans og skynjun öll er hins vegar ekki lengur í takt við mannfólkið og þó hann leggi tímanlega af stað er það orðið allt of seint. Þó er ekki hægt að tala um eiginlegan *ósigur byltingar* hans, þar sem honum tekst að öðlast allt sem hann þráði, þó svo að Garúnu verði að fórna. Stjaksett höfuð hennar og innyfli spegla hrosshausana sem Sæmundur notar við galdur

---

<sup>28</sup> Hér er vísunin í *Galdra-Loft* Jóhanns Sigurjónssonar augljós. Sæmundur vísar einnig til þjóðsagnaarfsins með útúrsnúningnum á nafninu Sæmundur fróði, auk þess sem hann fer stærstan hluta sögunnar ferða sinna með Kölska í eftirdragi, og beislar hann líkt og nafni hans fróði.

níðstangarinnar á áhugaverðan hátt og vekur upp spurningar um hverju sé í lagi að fórna fyrir hvaða málstað.

#### 4.2. Ádeila. Seiðurinn í okkur sjálfum

„Ég túlka orðið „fantasía“ mjög frjálsglega. Eitt orð, ein líking eða heil atburðarás getur vakið upp fantasíuna. Oft virðist mér þetta heppilegasta leiðin til að brjóta niður föst orðatiltæki í málinu sem fleyta nánast viðstöðulaust áfram hefðbundinni hugsun.“ (Svava Jakobsdóttir, 2005, bls. 66). Með þessa lýsingu Svövu Jakobsdóttur á fantasíuhugtakinu að leiðarljósi er áhugavert að nálgast framsetningu ádeilunnar í *Hrímlandi*. Í sögum Svövu var oft ætluðum misskilningi og útúrsnúningum beitt til þess að afhjúpa það sem ádeilunni var beint að. Alexander Dan leikur svipaðan leik þegar hann vekur upp kunnugleg minni úr íslenskri menningu, en ljær þeim um leið framandlegan blæ svo úr verður fersk sýn sem afhjúpar ýmsa vankanta á samtíma höfundar. Á blaðsíðum *Hrímlands* birtast mörg lög íslensks samfélags, raunverulegs og ímyndaðs. Mikið af ytra umhverfi er sótt til atriða úr Íslandssögunni. Ísland er undir stjórn Krúnunnar og konungsins í Danmörku, en Krúnan er hluti af Kalmarssambandinu. Innréttingarnar eru fremsta viðskiptaveldi landsins og aðalsmenn bera dönsk ættarnöfn. Höfundur færir sig þó líka nær nútímalesendum með því að láta fjöldamótmæli fara fram á Austurvelli, þar sem sísýnileg lögregla grípur til áður óþekkts ofbeldis til að tjónka við mótmælendur. Fortíð og nútíð eru síðan brúuð með forneskju sprottinni úr þjóðtrú, bókmenntaarfi og íslenskum sagnaheimi. Eva Hauksdóttir, pistlahöfundur *Kvennablaðsins* segir *Hrímland* vera til þess fallna að „leiðrétta hugmyndir Íslendinga um eigið samfélag“ (Eva Hauksdóttir, 2014). Hún heldur áfram og segir:

Höfundur notar sögulega atburði til að varpa ljósi á pólitísk deilumál nútímans, fléttar saman þjóðsagnaminni og jaðarmenningu okkar tíma og leikur sér að samspili trúar og vísinda, galdurs og listar. Sagan er snörp ádeila á heimsvaldastefnu, eftirlitssamfélag, yfirvaldshyggju, auðlindarán, kynþáttafordóma, trúarkreddur, og vísindasamfélag sem er fullkomlega laust við sjálfsgagnrýni (sama).

Ljóst er að ádeilu í *Hrímlandi* má nálgast frá ýmsum áttum. Hér verður þó aðal áhersla lögð á blöndunarvirkni í krafti íslenskrar menningar og hins nýja samfélags ólandsins.

Fyrr á þessum blaðsíðum var eitt grundvallarhugtak ólandssögufræðanna, „social elsewhere“ þýtt sem „samfélagslegur ókennileiki“. Samkvæmt Tom Moylan og fleiri fræðimönnum er þessi ókennileiki eitt af höfuð einkennum ólandsögunnar, þar sem samfélag

hennar sé annar og mun verri staður en lesendur þekkja. Einnig er þó mikil áhersla lögð á skírskotanir til samfélags söguhöfundar. Í þessu samhengi er áhugavert að líta til kenninga Sigmund Freud um ókennileikann (þ. *das unheimlich*). Freud kallar það ókennileika þegar eitthvað sem áður var kunnuglegt birtist í nýju en hræðilegu samhengi. Samhliða því að vekja með einstaklingnum kunnugleikatilfinningu virkjar það hugmyndina um að ekki sé allt með felldu og sem veldur ótta og ókennileika (Freud, 2003). Þetta kallast á við blöndunarkenningar hugrænna fræða sem kynntar voru hér í upphafi. Mark Turner hefur fjallað um það sem kalla má tvísviðssögur (e. *double-scope stories*) þar sem tenging (e. *mapping*) og vörpun (e. *projection*) tveggja sagna byggja í sameiningu nýja formgerð blandaðrar sögu (Turner, 2003, bls. 118). *Hrímland* er blönduð frásögn sem rís í krafti *íslenskrar fortíðar* og *íslenskrar samtíðar*. Bæði sviðin leggja til efniseiningar sem fá mismunandi virkni innan blandaða sviðsins, en þar er til dæmis um að ræða sagnaminni úr bókmenntasögu, þjóðtrú, hindurvítni og dægurmenningu, svo fátt eitt sé nefnt. Framandgerving orða og hugtaka verður til þess að lesendur nálgast söguheiminn og atburði hans á afhjúpanði hátt. Hið kunnuglega verður ókunnuglegt og er að sama skapi vel til þess fallið að fá lesendur til að sjá sinn eigin samtíma í nýju ljósi.

Stór þáttur af þjóðernislegri sjálfsmynd Íslendinga er hugmyndin um sjálfstæðið. Eylandið afskekkt sem braust undan konungsvaldi Norðurlandanna og lýsti yfir fullveldi. Í *Hrímland* eru lesendur hrifnir tæpa öld aftur í tímann, landinu er stjórnað af alþjóðlegu samveldi sem hefur lítil tengsl við hrímlenskt samfélag. Upp spretta kunnugleg minni eins og fjarverandi konungur og umboðsmenn hans sem í krafti valds síns komast upp með nánast hvað sem er. Þótt ekki sé talað um maðkað mjöl, er ljóst að verslun með munaðarvörur er ekki fyrir hvern sem er. Afburðanemendur sigla til náms í Konunglega háskólanum í Hafnínú og stéttaskipting byggð á ýmiskonar mismunun er áberandi. Höfundur gengur skrefi lengra með samlíkinguna þegar hann lætur landsmenn tilbiðja líkneski af Kalmarskonunginum í kirkjum sínum. Hér og hvar finnast gömul hof sem innihalda leifar hinna fornu landvætta. „Það var tæknilega séð ólöglegt að aðhyllast aðra trú en þá sem hin konunglega kirkja boðaði um guðlegan rétt konungsættarinnar til að ríkja og drottna, veittan af tengingu konungsins við almættið og forfeðurna gegnum alvaldsvélina. Krúnan leyfði þó hofinu að standa, af virðingu við landið. Það mátti ekki iðka trúna opinberlega, en fólk mátti blóta á laun“ (H:138). Stjórnskiptunum er þannig snúið uppá trúskiptin, annan mikilvægan þátt í sögu Íslands og menningu.

Táknmál bókarinnar dvelur þó ekki bara í fortíðinni. Þar birtist sneiðmynd af undirheimum Reykjavíkur, sem talar að vissu leyti til hinnar ört vaxandi glæpasagnahefðar í íslenskum og norrænum bókmenntum. Landinu er stjórnað með harðræði. Lögreglan er á hverju götuhorni og refsar þeim grimmilega sem gerast brotlegir við lögin. Auk þess að vera vopnuð og sérlega ofbeldisfull hefur hún, í samstarfi við Krúnuna, á sínum snærum seiðskratta, sem beita yfirnáttúrulegum kröftum til þess að vinna gegn borgurunum. Umhverfið minnir á þekktar ólandssögur bókmennta og kvikmynda, en einnig lönd sem búa við ógnarstjórn sem er óþekkt á Íslandi. Þó koma ýmis minni kunnuglega fyrir sjónir. Valdastéttin er spillt. Reglulega er boðað til mótmæla á Austurvelli þar sem slagorðin, „*Hrímland úr Kalmar, Krúnan burt!*“ og „*Friðlát Hrímland!*“ (H:73) endurspeglar hvatningarhróp úr mótmælum Íslandssögunnar. Líkindin við *Ísland úr NATO, herinn burt!* eru ekki úr lausu lofti gripin þegar vera Krúnunnar á Hrímlandi skýrist. „Fyrir 50 árum kom sjóskípafloti Krúnunnar að höfn í Reykjavík. Það var í varnarskyni, sögðu þeir, til að vernda hagsmuni og líf Hrímlendinga fyrir styrjöldinni sem geisaði á meginlandinu. Styrjöldinni lauk, en Krúnan fór hvergi“ (H:72). Mótmælin eru þó skyldari Búsáholdabyltingunni sem átti sér stað í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. „Mikill fjöldi hafði safnast saman á Austurvelli og þrýstist upp að varnarveggnum sem lögreglan myndaði umhverfis Lögréttu [...] Grjóti, mold, fúleggjum og málningarblöðrum var látið rigna yfir Lögréttuhúsið og lögregluna. Rúður brotnuðu og húsið litaðist skærilitri málningu og drullu“ (H:72).

Í greininni „Staðleysan Ísland og mýtan um okkur sjálf“ fjallar Guðni Elísson meðal annars um þætti í skaðlegri sjálfsmynd Íslendinga sem birtust í kringum bankahrunið (Guðni Elísson, 2009). Guðni tekur meðal annars fyrir bókina *Nýja Ísland – listin að týna sjálfum sér* (Guðmundur Magnússon, 2008) og framsetningu hennar á samfélagsmynd árána fyrir hrún. „Segja má að grundvallarkenning Guðmundar í bókinni sé sú að jafnaðarhugsjónin hafi glatast á tímum íslensku útrásarinnar og þar með hafi þjóðin týnt sjálfri sér“ (Guðni Elísson, 2009, bls. 11). Hugmyndir Guðmundar um hið glataða Ísland byggja á mýtum, sem eru þó mörgum Íslendingum afar tamar. Hann talar meðal annars um gömlu auðmennina, sem efnast á mikilli vinnu sem þeir stunda á hljóðlátan alþjóðlegan máta (Guðmundur Magnússon, 2008, bls. 78-82). Guðni heldur áfram og bendir á hvernig hrunið hafi kallað á gagnrýna hugsun og endurskilgreiningar á sjálfsmynd Íslands og Íslendinga. Segja má að gagnrýnin sem sett er fram í *Hrímlandi* byggji á svipuðum hugmyndum, þar sem mýtur og sögulegar hugmyndir eru settar í nýtt samhengi. Stigið er aftur í tímann og samfélagslegir atburðir sem eiga sér hliðstæðu í

Íslandssögunni settir fram sem aflvaki nýrra hugmynda fantasíunnar og gagnrýnu ólandssögunnar.

Stjórnarbyltingin í *Hrímlandi* mistekst. Svik koma upp innan andspyrnuhreyfingarinnar og aðal-söguhetjan, Garún, er höfð að leiksoppi. Bylting Sæmundar tekst töluvert betur, en í henni má þó finna nokkra ádeilu á hugarfar nútímamanna. Sem námsmaður kýs Sæmundur að fara sínar eigin leiðir og verður til þess að ganga þvert á viðteknar venjur og regluverk samfélagsins. Hann dreymir um að skilja eðli galdurs en þrátt fyrir að hann seilist langt gengur honum treglega að ná fullkomnun. Kynjaveran Kölski minnir hann reglulega á þær takmarkanir sem líkaminn setur honum. „Þrátt fyrir allt ertu ennþá einungis maður. Hlekkjaður í hold. Hvaða leið sem þú kýst bíður þín einungis glötun við leiðarenda“ (H:234). Til þess að skilja eðli galdurs þarf Sæmundur að yfirstíga mannlegar takmarkanir sínar og verða eitt með náttúrunni. Í verknaðinum er falin mikil táknfræðileg virkni þar sem andinn er settur ofar holdinu, endurfæðing eftir mannfórnir og svo framvegis. Saga Sæmundar endurspeglar þó ekki hvað síst það rof sem orðið hefur milli manns og náttúru í nýkapítalískum heimi þar sem borgvæðing og virkjanastefna standa föstum fótum.

Hugtakið fámennisfælni (e. urbanoia) er sprottið úr umfjöllun prófessors Carol J. Clover um nauðgunar/hefndar (e. rape revenge) hryllingsmyndir (Clover, 1992). Hugtakið notar Clover til þess að lýsa ótta borgarbúa við að yfirgefa sitt kunnuglega umhverfi og fara yfir í villta og óhamda náttúru sveitarinnar (Clover, 1992, bls. 124). Í *Hrímlandi* er mikið gert úr einangrun Reykjavíkur frá landsbyggðinni og samneyti við náttúruna er beinlínis hættulegt. „Eftir að veggurinn reis um Reykjavík varð minna um launungarblót. Seiðmögnuð, ótamin náttúran var úr sýn, eitthvað sem tilheyrði hálendinu en ekki borginni“ (H:138). Ekki ósvipaður veggur birtist í skáldsögunni *We* (1952) eftir Yevgeny Zamyatin. Þar felst afmennskun borgaranna í fullkominni aðgreiningu hins villta heims náttúrunnar og hinum skipulagða manngerða veruleika. Lara Mengak segir vegginn í *We* halda aftur af óreiðu náttúrunnar og niðurbrot hans sameini ekki bara þessa tvo ólíku heima, heldur undirstrikar að byltingar eru jafn óhjákvæmilegar og óreiðan sjálf (Mengak, 2014).<sup>29</sup> Seiðmagnið er óskilgreindur kraftur sem aðeins fáir eru færir um að beisla. Ljóst er þó að það er hættulegt því það getur haft banvæn áhrif á menn og afmyndað plöntur og dýr. „Öskjuhlíðin var þakin þéttvöxnum skógi sem fáir þorðu að kanna. Trén voru snúin og kræklótt og bærðust sífellt, jafnvel þegar var dúnalogn. Í skóginum hírðust óteljandi kvikindi, sum höfðu kannski eitt sinn verið refir, skoffín eða

---

<sup>29</sup> Sjá nánar um vegginn í *We* í greininni „The Green Wall: Nature, Liberty and Yevgeny Zamyatin’s Dystopian Frame“ (Piers, 2010).

smáfuglar en seiðmagnið hafði fyrir löngu breytt þeim í eitthvað óþekktanlegt“ (H:166). Seiðmagnið og galdrarnir eru hluti samfélagsins og helsta rannsóknarefni vísindamanna, þar birtist ný tækni í bland við hindurvitni og hjátrú.

Menn trúðu því eitt sinn að seiður væri ofar skilningi manna. Það var ófyrirsjáanlegt og dularfullt afl. Það laut ekki að reglum náttúruvísindanna. Þetta afl var að finna á vissum máttarstöðum, þar sem seiðskrattar drógu að sér seiðmagn úr landinu eins og vatn frá brunni og notuðu það til yfirnáttúrulegra verka. Fáir slíkir staðir voru eftir í heiminum. Þar sem seiðmagn var enn að finna í einhverju magni var orkan ofsafengin og taumlaus. Hrímland, þá aðallega hálendið, var slíkur staður. Heitur reitur fyrir seiðmagn, hættulegur og ónýtanlegur, allt þar til fyrir nokkrum áratugum þegar Vésteinn Alrúnarson steig fram með kenningar sínar um seið og reisti fyrstu seiðvirkjunina í Öskjuhlíð. Yfirnáttúrufræði seiðmagns urðu að vísindum. Seiður varð náttúruafl sem hægt var að stjórna, skilja og virkja. (H:15)

Lýsinguna má auðveldlega heimfæra á virkjun náttúruafla á Íslandi, þar sem fossar og hverir breyttust í beislaða vatnsorku og virkjaðan jarðhita. Svo virðist sem kjarninn í þeim göldrum og yfirnáttúru sem birtast í sögunni sé fólgin í því að beisla náttúruöflin, eða ná sátt og samruna við náttúruna.

Þegar Sæmundur reisir níðstöngina til höfuðs loftkastalanum sækir hann kraft í náttúruna. Hann fellir tré, grefur í jörðina, reisir stangir riðnar galdrastöfum og eigin blóði, skreyttar hrosshausum. Galdurinn sem hann beitir er ekki lengur utanaðbókar lærdómur heldur er uppsprettan innra með honum sjálfum, líkt og tilfinningar og óreiða. Honum til aðstoðar er að auki Bektalpher, vera sem formast í hvíslandi vörum á brjósti Sæmundar og hann særði fram sér til aðstoðar (H:165-170). Áhrifin sem hann nær fram eru svo sterk að hvorki ógnarstjórn Krúnunnar né hann sjálfur fá rönd við reist. Himinninn var þrúgandi, þung skýin grá af illsku. Um þau léku annarlega litaðir blossar og neistar. Jörðin nötraði, eins og rumskandi þurs sem vaknar með brennandi hatur í hjarta (H:177). Hamfarirnar sem fylgja í kjölfarið eru ægilegar og ringulreiðin í kjölfarið verður algjör. Þó ætlunarverkið – að tortíma loftkastalanum – heppnist, eru afleiðingarnar hræðilegar, jafnt fyrir stjórnvöld og almenna borgara. Árásin skilur Reykjavík eftir í sárum, lýsingin minnir á stríðshrjáð svæði sem orðið hafa fyrir loftárás. Sært og blóðugt fólk fyllir göturnar með fáfengilegar eigur sínar í eftirdragi. Eldar loga, hús hrynja og fólk hjálpast að við að safna saman líkómum hinna föllnu (H:190). Umhverfið er kunnuglegt, en íslenska þjóðin þekkir átök af þessu tagi blessunarlega ekki á eigin skinni. Hér á landi eru verstu hamfarirnar ekki tengdar stríðsrekstri heldur náttúruöflunum. Á Hrímlandinu renna tveir veruleikar saman, þar sem beislað ofurafl náttúrunnar veldur skaða, sem jafnast á við verstu árásir vígamanna. Það má segja að hér öðlist hugtakið umhverfisvíg (e. ecocide) nýja merkingu.

### 4.3. Sæber- og gufupönk gerir seiðpönk

Í takt við öran vöxt vísindaskáldsagna og fantasíubókmennta hafa sprottið upp nýjar skilgreiningar á undirgreinum og einkennum slíkra sagna. Ein þeirra er hið svokallaða sæberpönk (e. cyberpunk). Þrátt fyrir að sæberpönkið vísi í eðli sínu til tölvutengds raunveruleika ofurseldum tækni, eiga nokkrir þættir þess og undirgreinar erindi í greiningu á sagnaheimi *Hrímlands*. Bókinni svipar til sæberpönks og undirgreinar þess gufupönks (e. steampunk) en ekki er þó hægt að fella hana fullkomlega að þeim skilgreiningum, þar sem ýmis atriði hvað varðar söguvið og virkniþætti passa ekki. Hér er því lagt til að heimfæra bókina að nýrri skilgreiningu, í örlítið breyttri mynd, sem kalla mætti *seiðpönk* (e. sorcery punk). Líkt og hinar greinarnar tvær byggir seiðpönkið á söguviði fortíðar í bland við tækniframfarir nútíðar. Það leggur áherslu á undirheima og eiturlyf, gjarnan í formi einhverskonar galdralyfja. Söguviðið sækir til þjóðtrúar og forneskju ýmiskonar en sagan skipar sér þó frekar í flokk með ólandssögum en fantasíum. Sögulegar staðreyndir eru notaðar til þess að varpa ljósi á samtíðina, þar sem nútímataekni mætir fjölkyngi fortíðarinnar.

Samkvæmt skilgreiningu *SFE: The Encyclopedia of Science-Fiction* vísar *cyber* hluti orðsins *cyberpunk* til framtíðar þar sem markaðsöfl og stjórnsmál eru fremur hnattræn en þjóðernisleg. Alþjóðleg upplýsinganet eru miðlæg í stjórnkerfi, auk þess sem mannlíkaminn er gjarnan útvíkkaður og honum breytt með aðstoð eiturlyfja og líftækni (Clute, Langford, Nicholls, & Sleight, *Cyberpunk*, 2011). Rannsóknarblaðamennirnir Katie Hafner og John Markoff segja sæberpönk vera undirheimasögur sem blandi saman vísindum og útlagamenningu, þar sem hátæknilegir uppreisnarseggir lifi á jaðrinum í ólenskum heimi borgvæðingar og offjölgunar (Hafner & Markoff, 1995, bls. 9). Úlfhildur Dagsdóttir hefur innleitt íslenskunina *sæberpönk* og fjallar um fyrirbærið í greininni „Sæberpönk: bland í poka – fyrri hluti“.

Sæberpönk birtist jafnt í skáldsögum og smásögum sem kvikmyndum og myndasögum. Í orðinu mætast framsækin tæknihugsun stýrifræðinnar (cybernetics) og anarkísk götumenning pönksins, andsnúin hverskyns yfirvaldi. Þannig fjallar sæberpönk annarsvegar um heim sem er gegnsýrður af líftækni, þar sem skilin milli manna og véla eru að miklu leyti horfin og hins vegar sækir sæberpönkið fagurfræði sína að miklu leyti til pönksins, sem hafnaði hefðbundnum borgaralegum gildum. Sæberpönkið er líkt og pönkið sjálft hart og rokkað, hrátt og með miklum myrkum undirtónum. Og líkt og pönkið leggur sæberpönkið áherslu á tegundablöndun ýmiss konar sem oftast en ekki gengur gegn hefðbundnum hugmyndum um fegurð. Margir sæberpönk-höfundar segjast sækja innblástur til pönktónlistar og í sæberpönk-kvikmyndum er lögð mikil áhersla á harða rokk- og teknótónlist (Úlfhildur Dagsdóttir, 2001, bls. 8)

Þrátt fyrir að í *Hrímlandi* sé ekki sótt til tölvutækni eru ýmis önnur atriði sem finna má í sæberpönki áberandi í bókinni. Hnattrænt stjórnkerfi Kalmarsambandsins hefur tekið yfir hrímlenska stjórnkerfið. Söguhetjur bókarinnar eru undirmálsfólk á jaðri samfélagsins. Þær neita hins vegar að vera fórnarlömb og skipa sér í gerendahlutverk uppreisnarseggjanna. Eiturlyf ýmiskonar hafa áhrif á líkamsstarfsemi þeirra og athafnir, en í stað hátækninnar notast þau við galdur og seið. Garún og Sæmundur hafna sannarlega hefðbundnum borgaralegum gildum, sem gerir þau að útlögum í samfélaginu. Sæmundur skipar sér utan samfélagsins og einangrar sig í heimi galdratilrauna og hálandamosareykinga á meðan andfélagsleg hegðun Garúnar sækir til fagurfræði pönksins, þar sem hún spreypjar galdrastafi magnaða með eiturlyfi víða um bæinn, til að valda sundrung og byltingu. Þar að auki er henni bókstaflega skipað út fyrir ystu jaðra samfélagsins þegar félagar hennar senda hana til dvalar í Gleymda miðbænum. Eftir það á hún raunar aldrei afturkvæmt til Reykjavíkur heldur verður að fela sig í Huldufirði, dvalarstað huldufólksins, neðansjávar á vegum Marbendla eða á Sálnanesinu utan Huldufjarðar, þar sem reimleikar ráða ríkjum.

Þá er ótalinn þáttur tónlistar í bókinni. Sæmundur er tónlistarmaður í hljómsveit sem lifað hefur frá menntaskólaárunum í Lærða skólanum. Þeir spila þétt „drungarokk“ sem hægt er að „glata sér í“ (H:64). Oftar en ekki blandar Sæmundur tónlistina með göldrum og fær þannig áheyrendur sína til að falla í einhverskonar trans og gleyma stað og stund, hvort sem um er að ræða fólk eða galdraverur. „Galdur þurfti agaða stjórn, afmarkað rými, markvissa athöfn. Það var ekkert rúm fyrir spuna og leik eins og í tónlist. En hann vissi að það var það sem hann vantaði til að öðlast sannan skilning á galdri“ (H: 64). Tónlistin er mikilvægur þáttur í ferðalagi Sæmundar að því takmarki að uppgötva eðli galdurs. „[Á]ður en hann vissi af var hann að spinna galdrapulu. Hann hafði notað hljóðfæri áður til að hjálpa við galdrapulur, veita honum takt, undirstöðu. En þarna voru engin orð, ekkert form eða farvegur. Bara galdur“ (H:96). Tónlistin ber í sér galdramátt og stjórnast að einhverju leyti af því seiðmagni sem svífur í loftinu. Raftónlistin á sér einnig stað á *Hrímlandi*, raunar má segja að hún sé gjöf Sæmundar til Garúnar. Ein helsta vörn hennar á ólöglegum ferðum sínum um borgina er hljómkúpa, sem í er bundinn glymskratti sem Sæmundur særði fram og gaf henni (H:10). Heyrnartólum er stungið í enni kúpunnar og úr henni streymir í sífellu raftónlist sem nemur umhverfi sitt og lætur þann sem hlustar vita ef hætta steðjar að. „Tónlist hljómkúpunnar var dauf og illskiljanleg, en á ákveðnum stöðum mátti heyra veikt surg, statík alveg eins og þegar hún fór yfir við Haraldskirkju. Hljóðið varð sums staðar sterkara eða veikara. Garún elti statíkina uppi þar til hún náði hámarki“ (H:91). Í hljómkúpunni á sér stað hin fullkomna blöndun forneskju og framfara, sem einkennir sögu svið



bókarinnar. Það er því ljóst að tónlistin skipar umtalsverðan sess í *Hrímlandi* og mætti jafnvel líkja áhrifunum við kvikmyndatónlist sem nefnd er hér að ofan. Raunar er gengið lengra en svo að skapa tónríkan texta, en bókinni fylgir tónverk Árna Bergs Zoëga, *Hrímland* þar sem „efni og þema bókarinnar [er] kannað og víkkað út“ (Árni Bergur Zoëga, 2013). Þar er meðal annars að finna lögin Níðstöng, Gleymda miðbæinn, Seiðmagn, Loftkastalann og fleiri sem vísa með beinum hætti til atriða í bókinni. Raftónlist er einkennandi fyrir verkið en vel má vera að þar megi greina drungarokk einnig.

Í fyrrnefndu uppflettiriti, *SFE*, segir að gufupönkið sé undirgrein sæberpönksins þar sem sögusviðið sækir til fortíðarinnar. Gjarnan er hér átt við bókmenntir og kvikmyndir sem eiga sér stað á Játvarðar- eða Viktoríutímanum í Bretlandi og líta með jákvæðu viðhorfi þess tíma á ýmsar tækninýjungar, meðan sögusviðið sækir til sögulegs umhverfis. Gufuheitið er því í raun sótt til gufuvélarinnar (Clute, Langford, Nicholls, & Sleight, *Steampunk*, 2011). Patric Jagoda bendir á að „gufupönks skáldskapur notist við tímaskekkjustílbrögð, staðleysuskilyrðingar og sögulega óvissu til þess að skoða tengslin milli nítjándu aldar og tækni- og vísindamenningar samtímans“<sup>30</sup> (Jagoda, 2010, bls. 46). Skilgreiningar á hugtakinu verða þó sífellt flóknari, eins og Jess Nevins fjallar um í gagnrýninni „Perscriptivists vs. Descriptivists: Defining Steampunk“. Nevins segir að á fáum árum hafi gufupönkið horfið frá því að vera nokkuð auðskilgreinanlegt yfir í að vera flæðandi hugtak sem finna megi í margskonar skáldskap og hver og einn geti greint eftir mismunandi áherslum (Nevins, 2011, bls. 513). Nevins birtir síðan yfirlit yfir umfjöllun úr þremur fræðiritum helguðum gufupönki,<sup>31</sup> þar sem höfundar greina um efnið beita mismunandi nálgunum í rannsóknum sínum á fyrirbærinu. Greining Nevins er nokkurskonar yfirferð á nálgunum nútímafræðimanna við að greina gufupönk í skáldskap. Hann leggur áherslu á að gufupönkið sé í raun fljótandi blendingsgrein sem sækir í ýmsar áttir og geti því bæði talist sjálfstæð grein og undirgrein sæberpönksins (Sama:513-14). Hér verður gengið út frá sambærilegri blöndun við sköpun seiðpönksins í *Hrímlandi* og útskýrt hvernig það sýnir tilbrigði við ýmis einkenni gufupönksins sem Nevin greinir í orðræðu fræðimannanna sem hann fjallar um.

---

<sup>30</sup> Steampunk fiction uses strategic anachronism, counterfactual scenarios, and historical contingency in order to explore the interconnections between nineteenth-century and contemporary techno-scientific culture. Frumtexti, íslenskun höfundar.

<sup>31</sup> Um er að ræða bækurnar *Steampunk II: Steampunk Reloaded* eftir Ann, Jeff VanderMeer og *Steampunk Prime: A Vintage Steampunk Reader* eftir Mike Ashley og sérrit tímaritsins *Neo-Victorian Studies* 3.1. 2010.

Jason B. Jones segir fagurfræði smáatriðanna í gufupönki skapa andstæðu við einföldun hinnar kapítalísku neyslumenningar (Jones, 2010, bls. 103). Jones telur þessa framsetningu á gagnrýni á samtímamenningu hitta betur í mark vegna þess að hún spretti úr sömu fortíð og fæddi af sér menninguna sem gagnrýnd er (Sama:103). Þetta má auðveldlega heimfæra á *Hrímland* þó svo að fagurfræði smáatriðanna vísi ekki endilega til beinnar fegurðar, enda gengur sæber- og gufupönk oft í berhögg við hefðbundnar hugmyndir um slíkt (Úlfhildur Dagsdóttir, 2001, bls. 8). Samfélagið er mótað af eldri gildum og stór hluti þeirrar gagnrýni sem settur er fram byggir á ætluðum viðhorfum lesenda til eldri þátta í menningunni. Rachel A. Bower og Brian Croxall benda auk þess á að gufupönkið tengist hugmyndum manna um ákveðið tímabil, bæði raunverulegum og ímynduðum (Bowser & Croxall, 2010, bls. 15-16). *Hrímland* byggir bæði á raunverulegri fortíð Íslendinga en um leið ýmsum hugmyndum þeirra um sjálfa sig. Þannig sprettur blandaða sögusviðið upp í krafti kennsla, þegar lesendur tengja við söguleg fyrirbæri. Skáldaleyfi höfundar tengist síðan blöndunarsambandi lesenda við fortíðina, sem einkennist af samspili raunverulegra atburða og ímyndaðra hugmynda. Mike Perschon telur raunar að tæknifantasíur gufupönksins stýrist af nostalgískri söguskoðun frekar en raunsærri, sem birtist meðal annars í þeirri staðreynd að konur séu oft helstu hetjur söguheimsins (Perschon, 2010, bls. 128-9). Þetta má einnig heimfæra á *Hrímland* þar sem unnið er með mörg atriði og þemu sem snerta nostalgíska þjóðerniskennd Íslendinga.

Í inngangi bókarinnar *Steampunk II: Steampunk Reloaded* (2010) fjalla Ann og Jeff VanderMeer um hvernig gufupönkið hefur færst frá því að vera bundið viktoríönsku sögusviði eða ensku umhverfi og menningu. Önnur kynslóð gufupönksins hafi raunar sagt algerlega skilið við uppruna sinn. Greinin sé nú miklu frekar birgðastöð ýmissa frásagnarlegra og fagurfræðilegra stílbragða sem hægt sé að sækja til úr ýmsum áttum (VanderMeer & VanderMeer, 2010, bls. 10-11). Þessi fullyrðing ýtir stoðum undir þá þróun sem birtist í *Hrímland* þar sem þekkt stílbrögð og fagurfræði eru færð í nýjan búning.

Hrímland býr í raun ekki yfir neinni tækni í nútímaskilningi þess orðs. Þvert á móti virðast íbúar landsins lifa við fremur frumstæðar aðstæður. Mataræði persónanna er með afbrigðum íslenskt og þar birtist raunar einn af leikjum bókarinnar, þar sem dýnamík fortíðar og framtíðar er skýr. Snemma í bókinni fá lesendur að sjá Garúnu, nýkomna úr sturtu, að borða hrátt egg hrært út í skyr (H:10) sem gæti vel tilheyrð einhverri af prótínríkum næringarleiðum nútímans. Síðar kemur þó í ljós að landsmenn lifa fyrst og fremst á hangikjöti, súrmat og skreið, undirstöðuþáttum í íslensku mataræði um langa hríð. Sú tækni sem lýst er í bókinni er nánast

öll í formi galdra eða hugvitsamlegrar nýtingar á náttúrunni. Marglyttur í munn gera mönnum kleift að anda neðansjár (H:134) og jurtablandað hvalspik heldur á sundmönnum hita (H:149). Það er í raun ákveðið tímaskekkjustíllbragð að tæknin skuli vera í formi galdra, því viðhorf manna til nýrrar tækni hafa oft einkennst af furðu og af galdralíkingum.

Ýmsir þeirra galdra sem bókin lýsir geta sem best átt sér hliðstæðu í tækniundrum og óskráðum reglum samtímans. Hljómkúpa Garúnar sem lýst var hér að ofan virkar eins og radarvari og varar við lögreglunni. Sjálf notar Garún ekki eiturlyf nema til að hafa áhrif á umhverfi sitt, en tært og óblandað delýsið sem hún blandar í verk sín og vopn hefur hræðileg áhrif á hana sjálfa og allt hennar umhverfi, eins og gjarnan er með eiturlyf jafnvel þótt þeir sem þau nota telji sig hafa fulla stjórn á ástandinu. Með delýsiðblandaðri málningu setur hún upp einskonar eftirlitskerfi hér og þar um borgina, „glær augu og eyru sem fylgdust með nánasta umhverfi“ (H:149). Galdratáknin skila henni brotakenndu hljóði og mynd sem hjálpa henni að átta sig á hvað er um að vera í borginni. Ein óhugnanlegasta tæknin sem birtist í bókinni er hæfileiki huldufólksins til þess að stela minningum, en minningaætur eru lengst leiddu fíklar sögunnar. Einn þeirra selur Garúnu delýsið í skiptum fyrir minningar. „Hann var einn af þeim. Huldumaðurinn gengt henni safnaði minningum, neytti þeirra réttara sagt. Nærðist á þeim. Upplifunin var sögð ófilteruð alsæla, ótrúlega skýr og nauðfull. Hann var greinilega háður. Án minninga yrði hann ekkert“ (H:42). Aftur er hér að finna ádeilu á jaðarsamfélag eiturlyfjaneytenda, þar sem aðrar reglur gilda og verðmætamat er ólíkt. Gleymdi miðbærinn speglar hina raunverulegu Reykjavík rétt eins og samfélag fíklanna og undirmálsfólksins er hliðstæða þeirra sem telja sig til betri borgara. Þetta kemur glöggt fram þegar Katrín, félagi Garúnar, sem tilheyrir ríkri og valdamikilli fjölskyldu reynist vera stórskuldugur sortaneytandi, en sorti er eitt af verri eiturlyfjunum sem Hrímland hefur uppá að bjóða (H:122).

Ýmsar kynjaverur birtast í *Hrímlandi* og sækja þær flestar til íslenskra þjóðsagna og bókmennta. Þar nægir að nefna bóndann á Ægisá, sem smyglar Garúnu inn í Reykjavík á vagni dregnum af hreindýrstarfi. Honum er sjálfstæði efst í huga og trúir ekki á „draugaþvælu og hjátrúarbull“ (H:205). Einn viðkvæmur strengur virðist þó bærast innra með honum, tengdur dóttur hans, blendingsstúlkunni Sóllilju (H:204-7).<sup>32</sup> Marbendlar koma einnig við sögu, en einn

---

<sup>32</sup> Hér er um að ræða vísun í þjóðsöguna af djáknanum á Myrká en þangað er nafn Garúnar sótt. Heiti hennar öðlast þó enn frekara gildi í guðlausu samfélagi Hrímlands. Dóttirin Sóllilja og hreindýrið sem og ýmislegt í orðum og gjörðum bóndans vísar aftur til Bjarts í Sumarhúsum úr *Sjálfstæðu fólki*, kennsl sem vel flestir íslenskir lesendur eiga auðvelt með að bera.

þeirra hjálpar Garúnu og félögum hennar að dyljast neðansjávar. Þeir virðast trúá á byltinguna en þegar árás Sæmundar fer úr böndunum og saklaust fólk slasast draga þeir sig í hlé (H:193). Ógnvænlegustu skepnurnar eru þó líklega náskárarnir, sæborgir (e. cyborg) saman settar af hröfnum og vélum. Landvættirnir, gammur, dreki, berggrisi og naut eru mikilvæg tákni í sögunni og fram kemur að „[g]ammurinn var úr skrumnisjárni [en] [d]rekinn var mótaður úr seiðmögnum loftsteinajárni“ (H:138). Járn er því efni háloftanna og því kemur ekki á óvart að náskárarnir sem ráða þar ríkjum séu að hluta til skapaðir úr því efni. Goggar þeirra og klær eru járnþent, brynjur þeirra nefnast helskurnir og saman tala þeir torskilda tungumálið skramsl (H:151-155). Náskárarnir eiga í litlum samskiptum við mannfolk til annars en að selja því eiturlyf. Annars halda þeir sig út af fyrir sig, en mikið ber á deilum milli ættflokka Ber-bein-í-tómu-gili og Þeir-sem-kroppa-augu-hrútsins.

Líkt og í ýmsum þjóðsögum eru samskipti huldufólks og mannfolks ekki átakalaus. Raunar er huldufólkið orðið séreinkenni á Hrímlandi, en þegar víddin sem það bjó í eyddist fyrir löngu var það miskunnarlaust drepð um heim allan. Heimsendir huldufólksins minnir á syndafall, sögusagnir segja af græðgi og girnd, hræðilegri framkomu við mannfolkið og yfirgnæfandi neyslu. Eitt er víst að heimur þess er horfinn og hruninn og það lifir sem úrkast í mannheimum (H: 85-6). Á Hrímlandi er hefur það því stöðu flóttafólks, það er réttindalaust og því gert að dvelja í Huldufirðinum, sérstökum búðum utan við samfélag manna. Þrátt fyrir að einn og einn einstaklingur nái að fóta sig í nýjum heimi er hlutskipti þessarar föllnu þjóðar að stórum hluta jaðarsetning og skömm. Syndafallssögur eru eitt af einkennum ólandssagna og heimur Hrímlands er svo sannarlega fallinn. Þrátt fyrir að bylting sögunnar mistakist lýsir endirinn yfir von fyrir jaðarsetta hópa, hvort sem um er að ræða huldufolk eða blendinga, von um að ríkjandi valdaskipulag riði til falls.

Í *Göldrur og brennudómum* (1976) fjallar Sigurlaugur Brynleifsson um sögu galdra á Íslandi og bendir meðal annars á sterk tengsl meintra galdramanna við náttúruskoðun (Sigurlaugur Brynleifsson, 1976, bls. 79-100). Hann fjallar einnig um hvernig harðæri og skortur var oft kveikjan að galdradönum. „Meginhluti þjóðarinnar var einangraður í striti sínu, baráttan við náttúruöflin og fyrir lífsviðurværi freistaði sumra til þess að beita fornri kunnáttu, fjölkynngi, til að auðvelda sér lífsbaráttuna“ (Sama:76). *Hrímland* er göldrurum prýdd sneiðmynd af hræðilegum tímabilum Íslandssögunnar sem nýtir sér hindurvitni og þjóðsagnaminni til þess að skapa ólandssögu sem íslenskir lesendur ættu að geta þekkt spegilmynd sína í. Aðalpersónur bókarinnar, Garún og Sæmundur, eru birtingarmyndir þeirra minnihlutahópa sem móta söguna.

Hún er á jaðri samfélagsins vegna þess að í henni sameinast huldufólk og menn, kynjaskepnur og ráðandi stétt sem gerir hana jafngilda skoffíni eða skuggabaldri. Garún er líka byltingarmanneskja sem mótmælir ríkjandi ástandi og fyrir það er henni refsað. Sæmundur trúir mest á eigin mátt og megin og er því í eðli sínu andfélagslegur en stígur að lokum alveg út fyrir samfélag manna og rennur saman við náttúruna.

Söguheimur *Hrímlands* teflir saman íslenskum veruleika og þjóðtrú í bland við áhrif erlendra furðusagna. Með því að varða atburðarásina kunnuglegum leiðarminnum opnar höfundur gættir íslenskra lesenda inn í heim sem þeir geta samsamað sig en er um leið mun verri staður en hið raunverulega samtímasamfélag sem Alexander skrifar inn í. Þannig kemur hann ádeilu sinni á framfæri en kryddar um leið nýstárlegt ólandið með þjóðlegum minnum og galdri. Stærsti galdurinn á Hrímlandi er virkjun seiðmagnsins og ótrúlegir óskiljanlegir kraftar þess. Það er auðvelt að sjá hér hliðstæðuna við Ísland og óbeislaða náttúru þess sem allt frá landnámi hefur verið lífæð landsins en líka valdið ómældum búsifjum. Reykvíkingarnir á Hrímlandi óttast náttúruna og vilja helst ekkert af henni vita, enda hefur hún á þá hræðileg áhrif. Í því kristallast að nokkru leyti sú öra borgvæðing sem átt hefur sér stað á Íslandi undanfarna áratugi, þar sem æ fleiri Reykvíkingar finna til óöryggis utan höfuðborgarsvæðisins, og jafnvel þó ekki sé komið lengra en til Hafnarfjarðar. Fámennisfælni Clover, sem nefnd var hér að framan grundvallast á ótta og hatri borgarbúa á landsbyggðinni. Í *Hrímlandi* má þó einnig greina viðsnúning þessara gilda. „Ójarðneska fyrirbærið í Öskjuhlíðinni, fangað í þrældóm Perlunnar, vildi ekkert frekar en að veita honum [Sæmundi] lið, hefna sín á borginni sem hafði við landnám deyft og deytt landið“ (H:166). Í *Hrímlandi* hrópa raddir undirmálsfólks og jaðarsettra hópa sem hafa orðið undir í samfélagi manna. Þegar vel er að gáð eru það þó ekki bara mennskar verur og hálfmennsk fyrirbæri sem sæta kúgun og ofbeldi, heldur hrópar rödd náttúrunnar hæst.

## 5. *Eyland* – Lóan er enn ekki komin

Á baksíðu bókarinnar *Eylands* (2016) er hún kölluð ástar- og spennusaga. Sú lýsing ber viðhorfi íslenskra lesenda til ólandssagna nokkuð glöggvitni, því bókin er samtímahrollveikja sem sækir í ríkum mæli til ólandssagnahefðarinnar, fremur en ástar og spennu.<sup>33</sup> Eitt af stóru viðfangsefnum bókarinnar er ótti eyjasamfélagsins við að einangrast. Prófessor Virginia Richter hefur fjallað um virkni einangrunarminnisins í ólandssögum, en hún telur flest ólandssamfélög byggja að einhverju leyti á einangrun og viðbrögðum við henni (Richter, 2015, bls. 270). Það íslenska samfélag sem birtist í *Eylandi* tekst í orði kveðnu á við nýjar aðstæður eins og hinum sterku, sjálfstæðu afkomendum víkinganna sæmir. „Við erum ekki hrædd. Við höfum ekkert að óttast. Við höfum búið hér í nærri tólfhundrað ár og verið sjálfum okkur nóg“ (Sigríður Hagalín Björnsdóttir, 2016, bls. 42).<sup>34</sup> Morgun einn vaknar venjulegt fólk upp við það að ekkert samband næst út fyrir landsteinana. Sæstrengir liggja niðri, internetið virkar bara innanlands, flugvélar og skip sem reyna að yfirgefa landið virðast hverfa út í tómið. Enginn nær til ástvina í útlöndum og þeir ferðamenn sem dvelja hér á landi eru strandaglópar. Íslendingar erlendis komast ekki heim og í þeim hópi eru æðstu ráðamenn þjóðarinnar. Við tekur örvæntingarfull sjálfsbjargarviðleitni með ófyrirséðum afleiðingum.

Líkt og fram hefur komið sýna ólandssögur samfélag sem er mun verra en það samfélag sem lesendur þekkja af eigin raun. Sérstaða *Eylands* meðal þeirra verka sem hér eru til greiningar er sú að lesendur fylgjast með hruni síns kunnuglega samfélags, upplifa í reynd það sem kallað hefur verið ólenski viðsnúningurinn (e. the dystopian turn), þegar hlutirnir innan sögunnar snúast til verri vegar (Moynan, 2000, bls. xi). Hrun er hér lykilorð, þar sem ýmislegt í þeirri ádeilu sem greina má í bókinni kallast á við þá hugmyndafræðilegu mógsefjun sem stunduð var hér á landi í aðdraganda og kjölfar efnahagshrunsins. Samhliða er að finna beitta ádeilu á efnishyggju og auðvaldsstefnu ásamt meintum gerviþörfum og þáttum í mannlegu eðli. Bókin fellur að ólandssögulíkaninu með þeim hætti að slæmu samfélagi er lýst og innan þess eru einstaklingar sem ekki eru ánægðir með ástandið. Ekki verður þó til gagns andspyrnuhópur sem leiðir byltingu heldur bregst sögusamfélagið við með því að þjappa sér í litlar heterótópíur, nokkurskonar kommúnur eða ættflokkasamfélög sem lúta sínum eigin reglum innan stóra valdakerfisins. Alræðið er þó aldrei langt undan og sífellt vofir sú ógn yfir samfélögnum að inn í þau sé brotist með valdi og skipulagi þeirra ógnað. Fyrir utan stendur

<sup>33</sup> Í gagnrýninni „Vísindaskáldskapur í dulargervi“ sem vísað verður til hér á eftir er komið inn á þessa villandi orðanotkun í tengslum við viðtökur bókarinnar (Arnaldur Máni Finnsson, 2016, bls. 8).

<sup>34</sup> Hér eftir verður vísað til bókarinnar með bókstafnum E og blaðsíðutali í sviga.

svo hið stóra samfélag sem berst í bökkum og leitar leiða til þess að viðhalda búsetu þeirra fáu eyjarskeggja sem standa eftir, ef til vill einir í heiminum. Hóparnir sem myndast sem andsvar eða viðbragð við þessum samfélagsbreytingum verða fljótlega örlítill ólönd í sjálfum sér. Sjónarhorn bókarinnar er að hluta til staðsett í innsta hring valdhafanna í alræðissamfélaginu. Þessi rörsýn höfundar í herbúðir æðstu ráðamanna líkamnast í persónu, sem síðar verður eitt af fórnarlömbum ólandsins og snýst þá gegn samfélaginu. Sýn lesenda markast því ekki af hreinni undirsögu hins kúgaða, heldur fær hann einnig tækifæri til að setjast í stól kúgarans.<sup>35</sup>

Bókin deilir á mörg af grunnildum íslenskrar þjóðerniskenndar og ádeilan verður sterk sökum þess tvískinnungs sem kennslin draga fram. Einn af frumkröftum ólandssögunnar er fólgin í því að afhjúpa bresti í efnahagslegu og menningarlegu samhengi þeirrar menningar sem höfundurinn skrifar úr og draga fram illskuna sem þessi kerfi geta falið í sér (Moylan, 2000, bls. xii). Samhliða hrollvekjuni sem sköpuð er afhjúpar höfundur hugmyndir Íslendinga og viðhorf til þjóðar sinnar og sjálfs. Ýmislegt kallast á við stemningsdeildina í *LoveStar* sem tekst að magna upp ótrúlegustu atriði og fá fólk til þess að fylgja sér. Sambærileg vinna á sér stað í *Eylandi* þar sem stemningin sækir til íslenskra einkenna íþróttakappleikja og útihátíða. Einnig byggir boðun stjórnvalda á upphafningu hinna „upprunalegu“ atvinnuvega, landbúnaðar og sjávarútvegs, hjá þjóð sem verður í síauknum mæli að treysta á sjálfspurftarbúskap. Stjórnvöld boða afturhvarf til fyrri háttar og þegnar samfélagsins (og um leið lesendur) standa frammi fyrir þeirri spurningu hvort þeir séu tilbúnir að segja skilið við lífshætti neyslumenningar og allsnægta og fara að rækta garðinn sinn. Eitt áleitnasta umfjöllunarefnið er þó ef til vill staða kvenna, barna og þeirra sem minna mega sín í samfélagi þar sem baráttan um grunnþarfirnar er í algleymi.

### **5.1. Ólandssagan *Eyland*. Bygging og frásagnarfræði**

*Eyland* fjallar fyrst og síðast um samfélög manna. Upphaf bókarinnar ber þessu vitni en fyrsti kaflinn fjallar um einkenni slíkra eininga. „Við erum bundin hvert öðru með þúsund ólíkum tengingum“ (E:7). Upphafsorð kaflans vekja raunar strax upp ókennileikahroll. „Heyrið mig. Við erum hér. Við erum lifandi“ (E:7) minnir á hróp eftirlifenda, sem dregnir eru upp úr rústum sprengdra húsa, úr snjóflóði og öldum hafsins eða eru strandaglópar á eyðieyju. Þessu næst

---

<sup>35</sup> Í fléttu ólandssagna er oft að finna valdatilfærslu sem felur í sér að andspyrnuhetjan er til einhvers tíma tengd valdastéttinni og yfirfrásögninni. Hér er það blaðamaðurinn Hjalti sem segir bæði undir- og yfirsöguna og er því málþípa margröddunarinnar.

dregur höfundur fram ýmis einkenni sem tengja manneskjur saman á ólíkum tímum, hvort sem um er að ræða persónulega hluti eða stórviðburði. „Einstaka sinnum gerist eitthvað sem þjappar öllu mannkyninu saman, tengir örlög allra, eins og slinkur hafi komið á þyngdaraflið, og heimurinn hafi minnkað, eitt andartak, orðið nánari, og hvert mannsbarn man hvar það var þegar það gerðist, þegar fréttin barst“ (E:7). Þessi orð skapa hugsanatengsl við hamfarir, hræðilega atburði sögunnar sem hver einasti lesandi ætti að geta samsamað sig. Skerpt er á samlíkingunni nokkrum blaðsíðum síðar, í fyrsta kaflanum um Hjalta, sem kynntur er til leiks með minningum hans um árásina á Tvíburaturnana (E:12). Persóna Hjalta er raunar notuð til þess að birta ýmsa illa fyrirboða og táknafræði ólandssögunnar. Ástarsamband hans líður undir lok samhliða því að sambandið við umheiminn rofnar. Í sambandi hans við fjölskyldu sína birtist ádeila á firringu nútímamannsins en hann er einnig augu og eyru lesenda í herbúðum ríkisstjórnarinnar og í frásögu hans sjá þeir samfélagið liðast í sundur.

Sjónarhorn bókarinnar flakkar milli persóna hennar, en í flestum tilfellum er saga þeirra *undirsaga*. Aðalpersónurnar María og Hjalti eru í brennidepli þegar kaflarnir bera nöfn þeirra auk Leifs, bróður Hjalta og Margrétar/Möru dóttur Maríu. Einnig víkur sögunni reglulega til bóndans á eyðibýlinu Svanga. Síðar kemur í ljós að þar er Hjalti einnig á ferðinni, og orðið *svangi* getur sem best vísað bæði til bæjarheitisins og ástands mannsins sem þar býr – sem um leið endurspeglar aðra þegna samfélagsins. Bókin er að auki reglulega brotin upp með úrklippum af fréttasíðum blaðanna, sem og annálsskrifum alviturs sögumanns undir yfirskriftinni „Ágrip af sögu heimsendis“. Innan söguviðsins má finna blöndun ókennileika og venjulegs samfélags. Auk þess er vitundarmiðjan færarleg og skapar þannig grundvöll breiðrar samsömunar. Mark Turner telur að tenging (e. mapping) eininga í sögu sæki meðal annars til samsemdar, sem byggir á reynsluheimi þess sem les (Turner, 2003, bls. 122). Barbara Dancygier hefur beitt blöndunarkenningunni á frásagnarfræði, þar sem persóna fjallar um sjálfa sig frá mismunandi sjónarhornum og með augum mismunandi persóna (Dancygier, 2005, bls. 99-127). Sigríður Hagalín beitir þessari frásagnarfræði til þess að birta lesendum sínum ólandið í *Eylandi*. Með því að blanda saman sjónarhóli ólíkra einstaklinga og hópa býður hún uppá breiðari samsömun fyrir lesendur. Einnig má finna *yfirfrásögn* þar sem rödd valdhafans heyrir, jafnvel á persónulegum nótum í einkasamtölum þeirra Elínar og Hjalta. Michael Burke leggur út af kenningum Turners og segir að lesendur noti persónulega reynslu þegar þeir túlki texta og varpi síðan túlkuninni á líf sitt (Burke, 2003, bls. 3-25). Þetta fellur mjög vel að því markmiði ólandssagna að lesendur geti fundið hliðstæðu í sögunni og heimfært að sínu eigin samfélagi.



Fljótt á litið mætti segja að *Eyland* falli ekki að hefðbundinni byggingu ólandssagna. Í stað þess að lesendum sé varpað beint inn í slæmt samfélag sem grasrótin þráir að umbylta er samfélagið í upphafi bókarinnar það sama og sögusamtími bókarinnar. Það er því þetta kunnuglega umhverfi sem lesendur þekkja af eigin raun sem þeir fylgjast með riða til falls og hrynja á blaðsíðum bókarinnar. Þessi nálgun er þó einmitt forsenda breiðari samsömunar lesenda og skerpur þannig tilgang ólandssögunnar sem „útópiu sem höfundur ætlast til þess að samtímalesendur sjái sem mynd af mun verra samfélagi en því sem þeir búa í“ (Clayes & Sargent, Introduction, 1999, bls. 1). Ádeilan verður enn sterkari þar sem líkingamáli er sleppt og dregin upp bein mynd af íslensku nútímasamfélagi. Þannig útilokar höfundur möguleikann á táknsögulestri og fær lesendur til þess að horfast í augu við ágalla síns eigin samfélags og velta fyrir sér hvernig það myndi bregðast við sambærilegum aðstæðum.

Sagan hefst þó á sauðburði í Svanga og sé hún felld beint að ólandssögulíkaninu er samfélagið í eyðifirðinum *slæmi staðurinn sem lýst er*. Það má til sanns vegar færa þar sem vera Hjalta á sveitabænum er afleiðing samfélagshrunsins sem lýst er í bókinni. Í lok kaflans birtist einnig þekkt ólandssagnaekenni, þegar bóndinn (sem lesendum er enn ókunnugt um að sé Hjalti) sest við skriftir, og minnir þannig á dagbókarskrif Winstons í 1984. „Það er ekkert að gera nema skrifa. Rifja upp og skrifa. Einu sinni kallaði ég mig sagnaritara samtímans og fannst það eitthvað flott. Það kemur vel á vandan, núna get ég þá skrifað annál þess sem á undan er gengið, saknað, harmað það liðna, komið böndum á fortíðina, rifjað upp hvernig sambandið rofnaði“ (E:11). Þar með verður ljóst að fyrrum blaðamaðurinn Hjalti er sagnaritari bókarinnar og frásögnin af ólandinu er endurlit eins af þegnum samfélagsins sem leið undir lok. Þetta kallast á við hugmyndir um endurheimt tungumálsins, en hetjur ólandssagna eru oftast en ekki sviptar tungumálinu eða fá ekki að nota það nema sem áróðurstól (Baccolini, 1995, bls. 295). Sú er raunin með Hjalta, sem í blaðamennsku sinni verður málpípa ríkisstjórnarinnar og tapar þannig frelsi sínu til fréttaflutnings. Baccolini bendir á að yfir- og undirsaga ólandssögunnar byggi á félagslegri og andfélagslegri notkun á tungumálinu (sama:293n). Þekktustu dæmin um þetta er eru líklega nýtungan í 1984 og lokaskýrslan í *Sögu þernunnar* eins og nefnt var hér í 2. kafla. Undirmálshetjan í ólandssögunni er bundin stjórnvaldstungumálinu og tjáningarmáti hennar því heftur. Forsenda þess að brjótast gegn ríkjandi ástandi er að endurheimta tungumálið sem tjáningartæki, sem Darko Suvin kallar drifkraft ólandssögunnar (Suvin, 1988, bls. 77). Þetta er einmitt það sem Hjalti gerir þegar hann áttar sig á hversu alvarlegum illvirkjum stjórn Elínar stendur fyrir.

Persóna Hjalta gengur gegnum ólenska viðsnúninginn, þegar hann áttar sig á því að ástandið er ekki eins gott og hann heldur. Með því verður yfirsaga hans að undirsögu (Moylan, 2000, bls. 172). Vísbending um viðsnúning innan sögunnar birtist þegar ríkjandi þriðju persónu frásögn kaflanna breytist í fyrstu persónu í síðasta kaflanum með nafni Hjalta. „Ég hugsaði, þar sem ég stóð á bryggjunni og horfði á eftir skipunum [með útlendingana innanborðs] hverfa út í myrkrið, þar fer síðasta tengingin. Nú fyrst slitnar sambandið. Við erum ein. Svo fór ég“ (E:244). Þá rennur upp fyrir lesendum að sögumaðurinn í Svanga, sem mælir í fyrstu persónu og Hjalti eru einn og sami maðurinn. Þegar hann loksins endurheimtir tungumálið virðist það vera um seinan, því hann skrifar fyrir tómið í eyðifirðinum. Sé bókin lesin með vonarneista gagnrýnu ólandssögunnar að leiðarljósi í stað svartsýni andútópunnar má þó ganga út frá því að sagnaritun hans verði öðrum víti til varnaðar. Í öllu falli er frásögnin til sem andfélagsleg frásögn sem setur sig upp gegn ríkjandi söguskoðun.

Slæma samfélagið, sem orsakar veru Hjalta á hjara veraldar, kemur smám saman í ljós á blaðsíðum bókarinnar. Í upphafi á það mikið skylt við íslenskan raunveruleika ársins 2016, sem þegnum landsins þykir ekki alltaf þar spennandi. Allt aðrar aðstæður myndast þó þegar landið einangrast frá umheiminum. Segja má að þar verði til hin fyrsta *andspyrnuhreyfing*, leidd af innanríkisráðherranum Elínu Ólafsdóttur, sem skipar sér í sæti allra æðstu ráðamanna þjóðarinnar þar sem bæði forseti og forsætisráðherra eru erlendis þegar tengingin rofnar. Elín reynir ásamt sérskipuðum Stýrihópi að koma reglu á samfélag rekið á breyttum forsendum. Sú vinna leiðir af sér „*sigur*“ á ríkjandi samfélagsformi í þeim skilningi að til verður gagnólíkur veruleiki með nýjum reglum og markmiðum. Stjórnskipanin færast þó fljótt í átt að þjóðernisfasisma með tilheyrandi ofbeldi, áróðri og ógnarstjórn uns keyrir um þverbak með útrýmingu þeirra sem af erlendu bergi eru brotnir. Úr verður „alveldi hungurs og grimmdar“ sem Árni Bergmann segir vera kunnuglegt einkenni ólandssagna sem minni á fangabúðalýsingar 20. aldar (Árni Bergmann, 2002, bls. 12). Fljótlega myndast innan nýrrar samfélagsskipunar eiginleg andspyrnuhreyfing – Fylkingin – sem berst gegn stjórnvöldum og er reglulega fjarlægð með lögregluvaldi af ýmsum vettvangi. Henni er ekki fylgt sérstaklega gegnum bókina þótt lesendur fái að sjá afleiðingar nokkurra gjörða hennar. Fyrst og fremst er sjónarhorninu beint að óánægðum einstaklingum, almennum borgurum, sem þvert á pólitískar fylkingar reyna að komast af við breyttar aðstæður.

Þegar óland Elínar Ólafsdóttur fer að vinda upp á sig, skapast sífellt fleiri færi á að þrengja sjónarhornið á óánægðan borgara. Lesendum birtast alls kyns minnihlutahópar, sem ekki eiga upp á pallborð hinna nýju stjórnarháttar. Þessir hópar mynda heterótópiur innan slæma

samfélagsins, en slík samfélög eru fallvölt og eiga sér ekki langan líftíma. Meðal slíkra einstaklinga eru fréttastjórinn Úlfhildur, sem samvisku sinnar vegna segir skilið við ritskoðaðan fréttaflokkning, hin úrræðagóða Inga sem flytur einfaldlega úr borginni og gerist matráðskona í garðyrkjumiðaðri blómabarnakommúnu í Þykkvabænum. Þessar konur, ásamt læknum Leifi sem reynir að gera sitt besta á lyfjalausu sjúkrahúsi og gleyma um leið að börnin hans hurfu með útlöndunum sem þau dvelja í, eru þó ekki hinir raunverulegu minnihlutahópar sögunnar. Þrátt fyrir að verða illa úti í matar- og lyfjaskorti samfélagsins sleppa þau gegnum nálarauga ríkisstjórnarinnar fyrir það eitt að vera af íslenskum uppruna. Þannig má segja að þeirra litlu byltingar gangi upp, að minnsta kosti svo langt sem sagan í *Eylandi* nær. Þau fórnarlömb sem mest ber á í bókinni eru franskir fiðluleikarinn María og börnin hennar, Margrét og Elías.

María og börnin hennar eru íslenskir ríkisborgarar, en eins og kemur fram í bókinni dugur það skammt þegar íslenskukunnáttan er ófullkomin, hvað þá ef útlitið minnir á framandi þjóðir. Í upphafi bókarinnar eru María og Hjalti sambýlisfólk, en sambandið slitnar á sama tíma og samband landsins við umheiminn rofnar. Við það bætist María í einn minnihlutahópinn enn, hún er innflytjandi, listamaður, kona og nú einstæð móðir. Saman myndar þessi þrenning móður og barna lítinn andspyrnuhóp, sem berst fyrir lífi sínu í samfélagi sem tekur æ meira mið af frumskógarlögmálinu. María leikur í Sinfóníuhljómsveit Íslands og er sú eina sem kemst af eftir dularfulla sprengjuárás á Hörpu, á miðjum tónleikum. Þegar barist er um brauðið er listin eitt það fyrsta sem verður að víkja. Í kjölfarið sundrast eining móður og barna, þar sem María á erfitt með að komast aftur á skrið eftir árásina. Á endanum segir Margrét skilið við fjölskylduna og sest að í unglínganýlendu á Korputorgi. Andspyrna Maríu og Elíasar á sér aldrei viðreisnar von. Þau brjótast um landið í von um mat og vinnu, en eru að lokum handtekin af Björgunarsveitunum, sem eru forvarðarsveit ólaganna í landinu. Mæðginin eru færð í flóttamanna-/útrýmingarbúðir í Leifsstöð, þar sem útlendingum er safnað saman og lítið sem ekkert sinnt um þá. Þau eru að lokum send burt ásamt öðrum af erlendu bergi brotnum, á dárarfleyi sem stefnt er út í óendanleikann, þrátt fyrir tilraunir Hjalta til að fá þau laus. Í ríkisstjórn Elínar Ólafsdóttur er verklagið skýrt: „Hvernig getum við sett reglur um ferðir útlendinga og látið síðan litla svertingja hlaupa um göturnar?“ (E:228). Þrátt fyrir tilraunir til aðstoðar að ofan bíður bylting móður og sonar blóðugan ósigur, en *sáir þó fræjum góðu staðleysunnar* hjá Hjalta, sem í kjölfarið ákveður að flýja ólandið og setjast að í Svanga.

Þótt Margrét lifi af vegnar henni ekki endilega vel. Fríríki barna og unglínga í yfirgefnu verslunarmiðstöðinni virðist um tíma geta lifað sjálfstæðu lífi utan við lög og reglur samfélagsins. Fyrr en síðar sverfur þó sulturinn að þeim eins og hinum, auk þess sem

Björgunarsveitirnar hafa auga með svo sterku ríki innan ríkisins. Svo fer að Björgunarsveitarmönnum er veittur aðgangur að stúlkunum í verslunarmiðstöðinni, í skiptum fyrir mat og eiturlyf. Fljótlega hverfa strákarnir, sem ekki ganga til liðs við hrottalegar sveitirnar og Margrét, sem í þessum hliðarveruleika kallar sig Möru, ákveður að flýja. Hún drepur Björgunarsveitarmann og kemst út úr verslunarmiðstöðinni ásamt nokkrum öðrum börnum. Eftir leiðbeiningum móður sinnar flýr hún svo í húsið á heimsenda, Svanga. Þar hittir hún fyrir Hjalta, sem hafði tekið sömu ákvörðun eftir brottflutning Maríu og Elíasar. Saman mynda þau Hjalti og börnin enn eina heterótópiu sögunnar, sem lýkur á örlytum vonarneista. „Stundum er heimurinn svo lítill að hann er bara einn gamall maður og fimm vegalaus börn í eyðifirði. En við erum hér. Við erum lifandi. Heyrið það“ (E:247). Þrátt fyrir að sýn góðu staðleysunnar ríki í lokin er ógnin um að uppgötvast enn yfirvofandi, en afleiðingar þess hafa margsinnis komið í ljós fyrir í sögunni.

## 5.2. Ádeila. Hinum megin við sjónvarpsskjáinn

Sögusvið *Eylands* er ólíkt mörgum ólandssögum að því leyti að við upphaf bókarinnar stíga lesendur ekki inn í tilbúinn ævintýraheim, þar sem hliðstæður við raunheima eru farvegur hræðilegra hluta. Bókin gerist á Íslandi samtímans sem gerir ádeiluna sem sett er fram beinskeyttari. Þannig blandast ólandssagan saman við gagnrýnu útópíuna, sem sýnir samfélag sem á sér hliðstæðu í raunveruleika höfundar, en stríðir við vandamál sem það á erfitt með að leysa (Clayes & Sargent, Introduction, 1999, bls. 2). Það fer síðan eftir því hvernig endir sögunnar er lesinn hvor túlkunin er ráðandi. Opinn endir gagnrýnu ólandssögunnar er, sem fyrr segir, hugsaður til þess að virkja hugsun lesenda og fá þá til að grípa til aðgerða gegn ríkjandi ástandi. Með því að láta raunveruleika lesenda verða að martröð verður ádeilan enn sterkari, þar sem lesendur eru knúnir til þess að spyrja sig, hvað ef? Í grein Hjalta Hugasonar prófessors í guðfræði við Háskóla Íslands „Samtímagreining með siðfræðilega undirtóna“ er því raunar haldið fram að *Eyland* sé alls ekki framtíðarsaga heldur samtímasaga sem takist á við „angistarefni sem fylgt hefur íslensku þjóðinni á öllum tímum“ (Hjalti Hugason, 2016). Hjalti segir jafnframt styrkleika sögunnar felast í því hversu nærri ádeila hennar stendur lesendum í rauntíma. „Ágengnin felst í spurningunni: Hvað gerist ef við lendum allt í einu hinum megin við sjónvarpsskjáinn?“ (sama).

Þrátt fyrir að segðin sé knúin áfram af persónum er *Eyland* í raun ekki persónudrífín frásögn, eins og Arnaldur Máni Finnsson bendir á í gagnrýni sinni sem nefnd var hér að framan.

Hann segir persónurnar skorta dýpt og sé það líklega vegna þess „að hin eiginlega framvinda stórsögunnar í verkinu tekur mikið pláss og rekur höfundinn áfram í að útlista þær hörmungar sem á landi og þjóð dynja“ (Arnaldur Máni Finnsson, 2016, bls. 8). Lesendur finna ekki til samúðar með persónum verksins en eiga þeim mun auðveldara með að samsama sig aðstæðum þeirra. Slíka aðgreiningu er freistandi að túlka sem tilfinningalega ferringu en gæti einnig skrifast á hversu fyrirferðarmikil saga samfélagshrunsins er í bókinni, á kostnað þess að kafað sé á dýptina í einstökum persónum. Vitundarflæði bókarinnar minnir á samfélag nútímamanna á þann hátt að hún flæðir milli einstaklinga sem sýna brot úr lífi sínu, líkt og flett sé í gegnum fréttaveitu samfélagsmiðils. Að auki er hún brotin upp með úrklippum úr fjölmiðlum sem birta frásagnir hins opinbera vettvangs af framgangi mála. Lesendur fá þannig yfirlitsmyndir af aðstæðum ólíkra einstaklinga, án þess að þurfa að stoppa lengi við, þeir geta einfaldlega flett áfram. Líkt og Hjalti Hugason bendir á í fyrirnefndri umfjöllun skera kaflarnir sem gerast í Svanga sig úr. „Þar er frásögnin í fyrstu persónu eintölu og stíllinn rammari, nær frumstæðu lífi og átökum við náttúruna“ (Hjalti Hugason, 2016). Þar fá lesendur raunveruleikatenginguna sem skortir, enda er sagan úr Svanga saga eftirlifenda sem flúðu ríkjandi samfélagsástand eftir hrunið. Kaldhæðni þessa stílbragðs verður svo enn sterkari í ljósi þess að í sögunni einangrast íslenskt samfélagsmiðlalíf ekki síður en samfélagið og fólk verður að fylgjast hvert með öðru á „ísbókinni“ og láta sér nægja fréttir af innlendum vettvangi.

Höfuðádeilan sem sett er fram í *Eylandi* kristallast í andstæðupólum íslenskrar sjálfsmyndar og alræðisríkis ólandssögunnar. Í nýlegri grein um *Sögu þernunnar* (1985) veltir Midori Hartman fyrir sér mikilvægi slíkra ádeilubókmennta í dag. „Angist og ótti þessara ímynduðu heima á sér óþarflega góðan hljómgrunn í efnahagslegum, pólitískum og umhverfislegum veruleika okkar, ekki hvað síst eftir reynslu okkar af fjármálakreppunni 2008“ (Hartman, 2013).<sup>36</sup> Hartman vísar í viðtal við Margaret Atwood sjálfa um bókina þar sem hún segir fólk í grunninn nálgast hana á þremur forsendum: „Þetta gæti aldrei gerst hér. Gæti þetta gerst hér? Hversu langan tíma höfum við áður en þetta gerist?“ (Atwood, án árs). Hartman vísar síðan til viðbragða lesenda bókarinnar og segir marga hverja hafa fyllst reiði og jafnvel kastað bókinni frá sér. Af því dregur hún þá ályktun að gildi ólandssagna af þessu tagi sé í það minnsta að gera fólk nægjanlega reitt til að spyrja: Hvernig getum við komið í veg fyrir þetta? (Hartman, 2013). Þessa umræðu er auðvelt að heimfæra á *Eyland*, þar sem söguviðið er óþægilega nærri

---

<sup>36</sup> Þýðing mín: The anxieties and fears that such imaginative worlds tap into resonate all too well with our contemporary political-economic climate, especially within the post-2008 recession experience.

raunveruleikanum. Bókin speglar atburði úr heimssögunni, en sækir um leið til íslensks menningararfs og virkjar þannig tvíþenta afstöðu lesenda til hans. Að einhverju leyti er ákveðin upphafning íslenskrar menningar og gamalla gilda um sterka og óbilgjarna víkinga nokkuð rík í þjóðarsálinni. Þrátt fyrir að slíkar ímyndir séu ríkjandi í þjóðernislegri umræðu og á hátíðisdögum er afstaða hins almenna Íslendinga til þeirra ekki endilega einvörðungu á jákvæðum nótum. Eins og Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir benti á í fyrirlestri sínum „LoveStar blikkar bakvið ský“ er slík notkun á táknum úr íslenskri menningu til þess fallin að deila á afstöðu okkar og viðhorf til þeirra (Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir, 2018).

Þótt *Eyland* sé í eðli sínu ekki hrunsaga, sækir hún ákveðna þætti til hugmyndafræði og hliðstæðna efnahagshrunsins á Íslandi. Í upphafi bókarinnar takast María og Hjalti á um hvort sé réttara að elda nautalund „sous-vide“ í plastpoka eða snöggsteikja hana á pönnu – borið fram með bernaisessósu og kartöfluköku (E:13). Að skömmum tíma liðnum dregur þetta sama fólk fram lífið á tekexi og sardínum, eða hakki sem úthlutað er af ríkinu. Þetta er bara ein þeirra líkinga sem minna á efnahagshrunið, sem prófessor Guðni Elísson hefur kallað „sérstaka grein (e. genre) í íslenskri menningarsögu“ (Guðni Elísson, 2009, bls. 118) og því eðlilegt að áhrif þaðan sé að finna í sterkum ádeilubókmenntum sem takast á við íslenskt samfélag. Mikið af þeirri hugmyndafræðilegu ádeilu sem sett er fram minnir á orðræðu Íslendinga um þjóðerni fyrir og eftir hrun. Kristín Loftsdóttir hefur fjallað um það sem hún kallar „þjóðernisleg þrástef“ í orðræðu Íslendinga um sjálfa sig í kringum hrunið í greininni „Kjarnmesta fólkið í heimi“ (Kristín Loftsdóttir, 2009). Ótalmargt sem þar kemur fram má heimfæra á *Eyland* og þá þjóðerniskennd og orðræðu sem þar birtist.

Benedict Anderson kallar sköpun þjóðríkja „ímyndað samfélag“ sem fær einstaklinga til að skipuleggja sig, mynda hópa og hugsa um sjálfa sig í samhengi við aðra (Anderson, 1983, bls. xii-3). Orðalag Andersons er sérstaklega áhugavert þegar talað er um ímyndað samfélög ólandssagna. Í *Eylandi* stendur þjóðin frammi fyrir því að skapa nýtt þjóðríki, á nýjum forsendum, sem byggir á gömlum gildum – ekki ólíkt þeirri stöðu sem íslensk stjórnvöld voru í eftir efnahagshrunið og fjallað verður um hér á eftir. Stýrihópur Elínar heldur fund þar sem meðal annars eru kynntar aðgerðir til þess að bregðast við „samfélagslegu kerfishruni“ (E:76). Sérfræðingarnir kynna þrjár viðbragðsleiðir, en þar af er einungis ein raunverulega fær. „Afturhvarf og einföldun. Samfélög bregðast við stóráföllum með því að leggja niður flóknar yfirstofnanir og hverfa aftur til einfaldari og dreifðari þjóðfélagsskipunar með einfaldari tækni og minni sérhæfingu“ (E:77). Við tekur stefnubreyting, þar sem upphafning gamalla gilda og vinnubragða er í fyrirrúmi. Háskólinn lokar „úreltum deildum“ og hætt er að kenna „frönsku

og spænsku og bókmenntafræði“ á kostnað þess að „þróa nýjar, sjálfbærar lausnir til að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar og búa í haginn fyrir framtíðina“ (E:67). Snemma í júní gerist fjöldi fólks matvinnungar í heyskap víða um sveitir, þar sem slegið er með orfi og ljá og bundið í bagga (E:139). Þetta kallast á við kenningar Andreas Huyssen um endurgerð og framsetningu minnisins, í því skyni að skapa þjóðfélagslega hópa. Hann segir upprifjun fortíðarinnar einkenni á samtímanum og tæki til að skapa skilningsramma fyrir atburði líðandi stundar (Huyssen, 2001, bls. 57-77).

Í fyrrnefndri grein Kristínar Loftsdóttur rekur hún hvernig þjóðernisorðræða á Íslandi tók í raun ekki miklum breytingum fyrir og eftir hrun. Eini munurinn var sá að fyrir hrun var áherslan á mannkynbætur og yfirburðakyn Íslendinga notað til að renna stoðum undir velgengni þeirra utan landsteinanna. Síðar snerist orðræðan um að vera sjálfum sér nógir heima fyrir. Hún vísar meðal annars í „Skýrslu Viðskiptaráðs Íslands“ þar sem Íslendingar eru sagðir einkennast af miklum sveigjanleika og skjótri ákvarðanatöku og séu fljótir að tileinka sér nýjungar (Kristín Loftsdóttir, 2009, bls. 128).<sup>37</sup> Síðar í greininni bendir hún á hvernig kreppuástand hafi breytt þjóðernishyggjunni þar sem áherslan færðist á þjóð sem hafði búið langa tíð í harðbýlu landi með íslenska bjartsýni að leiðarljósi (sama:20). Þetta endurspeglar fullkomlega þá hugmyndafræði sem stjórnámálamennirnir í *Eylandi* beita til þess að stjórna landinu. Í ávarpi Elínar til þjóðarinnar þakkar hún fólkinu „hugrekki ykkar, dugnað og stillingu“ (E:44). „Það eina sem við þurfum að vita í dag er að við erum hér, á landinu okkar góða sem forsjónin úthlutaði okkur, og okkur líður vel!“ (E:44). Orðræðan sækir til hugmynda Íslendinga um sjálfa sig sem yfirburðakynstofn, sem algeng var í kennslubókum fyrr á árum sem og í þjóðernisumræðu allri (Kristín Loftsdóttir, 2009, bls. 117-121). Líkt og Unnur Birna Karlsdóttir hefur bent á sækir slík orðræða til hugmyndafræði mannkynbótasinna snemma á 20. öld (Unnur Birna Karlsdóttir, 1998, bls. 151). Mannkynbætur verða fljótlega áberandi í *Eylandi* þar sem útlendingar, sér í lagi þeir sem ekki hafa réttan litarhátt eru sendir úr landi. Þegar líður á bókina kemur í ljós að Elín er með barni sem hefur ekkert viðurkennt faðerni. Líkur standa til að Hjalti sé faðirinn þrátt fyrir að Elín þvertaki fyrir allt slíkt. „Þú átt ekkert í barninu mínu [...] Ekki ofmetnast karlinn [...] Ég krefst þess eingöngu að þú sýnir mér hollustu“ (E:229). Ófædda

---

<sup>37</sup> Sjá (Þór Sigfússon & Halldór Benjamín Þorbergsson, 2005, bls. 21, 33 og 26). Einnig má minnst þess að þáverandi forseti, Ólafur Ragnar Grímsson tengdi iðulega það nýjasta í viðskiptum Íslendinga á erlendri grundu við gamlan arf og þjóðhætti. Sjá t.d. (Kristín Loftsdóttir, 2009, bls. 127-8).

barnið verður að tákmynd fyrir alvald Elínar hinn fullkomni fylgihlutur ímyndarinnar sem hún skapar.

„Þjóðernisrök krefjast þjóðarsögu og ósvikinnar þjóðlegrar sjálfsmyndar“ (Jón Ólafsson, 2009, bls. 120). Sigríður Hagalín sækir ekki bara til eldri hugmynda Íslendinga um sjálfa sig heldur er ádeilunni einnig beint að þeirri þjóðlegu sjálfsmynd sem birtist almenningi í dægurmenningu. Til þess að þjappa þjóðinni saman heldur Elín svokallaða Vetrahátíð í Laugardalshöllinni, „stærsta sjónvarpsviðburð vetrarins eftir að hætt var við Eurovision“ (E:42). Hin einangraða þjóð verður að vera sjálfri sér næg meira að segja hvað varðar þessa árlegu birtingarmynd hinnar bjartsýnustu þjóðernisástar. Hátíðinni stjórnar Sindri Snær, landsliðsmaður í fótbolta sem einnig leikur á kassagítar og er óendanlega hress. Hvort sem er í landsliðsgalla í Laugardalshöll eða lopapeysu á Þjóðhátíð í Heiðmörk er hann tilbúinn með upphaf óskalags þjóðarinnar: „Er völlum grær, og vetur flýr og vermir sólin grund“ (E:42, 160). Persóna hans og lagaval rifja upp múgæsing Íslendinga í tengslum við Evrópumótið í knattspyrnu sumarið 2016 auk þess að tala til hinnar íslensku útihátíðameðvirkni með gítarleikaranum sem kann bara eitt kvæði.<sup>38</sup> Þessi sterka líking við Íslendinga samtímans gerir þó ádeiluna beittari. Að baki dulbúnum bjartsýnisáróðri liggur alræði og ógnarstjórn í felum. „[Þ]jóðernishygga [er] mikilvægur þáttur í að virkja einstaklinga til ákveðinna athafna. Sem dæmi um þetta má nefna vinsældir allskonar þjóðlegra verklegra athafna svo sem þrjónaskaps og sláturgerðar sem tengd hafa verið við aðhaldssemi og fortíðina og þannig sköpuð einskonar samfella fortíðar og nútíðar“ (Kristín Loftsdóttir, 2009, bls. 135-6). Orð Kristínar vísa til Íslands eftir hrun, en það sama er uppi á teningnum í *Eylandi*. Lesendum er stillt upp við vegg, þar sem þeir bera ekki aðeins kennsl á hugtök og ímyndir, heldur einnig sjálfa sig. Hugmyndafræði hlutanna birtist síðan í nýju ljósi og gagnrýna hugsunin felst ef til vill fyrst og fremst í því að endurmeta eigin viðhorf til þjóðernislegra eininga. Þekkt fyrirbæri fá á sama tíma nýja og öfgakenndari merkingu, sem birtist til dæmis í Björgunarsveitunum, sem Íslendingum hefur verið innrætt að styrkja með lyklakippukaupum og loftmengun ár hvert, sem í söguheimi Sigríðar verða að stjórnlausum morðsveitum undir verndarvæng ríkisstjórnarinnar.

---

<sup>38</sup> Þjóðernislegar líkingar byggðar á íþróttamáli og fótbolta komu einnig við sögu í aðdraganda hrunsins eins og Kristín Loftsdóttir fjallar um í títtnefndri grein. Þar vísar hún í viðtal við Andrés Magnússon lækni úr *Silfri Egils* 24. febrúar 2008 þar sem hann segir að orðræðan hafi einkennst „af því að „strákarnir okkar“ eru okkar lið og „við“ stöndum með þeim. Orð hans draga fram hvernig orðfærið „strákarnir okkar“ felur í sér ákveðna fótboltamyndlíkingu þar sem útrásarvíkingarnir voru „lið“ íslensku þjóðarinnar sem sjálfsagt þótti að allir héldu með og hefðu áhuga á“ (Kristín Loftsdóttir, 2009, bls. 129). (Viðtalið við Andrés sem Kristín vísar til í nmgr. 82 á sömu síðu er horfið af vefnum, skv. hlekk sem hún birtir og vísar á heimasíðu Egils Helgasonar).



### 5.3. Kvenhlutverk og agnarstaðleysur

Hér að framan var fjallað stuttlega um heterótópíur innan samfélagsins sem birtist í *Eylandi*. Benedikt Hjartarson lýsir heterótópíum sem eyðum menningarinnar. Hann segir þær vera „raunveruleg athvörf eða andrými innan menningarinnar, þar sem óskráðar reglur og ríkjandi viðmiðanir samfélagsins eru numdar úr gildi“ (Benedikt Hjartarson, 2002, bls. 77). Eins og Benedikt bendir á er slík hugsun ef til vill barn síns tíma, en hún getur hins vegar komið að gagni við greiningu á ímynduðu samfélagi eins og því sem birtist á blaðsíðum *Eylands*. Eitt af meginþemum bókarinnar er samþjöppun sjónarhorns frá stærra samhengi til hins smærra. Í upphafskafli bókarinnar má finna lista af sammannlegum einkennum og síðan segir: „Þetta er að tilheyra samfélagi. Eða þjóð, eða mannkyninu. Hvar sem við ákveðum að draga línuna“ (E:7). Frá hinu víða samhengi eru hlutirnir svo aftur dregnir saman. „Og stundum verður heimurinn svo lítill að hann er bara ein manneskja“ (E:7). Þessi kafli speglar síðan þær samfélagsgerðir sem síðar birtast í bókinni, sem verða til í veruleika sem hefur dregist saman. Hann sýnir hvernig mynd af litlu broti af samfélagi manna getur varpað ljósi á stóra samhengið, auk þess að gagnrýna það þjóðfélag sem knýr fram ákveðna hluti. Hvert og eitt smásamfélag er heimur í sjálfu sér, en um leið stærra samhengi. Ísland fer frá því að vera hluti af umheiminum í að vera einangruð eyja og mögulega það eina sem eftir er í veröldinni. Því fylgir augljóslega fækkun mannfólks í „heiminum“ en samfélögin innan hans samanstanda líka af æ færra fólki. Samband þeirra Maríu og Hjalta rofnar um leið og samband Íslands við önnur lönd. Gegnum persónur þeirra fylgjast lesendur síðan með mismunandi lögum þjóðfélagsins, sem verða til eftir að sambandið rofnar.

Michel Foucault, upphafsmaður heterótópiuhugtaksins segir þróuð samfélög vera staði þar sem frávíks-heterótópiur blómstri, en það eru griðastaðir þeirra sem einhverra hluta vegna falla ekki að viðurkenndu samfélagsformi; elliheimili, geðsjúkrahús, hressingarhæli og fangelsi. Innan frumstæðra samfélaga þrífist aftur á móti það sem hann kallar „kreppu-heterótópiur“ einstaklinga sem eigi í kreppu gagnvart þeim samfélagshópi sem þeir tilheyra, svo sem unglingar, konur á blæðingum, gamalmenni og svo framvegis (Foucault, 2002, bls. 137). Í *Eylandi* birtast mörk þessara tveggja gerða, en innan sögunnar færast það frá því að vera hefðbundið vestrænt þjóðfélag yfir í frumstætt ættbálkasamfélag. Flestar kreppu-heterótópiurnar birtast lesendum gegnum valdalaus hópa, konur og börn – gjarnan af erlendum uppruna. Þetta meinta valdaleysi er þó ekki algilt, þar sem æðsti ráðamaður þjóðarinnar er kona, sem tekur við sökkvandi skipi þegar karlkynsráðamennirnir eru horfnir. Elín Ólafsdóttir byggir veldi sitt á ógnarstjórn og alræði með karllægum undirtónum, en einnig ímyndarsköpun sem

byggir á kvenlægri sérstöðu og valdi. Ótal fræðimenn hafa bent á hvernig staðleysuskrif kvenna eru frábrugðin sambærilegum söguheimum karla, sökum þess að heimssýn kynjanna og vonir um breytingar þar á eru oft ólíkar (Donawerth & Kolemerten, 1994, bls. 2-10).<sup>39</sup> Sarah Lefanu segir ólandssagna hefðina hafa karllæga slagsíðu og renna stoðum undir valdakerfi karlanna. Þetta leiðir af sér að ólandssögur eftir konur verða gjarna gagnrýnar háðsádeilur sem afbyggja ríkjandi kerfi (Lefanu, 1986, bls. 187).<sup>40</sup>

Mary Elizabeth Theis hefur bent á að sem rithöfundar koma konur lítið sem ekkert að staðleysuhefðinni fyrir en undir lok nítjándu aldar. Áður voru slíkar bókmenntir mestan part á höndum karla og viðhéldu gjarnan hugmyndum um kjarnafjölskylduna, fremur með áherslu á virkni hennar innan hagkerfisins sem fjölskyldueiningar. Þetta breytist þegar skrif kvenna verða meira áberandi innan hefðarinnar, en áhersla þeirra er mun fremur á fjölbreytileg fjölskyldumynstur og stöðu fjölskyldunnar innan nýrrar heimsmyndar (Theis, 2009, bls. 3-5). Heterótópiurnar í *Eylandi* bera flestar merki smárra og óhefðbundinna fjölskyldueininga. María hafnar í upphafi hefðbundnu heimilislífi með Hjalta. Megin ástæðan er sú að í lífi hans er ekki rúm fyrir börnin tvö sem hún tekur með sér úr fyrri samböndum. Upp úr sýður þegar Hjalti heldur matarboð og reiknar ekki með börnunum við borðið. Við tekur baráttu Maríu við að sjá fyrir börnunum sínum sem einstæð móðir – af erlendum uppruna. Slík staða er sjaldan öfundsverð en í nýhrundu samfélagi þar sem útlendingar og listamenn eru litnir hornauga er það nánast vonlaust. Eftir árásina á Hörpu á María um tíma við áfengisvandamál að stríða og Margrét tekur æ meira að sér að vera höfuð fjölskyldunnar. Í kjölfarið fullorðnast hún á ógnarhraða og fjarlægist móður sína með þeim afleiðingum að hún flýr í fríríki unglínganna á Korputorgi.

Eftir standa María, sem segir skilið við Bakkus, og Elías, sem reyna í örvæntingu að draga fram lífið. Þau eignast að lokum samastað í Samyrkjubúinu Sóleyju í Þykkvabæ þar sem hópur fólks lifir saman á hrossakjöti og kartöflum. Ýmislegt í þessu sjálfsþurftarsamfélagi minnir á kommúnur sjöunda áratugarins, en Benedikt Hjartarson hefur bent á að slík samfélög og það frelsi sem þar var að finna fyrir nýjar samfélagstilraunir séu mjög líklega frumgerðir heterótópianna í textum Foucaults (Benedikt Hjartarson, 2002, bls. 77). „Sóley býður ykkur nýtt upphaf, nýtt tækifæri til að lifa góðu lífi á því sem landið gefur af sér og skapa gott og

---

<sup>39</sup> Sjá inngang þeirra Donawerth og Kolemerten hvað varðar mismunandi áherslur í staðleysuskrifum kvenna á ólíkum tímum, sem og á milli landa.

<sup>40</sup> Frekari umfjöllun um ólandssögur kvenna má meðal annars finna í meistararitgerð Fran Desmet „Female Perspectives in the Dystopian Novel“ (Desmet, 2010).

fallegt samfélag“ (E:188). Íbúar þorpsins vinna saman, borða saman og kalla hver annan bræður og systur. „[P]etta er samfélag, segir Inga. Við erum fjölskyldan þín núna“ (E:205). Fljótlega kemur þó í ljós að samstaðan og systkinakærleikurinn ristir ekki djúpt undir yfirborðið og forsprakkinn Örn Úlfur gerir „systrum sínum“ ekki greiða nema taka eitthvað í staðinn. „Krijuptu, segir hann og hneppir frá sér buxunum. Krijuptu systir María, og ég skal blessa þig“ (E:210). Rándýrsnöfnin sem hann ber endurspeglar nöfnin sem Margrét gefur Björgunarsveitarmönnum sem nauðga börnunum í barnakommúnunni. Þessir sömu menn eru þeir sem að lokum fremja fjöldamorð á Samyrkjubúinu og færa Maríu og Elías í flóttamannabúðirnar þar sem þau dvelja þar til stefnulausa skipið flytur þau frá landinu.

Meðan María og Elías dvelja í Þykkvabænum tilheyrir Margrét samfélagi barnanna í verslunarmiðstöðinni, Krakkahöllinni. Það uppfyllir allar kröfur heterótópiu sem athvarf innan menningarinnar sem lýtur sínum eigin reglum. Að fá inngöngu er ákveðin manndómsvígsla og börnin verða að skilja sitt fyrra sjálf eftir utan veggjanna. „Hún hugsar sig varla um, hér heitir hún ekki Margrét, litla, duglega Margrét. Ég heiti Mara, segir hún“ (E:114-5). Samfélag barnanna sækir til bókmenntahefðar um barnafríríki, sem lesendur þekkja allt frá *Pétri Pan* (1911) til *Sögunnar af bláa hnettinum* (1999). Í yfirlitsriti um staðleysur og ólandssögur í barna- og unglingabókum benda þær Carrie Hintz og Elaine Ostry á hvernig bernskan hefur löngum fengið á sig blá paradísarlegrar upphafningar, sem svæði innan samfélagsins sem stendur utan við dægurþras hinna fullorðnu (Hintz & Ostry, 2003, bls. 1). Þær benda á hvernig hugmyndafræði af þessu tagi, þar sem ímynd barnsins er upphafi og þau talin standa nær guði og náttúrunni, jafnvel sem gott fordæmi fyrir samfélag hinna fullorðnu (sama:5-6). Þótt fríríkið einkennist ekki af barnlegu sakleysi er þar í upphafi að finna ákveðið fæðuöryggi og samstöðu. Umhverfið sýnir rústir kapitalismans, þar sem verslanirnar tæmast smátt og smátt af nauðsynjum en varningur sem ekki þjónar grunnþörfunum situr eftir í hillunum. Fljótlega fer þó að halla undan fæti en eins og þær Hintz og Ostry benda á er ekkert barn algott og bernskustaðleysur endurspeglar gjarnan þá tvíhyggju góðs og illis sem innra með þeim býr (sama:6). Þetta minnir á myrkari staðleysur barna líkt og í *Lord of the Flies* (1954) eftir William Golding en á Íslandi mætti meðal annars sjá hliðstæðu í Breiðuvíkurmálinu og á fleiri stöðum þar sem samfélag barna breyttist í hræðilegan stað. Hið sama gerist á Korputorgi, þar sem hoppukastalarnir, tákn æsku og ofgnóttar, verða leikvöllur kynlífs og eiturlyfja, svo sagan tekur á sig blá sæber/gufu/seiðpönks.

„Hún hugsar um þá sem dýr. Hún skiptir þeim í úlfa, birni og refi, og hún er orðin dugleg að greina þá í sundur“ (E:239). Þannig greinir Mara í sundur Björgunarsveitarmennina sem

reglulega koma í Krakkahöllina til þess að „ríða horuðum, skítugum krökkum“ (E:239). Fljótlega eftir að börnin taka ákvörðun um að hleypa hinum fullorðnu inn í afmarkaða samfélagið sitt fara hlutirnir úr böndunum. Að opna Björgunarsveitunum aðgengi að hoppuköstulunum og kynlífi með börnunum var í fyrstu sjálfsbjargarviðleitni drengjanna sem töldu sig vera við stjórnvölinn í Krakkahöllinni. Ofbeldisfullar og stjórnlausar Björgunarsveitirnar taka hins vegar fljótlega öll völd og neita að hleypa krökkunum út. Mara áttar sig á ástandinu og einsetur sér að losa sig úr vímunni og flýja. Það tekst að lokum og í fylgd með litlum hópi barna hefur hún leit að móður sinni. Sú leit ber því miður ekki árangur, þar sem María og Elías hafa verið send úr landi. Með því að fylgja vísbindingum móður sinnar tekst henni þó að leiða barnahópin í eyðifjörðinn þar sem Hjalti hefur sest að. Saman mynda börnin og bóndinn litla heterótópíska sneið á hjara veraldar. Samfélag þeirra lýtur öllum reglum sjálfsþurftarbúskaparins, þar sem þau lifa af landinu og afurðum þeirra húsdýra sem þeim tekst að rækta. Þessi sambúð karls og krakka einkennist af ærslum og þjóðlegum hefðum en um leið afbyggingu kjarnafjölskyldunnar og hjónabandsins.

Nýbúarnir í Svanga lifa í sátt við óhugnaðinn. Börnin eru villt og sjálfum sér næg, þau hlýða mér ekki en þau hugsa hvert um annað, þau hugsa um mig. Ég þarf að kenna þeim það sem ég kann, að veiða fisk og verka hann, sinna skepnunum, mjólka þær, slátra þeim og verka kjötið, veiða sel og skarf, ná í gæs og álf, elta þær á fæti og rota þær í sárum, tína egg og ber og fjallagrös og varðveita til vetrarins. Hver veit, kannski lifa þau af. Það yrði þá mín arfleifð, þessi litli vísir að samfélagi við ysta haf (E:246).

Fjölskyldan er móðurlaus sem verður áhugaverðara í ljósi þess að bæði Margrét og Hjalti eru það líka, eftir að hafa hafnað mæðrum sínum á táknrænan hátt. Margrét flýr frá Maríu þegar hún hefur misst stjórn á áfengisneyslunni og snýr ekki aftur fyrr en of seint. Hjalti hafnar kjarnafjölskyldumynstri með Maríu en samband hans við eigin móður er einnig gloppótt, en hún liggur á hjúkrunarheimili þar sem hún þjáist af heilabilun. Líkt og Margrét er hann of seinn að rækta sambandið og missir af tækifærinu. Þessir móðurlausu eftirlifendur varpa einnig ljósi á þá skaðlegu móðurmynd sem líkamast í Elínu Ólafsdóttur.

Hin eiginlega staðleysa bókarinnar er í raun Ísland sjálft, þar sem nýjar forsendur gefa færi á að skapa nýjar reglur og lög. Eins og Virginia Richter bendir á í fyrnefndri grein er einangrunar ólandssagan (e. dystopia of isolation) blendingsgrein, sem sækir bæði til góðu staðleysunnar og róbinsónötunnar (e. robinsonade). Richter segir að í raun byggi grunnhugmynd góðu staðleysunnar á aðskilnaði og einangrun, þar sem samfélagi gefst færi á að skapa sér ný skilyrði í öruggu umhverfi (Richter, 2015, bls. 269). Ísland er hér knúið til slíkrar tilraunar og forsprakki framkvæmdarinnar er Elín Ólafsdóttir. Það kann að virðast

klisjukennt að kona komist til valda þegar allir karlkyns ráðamenn þjóðarinnar hverfa bókstaflega af yfirborði jarðar. Vald Elínar sækir þó til þjóðernislegra hugmynda um kvenleikann og móðurhlutverkið, í bland við nýrri hugmyndir um hina íslensku konu. Inga Dóra Björnsdóttir mannfræðingur hefur skrifað einna mest um gildi þess sem hún kallar „karlkennda“ og „kvenkennda“ þætti í mótun þjóðernisvitundar hér á landi (Inga Dóra Björnsdóttir & Ragnhildur Vigfúsdóttir, 1991, bls. 5). Í grein sinni „They had a different mother“ rekur hún hvernig kvenkenndir þættir voru í raun grunnstoð endurreisnar þeirrar karlmennsku sem birtist í þjóðernislegri ímyndarsköpun á Íslandi. Hugmyndafræðin sótti til Johanns Gottfried Herder og líkingar hans um samfélag þjóða sem blómagarð. Í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga varð tengingin við náttúruna snemma áberandi, og líkingin um landið sem konu og móður varð miðlæg í táknumáli þjóðarinnar (Inga Dóra Björnsdóttir, 1998, bls. 95-6). Hún bendir jafnframt á hvernig fjórir meginþættir menningarinnar, náttúran, sagan, tungan (móðurmálið) og menningin, séu allir kvenkenndir, ekki bara í þeim skilningi að orðin séu í kvenkyni, heldur feli hugtökin í sér „ríkjandi kvenkennd einkenni“ (Inga Dóra Björnsdóttir & Ragnhildur Vigfúsdóttir, 1991, bls. 6).

Elín byggir á ímynd fjallkonunnar í bland við nútímalega framakonu. Fyrsta lýsingin á henni í bókinni ber síðara dæminu vitni. „Öflug hugsjónakona eða hættulega framagjörn, eftir því við hvern maður talar, alltaf í hvítu, alltaf elegant“ (E:21). Samhliða þeim samfélagsbreytingum sem hún boðar – afturhvarf til þjóðlegra vinnuhátta – breytir hún ímynd sinni í takt við litlu staðleysuna sína. „Hún hefur tekið upp nýjan stíl, dragtarjakkinn hefur vikið fyrir sumarkjólum og lopapeysum, ljóst hárið er fléttað í krans yfir höfuð hennar“ (E:159).<sup>41</sup> Elín er fjallkona *Eylands* en hún er einnig glæfrakvendi (f. femme fatale). Myndlíkingin um konuna sem náttúru og ef til vill náttúruvá er að finna í tveimur lýsingum á atburðum sem henda Hjalta. Í fyrra skiptið á hann mök við Elínu hina hvítu. „Hún heldur um höfuðið á honum með báðum höndum og stynur, og þegar hann kemur upp eins og drukkandi maður togar hún hann á fætur, ýtir honum niður á rúmið og leysir niður um hann buxurnar, klífur hann eins og fjall, sest ofan á hann og tekur hann eins og hún eigi hann, eins og hún hafi alltaf átt hann“ (E:103). Hjalti er óvirkur í kynlífinu og leiða má líkum að því að samfarirnar séu formsatriði fyrir Elínu, til að geta barnið sem hún notar síðar til að fullkomna ímynd sína sem móðir þjóðarinnar. Þegar Hjalti liggur svo með sýktan fót í Svanga, fullkomlega á valdi náttúrunnar, birtist hliðstæð

---

<sup>41</sup> Hér gæti verið um að ræða vísun í Yuliu Timoshenko fyrrum forsætisráðherra Úkraínu, sem birtist gjarnan á myndum með sambærilegan fléttukrans um höfuðið auk þess að gera mjög út á það sem kalla mætti þjóðlegan kvenleika. Sjá t.d. á Wikipediu; (Yulia Tymoshenko, 2018).

lýsing, þar sem hvíti liturinn vîkur fyrir svörtum. „Myrkrið hefur gleypst mig, umlukið mig eins og tjörupyttur, seigt og gljáandi. Ég reyni að brjótast um og losna, ná andanum, en tjaran flæðir yfir andlitið, maran<sup>42</sup> hefur sest klovvega yfir mig og ríður mér af hægð og öryggi, herðir að hálsinum og flæðir inn um vitin“ (E:118). Konan og harðstjórinn renna saman við náttúruna og náttúruöflin um leið og stutt er í forneskju og draugagang.

Virginia Richter segir róbinsónötur byggja á aðskilnaði eða einangrun. Hún segir sögur af þessu tagi hafa upplifað ólenskan viðsnúning á 20. öld, en í kjölfar helfarar, stríða og hörmunga hafi þær í auknum mæli leitast við að draga fram hversu stutt hinn siðmenntaði maður sé í rauninni frá villimennsku og dýrslegri hegðan (Richter, 2015, bls. 270-71). Í *Eylandi* er deilt á ófáa þætti úr samtímasögu og menningu. Um leið og bókin setur fram spurningar um viðhorf íslenskrar þjóðar til sjálfrar sín og þjóðlegra gilda, er hún um leið táknsaga fyrir margt sem miður fer frammi fyrir augum okkar dag hvern. Hvort sem um er að ræða rasisma gagnvart erlendum ríkisborgurum, viðhorf til lista og menningar eða sinnuleysi hinnar uppteknu ungu kynslóðar um þá sem eldri eru. Meðferðin á útlendingunum sem sendir eru úr landi sækir vissulega til helfararinnar, en minnir um leið óþyrmilega á flóttamannafleytur sem engu landi ná. Spilltir stjórnámálamenn og harðstjórar eru daglegt brauð og fæstir þora að setja sig í þau spor að lokist fyrir sambandið við útlönd. Höfundur bókarinnar er fréttamaður og sækir efnistökin sín beint í heimsfréttirnar. Spurning Hjalta Hugasonar; – hvað gerist ef við lendum allt í einu hinum megin við sjónvarpsskjáinn? nær í rauninni utan um kjarnaádeilu bókarinnar. Ólandssagan *Eyland* flokkast ekki sem framtíðarhrollvekkja, hún er samtímahrollvekkja, sem talar beint til Íslendinga dagsins í dag. Styrkleiki bókarinnar felst í því hversu auðvelt það er að setja sig í spor sögupersónanna, sem auðveldlega geta staðið fyrir fólk sem við þekkjum í hinu daglega lífi. Þar með er takmarki gagnrýnu ólandssögunnar, að vekja lesendur til umhugsunar um samfélag sitt með því að deila á atburði líðandi stundar, náð. Sú sjónarrönd vonar sem glittir í við bókarlok er ofurlítill spegilmynd af sögu íslensku þjóðarinnar. Stjórnvöld eru stjórnlaus og hræðilegt ástand ríkir. Eftir stendur fjölskylda, samsett úr ólíkum kynslóðum sem neyðist til að lifa af því sem landið gefur.<sup>43</sup>

---

<sup>42</sup> Hér má einnig nefna tenginguna við Möru/Margréti, sem á það sameiginlegt með Elínu að vera gerandi í sinni sögu.

<sup>43</sup> Að auki má nefna að fjölskyldufaðirinn er ekki raunverulegur faðir stúlkunnar sem leiðir barnahópinn, þó hann geri einhverskonar kröfu um slíkt hlutverk. Það minnir á lok *Sjálfstæðs fólks* (1933-5) eftir Halldór Kiljan Laxness, sem óneitanlega er áhrifamikið verk í íslenskum bókmenntum.

## 6. Samantekt og lokaorð

Það er ekki langt síðan ólandssögur tóku að ryðja sér til rúms hér á landi. Þrátt fyrir nokkrar fæðingarhríðir hefur bókmenntum af þessu tagi vaxið töluverður fiskur um hrygg á síðustu árum. Greinin ber þess merki að vera ung og helst í hendur við sögulega þróun sambærilegra sagna erlendis. Flestar þeirra bóka sem falla í flokk ólandssagna hér á landi eru frá 21. öld, og bera merki þess tíma þegar ólenski viðsnúningurinn þróaðist út í gagnrýnu ólandssöguna. Margar af fyrstu ólandssögum íslenskra bókmennta eru skrifaðar af konum og bera því vitni þeirri femínísku bylgju sem einkenna tók sögurnar á sjöunda og áttunda áratugnum. Hægt er að finna í flestum þeim bókum sem hér eru til umfjöllunar tilbrigði við það stef sem Jenny Wolmark greinir í textum femínískra höfunda frá miðri 20. öld. „Gagnrýnin framsetning á ótta og angist nýrra brotakenndra samfélags- og kynferðishópa í auðvaldssinnuðu síð-iðnsamfélagi“ (Wolmark, 1994, bls. 91).

*LoveStar*, *Hrímland* og *Eyland* eiga ýmislegt sameiginlegt með ólandssögum erlendra höfunda. Þar má nefna efnisþætti byggingarlíkansins sem raktir hafa verið hér að framan, vísanir til tungumálslegrar bælingar, ádeila á alræðisstjórnir og fleira. Ólandssögur taka hins vegar alltaf mið af því samfélagi sem þær eru skrifaðar í og því er alls ekki úr vegi að tala um sérstök íslensk einkenni á slíkum bókmenntum hér á landi. Flestar íslenskar ólandssögur birta lesendum mynd af Íslandi í alls ekki svo fjarlægri framtíð. Það heyrir til undantekninga að höfundar kjósi að skapa fullkomlega framandi heim, eins og tíðkast oft erlendis. Lesendur þekkja sig á blaðsíðunum gegnum persónur eða kennileiti í aðstæðum og atburðum sem auðvelt er að setja í íslenskt samhengi. Þessi beinskeytta ádeila á ákveðið samfélag verður til þess að þær færast í átt að and-útópíum, en allar hafa þær þó opinn endi sem sáir fræjum vonar sem gerir þær fremur að gagnrýnum ólandssögum. En Ísland birtist ekki bara í bókunum gegnum örnefni og einstaklinga. Allar sækja bækurnar á einn eða annan hátt til íslenskrar menningar, þjóðtrúar og bókmenntaarfs til þess að undirbyggja ádeiluna.

*LoveStar* deilir á sölu íslenskrar menningar og sögu, markaðsvæðingu landsins í gegnum auglýsingar og stemningu. Í henni er að finna mikið af þjóðlegri táknfræði og stór hluti ádeilunnar felst í því að allt er falt fyrir rétt verð, jafnt þjóðernið og einstaklingsvitund Íslendinga, lóan, landnámstófan og norðurljósin. Bókin deilir á auðvaldsstefnu en birtir um leið ógnvænlega nákvæma framtíðarsýn af Íslandi dagsins í dag, þar sem allt sem íslenskt getur talist fæst keypt fyrir fúlgur fjár. Persónur *Hrímlands* búa í heimi fullum af hliðarveruleikum og víddum sem liggja samhliða raunheimum, það þarf bara að kunna að komast á milli. Segja má að bókin sjálf sé einhverskonar hliðstæð vídd við íslenskt samfélag, þar sem galdur og

forneskja ríkir og huldufólk og aðrar kynjaverur þjóðsagnanna leika lausum hala. Mikið af táknmáli bókarinnar sækir til íslenskrar þjóðtrúar og talar þannig til afkima þjóðarsálarinnar, sem þykist ekki trú á álfa, en kinkar samt kolli með skilningsríkum svip þegar vinnuvélar bila eftir að hafa hróflað við álfasteini. Á sama tíma er bókin undirheimasaga um fólk sem ekki fótur sig í hinu viðurkennda samfélagi og kallast þannig á við umfjöllunarefni sem notið hefur nokkurra vinsælda í íslenskum bókmenntum og listum, þá sér í lagi kvikmyndum síðustu áratuga. Huldufólkið, blendingarnir og galdramennirnir á Hrímlandi verða táknmyndir handrúkkara, vændiskvenna og eiturlyfjaneytenda úr íslenskum samtíma. Einstaklinga sem búa á sama stað í sama landi, en búa í öðru samfélagi, annarri vídd. *Eyland* deilir af fullum krafti á þjóðernishyggju og hvernig hægt er að nota hana sem áróðurstól. Ádeilan felst í líkindunum við samtíma lesenda og þeirri samsömun sem þau bjóða uppá. Mikið af þeim táknum og atburðum sem notuð eru til múgsefjunar og boðunar í bókinni eiga sér beina samsvörun í íslenskum samtíma.

Sambærileg dæmi má finna í fleiri íslenskum ólandssögum sem nefndar voru í samantekt hér í 2. kafla. Margar þeirra eiga það sameiginlegt með bókunum þremur að hafa hvorki verið nefndar ólandssögur né dystópíur. Á kápunni á frumútgáfu *LoveStar* er hún kölluð „brjálæðisleg skáld[saga] um ástina, dauðann og Guð“ (Andri Snær Magnason, 2002). Aftan á *Hrímlandi* er vísað í umsögn frá Miðstöð íslenskra bókmennta þar sem bókin er kölluð „nýstárleg íslensk furðusaga“ með „traust[a] þekkingu á íslenskri bókmenntahefð og erlendum fantasíum“ (Alexander Dan Vilhjálmsson, 2014). *Eyland* er kölluð „ástar- og spennusaga“ (Sigríður Hagalín Björnsdóttir, 2016) sem er líklega sú lýsing sem fjærst er sanni. Hvergi er talað um ólandssögur (eða dystópíur) og má velja því fyrir sér hvort það tengist þeim erfiðleikum sem greinin hefur átt við að etja markaðslega hér á landi. Þess má geta að *Hrímland* eina verkið af þessum þremur sem á kápunni er kennt við fantasíu og furður, hlaut hvergi náð fyrir augum íslenskra útgefenda, þrátt fyrir að hafa m.a. hlotið Nýræktarstyrk frá Miðstöð íslenskra bókmennta. Eftir nokkurn barning gaf höfundur bókina út sjálfur í litlu upplagi en til marks um gæði hennar má nefna að samið hefur verið um útgáfurétt enskrar þýðingar hennar við breska útgáfufyrirtækið Gollancz, sem er eitt virtasta fantasíuforlag heims (Kristján Guðjónsson, 2018). Það virðist því loða við íslenskar ólandssögur að sigla undir fölsku flaggi þegar kemur að káputextum, hvort sem þar er um markaðskunstir eða misskilning að ræða. Vissulega innihalda flestar þessara bóka ástarsögu af einhverju tagi, undirsagan hverfist gjarnan um elskendur sem ekki er skapað nema að skilja eða eiga í einhverskonar sambandskrísu. Sá



söguþráður er þó í fæstum tilfellum aðalatriði heldur einungis hentugt tól til þess að knýja atburðarásina áfram eða ýta undir samsömun lesenda við ákveðnar persónur.

Munum það líka, að þegar komið er fram á öldina verður það mjög sjaldgæft að skáldskapur, sem ber virðingu fyrir sjálfum sér, sé hafður til að taka undir ríkjandi viðhorf (nema þá samkvæmt skipun í ófrjálsum samfélögum). Það tekst nokkuð víðtækt samkomulag um að bókmenntir séu ekki síst nauðsynlegar til að rífa niður blekkingar sem haldið er að fólki, afhjúpa falsvonir sem einatt hafa því hlutverki að gegna að setta menn við hlutskipti sitt. Og mörgum þykir dystópían, framtíðarhrollvekjjan, einkar nauðsynleg einmitt á okkar dögum, vegna þess að umsvif framkvæmdafíkinna manna og áhrif þeirra á umhverfi okkar og allt lífríki eru margfalt meiri og róttækari en áður voru möguleg – vegna þess hver öfluga tækni þeir hafa fengið í hendur (Árni Bergmann, 2002, bls. 17).

Orð Árna Bergmann um skáldskap sem „ber virðingu fyrir sjálfum sér“ ríma fullkomlega við auknar vinsældir ólandssagna á hinum síðustu og verstu tímum. Það er ekkert vafamál að bókmenntir og listir eru eitt öflugasta afhjúpunartæki mannkyns, þegar kemur að því að fletta ofan af ríkjandi ástandi, í heimi sem sannarlega stendur undir nafninu óland. Hverju samfélagi – en einnig heiminum öllum – er hollt að líta reglulega í eigin barm, þó slík sjálfskoðun sé ekki endilega þægileg. Þrátt fyrir að ekki skuli gert lítið úr stórkostlegum erlendum ólandssögum sem snerta lesendur víðsvegar, er þó ljóst að mikilvægi íslensku ólandssögunnar færist í aukana frekar en hitt. Koma þar til ýmsir þættir en þeirra mikilvægastur er virkjun samlíðunar manna.

„Samlíðan (e. empathy) er lykilþáttur í reynslu manna af listaverkum. Hún virðist nátengd spegilfrumunum [...]og byggist á þeim hæfileika mannlíkamans að líkja eftir hreyfingum annarra og setja sig í þeirra spor“ (Bergljót S. Kristjánsdóttir, 2015, bls. 170-71).<sup>44</sup> Vissulega getur samlíðan verið alhliða og manneskjur geta fundið til hennar gagnvart einstaklingum sem eru í aðstæðum sem þeir hafa aldrei upplifað sjálfir. Það má hins vegar leiða að því líkum að kennsl og kunnugleiki verði til þess að ýta undir samlíðan og jafnvel gera hana sterkari. Þannig má reikna með því að erlendar ólandssögur sem eiga sér stað í fjarlægum og jafnvel ímynduðum samfélögum standi Íslendingum ekki alveg eins nærri og þær sem gerast á landinu sem við þekkjum í aðstæðum sem við ólumst upp við. Góð ólandssaga felur í sér sammannlega þætti sem flestir ættu að geta fundið til samsömunar með. Gagnrýnin ólandssaga varpar ekki bara ljósi á það samfélag sem hún sprettur úr, heldur ættu lesendur að geta yfirfært merkinguna á sitt samfélag þar sem það á við. Forsenda þess að gagnrýnin skili sér er þó

---

<sup>44</sup> Í *Hugraun* (bls. 165) skýrir Bergljót frá rannsóknum á hinum svokölluðu spegilfrumum hjá makakíöpum sem fært hafa líkur að því að sambærilega frumuvirkni sé að finna í mönnum. Virkni spegilfrumanna er í örstuttu máli sú að einn api horfir á annan apa gera ákveðinn hlut og í heila hans virkjast sömu frumur, án þess þó að hann leiki athöfnina eftir. Í neðanmálsgrein 10 á sömu síðu bendir Bergljót á gagnrýni á þessar rannsóknir, sem ekki verður þó rakin hér.

ævinlega túlkun lesenda, sem vel getur verið þvert á höfundarættan. Blöndunarkenningin sem kynnt var hér að framan felur í sér blöndun hugrúma, þar sem nýtt marksvið rís í kjölfar ólíkra ílagsrúma. Til þess að blöndunin virki sem best þarf lesandi sem skapar blönduna í höfði sér að þekkja sem best til þeirra íblöndunarefna sem notuð eru.

Íslensku ólandssögurnar sem kynntar voru hér að framan fela í sér skírskotanir til íslenskrar menningar og þjóðarsálar sem engir þekkja betur en Íslendingar sjálfir. Slíkar bókmenntir marka sér ekki bara sess í (ólands)bókmenntasögu heimsins, heldur gera þær þjóðinni kleift að sjá mynd sína í skuggsjá listrænnar gagnrýni. Munaður sem hverju menningarsamfélagi er hollur. Þrátt fyrir að finna megí ádeilu á auðvaldsstefnu og einræði í bókmenntum hvaðan æva úr heiminum er sumt sem snertir engan nema þann sem íslenskur er. Það þarf þekkingu á íslenskrí menningu, ferðamannavæðingu og lundabúðum, til að skilja ádeiluna á erfðabreyttu lóurnar og ástarstjörnu bundna saman úr gervihnöttum. Orðaleikir eins og Sæmundur óði í ferð með kölska, og „Hrímland úr Kalmar, Krúnan burt“ þarfnast skilnings á bókmenntaarfi og pólitískum ólgusjó Íslands á liðum árum. Þeir sem láta sig ekki varða íslenskt íþróttalíf fá ekki þar til gerðan hroll niður mænuna við að sjá línurnar „Er völlum grær og vetur flýr“ settar í samhengi við fjöldasöng. Að sama skapi verða skírskotanir og vísanir til íslenskrar náttúru á einhvern hátt sterkari í hugum þeirra sem alist hafa upp við náttúruöflin og duttlunga þeirra. Náttúran og náttúruváiin er algengt minni íslenskra ólandssagna, sem eðlilegt er hjá þjóð sem hefur upplifað sínar mestu hörmungar gegnum náttúruhamfarir, eldgos, snjóflóð og sandfok. Það vekur athygli í íslensku samhengi að flestum bókanna lýkur með afturhvarfi til náttúrunnar, sem virðist vera ákveðið minni hjá þjóð sem ósjaldan hefur þurft að reiða sig á náttúruöflin samhliða því að lúta þeim. Loks má ekki gleyma mikilvægi íslenskrar tungu. Alexander Dan benti í nýlegu viðtali á hversu erfitt að er að verða að leita út fyrir eigið málsvæði til þess að fá verk sín útgefin. Hann segir skipta sig miklu máli að skrifa á íslensku og bætir við að *Hrímland* hefði ekki getað orðið til á neinu öðru tungumáli (Björn Halldórsson, 2018). Það er því ekki bara mikilvægt að ólandssögur séu skrifaðar á íslensku til þess að lesendur finni til samsömunar heldur einnig að höfundar fái tækifæri til að skapa sögur sem byggja á minnum og menningu og því málumhverfi sem sögur þeirra raunverulega spretta úr.

Ekki er annað við hæfi en að enda þessa umfjöllun um ólandssögur á nokkuð bölsýnum nótum, sem þó er í að finna bjartsýnisvon. Reglulega eru uppi háværar raddir þeirra sem halda því fram að lestur og læsi sé á hröðu undanhaldi. Kannanir sem benda til þess að færri börn lesi sér til gagns eru birtar, bóksala þykir standa höllum fæti meðan dómsdagsspár um yfirtöku snjalltækja og gervigreindar í afþreyingariðnaðnum eru háværar. Samhliða þessum hrakspám

vex upp kynslóð barna sem alist hefur upp við að lesa fjölbreyttar ólandssögur. Eins og nefnt var stuttlega í 2. kafla ber sýnu mest á greininni í bókum fyrir yngri kynslóðir lesenda og hér á landi virðist sem greinin eigi erfitt með að komast upp í fullorðins flokk. Dagný Kristjánsdóttir er meðal þeirra sem fjallað hafa um þessar bókmenntir. Í fyrirlestrinum „Heimsendi aflýst – tímabundið“ á Hugvísindapingi 2018 bendir hún á hvernig bækur af þessu tagi hafi áhrif á mótun sjálfsmýndar ungs fólks og rekur jafnframt gríðarlegar vinsældir greinarinnar (Dagný Kristjánsdóttir, 2018). Ólandssögur, vísindaskáldsögur, furðusögur og fantasíur eru sívinsælar meðal yngri lesenda. Ef íslenskrar bækur sem falla að þessum greinum eru ekki til nema upp í ákveðinn aldursflokk er hætt á að aðdáendur þeirra annað hvort veigri sér við að lesa „fullorðinsbækur“, eða snúi sér að bókmenntum á öðrum tungumálum en íslensku. Liður í því að halda þessum ungu lesendum við efnið þegar fram líða stundir gæti sem best verið að gera þeim bókmenntum sem þeir kunna að meta hærra undir höfði og leyfa greininni að þroskast með þeim. Mikilvægi gagnrýninnar bókmennta eykst heldur en hitt þegar lesendurnir eldast, sér í lagi innan tvísýnnar heimsmýndar samtímans. Þau eru fólkið sem samtíminn ætlar að taki við kyndlinum, þegar mannskepnan missir völdin.

## Heimildaskrá

- Alda Björk Valdimarsdóttir & Guðni Elísson. (2012). „Og eftir sitjum við með sektarkennd í brjósti“ Hallgrímur Helgason og íslenska efnahagshrunið. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*, 169-197.
- Alexander Dan Vilhjálmsson. (2014). *Hrímland*. Reykjavík: Andlag útgáfa.
- Anderson, B. (1983). *Imagined Communities: Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*. London & New York: Verso.
- Andri Snær Magnason. (2002). *LoveStar*. Reykjavík: Mál og menning.
- (9. 11 2017). LoveStar. Bók vikunnar á Rás 1. (Jórunn Sigurðardóttir, Spyrill) Sótt 5. 1 2018 frá <http://www.ruv.is/frett/lovestar-andri-snaer-magnason>
- Anna Björk Einarsdóttir. (2. 6 2007). ...nei ég er ekki fótgönguliði, ég er skæruliði. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 10.
- Arnaldur Máni Finnsson. (2. 12 2016). Vísindaskáldskapur í dulargervi. *Helgarblað DV*, bls. 8.
- Atwood, M. (1991). *The Handmaid's Tale*. New York: Anchor Books.
- Atwood, M. (án dags.). Forspjall fyrir sýningu Winnipegballettsins á The Handmaid's Tale. (H. Lewis, Spyrill) Sótt 22. 3 2018 frá <https://player.vimeo.com/video/77242187>
- Ágúst Borgþór Sverrisson. (17. 11 2016). Reykjavík undir frumskógarlögmáli. *DV*. Sótt 2. 12 2017 frá <http://www.dv.is/menning/2016/11/17/reykjavik-undir-frumskogarlogmali/>
- Án höfundar. (29. 6 1972). Spádómar og vísindaskáldsaga. *Þjóðviljinn*, bls. 5. Sótt 1. 12 2017 frá [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=220480&pageId=2831826&lang=is&q=V% C5D5INDASK% C5ILDSAGA% 20v% EDsindask% E1ldsaga](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=220480&pageId=2831826&lang=is&q=V%C5D5INDASK%C5ILDSAGA%20v%EDSindask%E1ldsaga)
- Án höfundar. (2. 12 2017). *Paradísarborgin*. Sótt 5. 12.2017 frá Hrunið, þið munið. Gagnabanki um samtímasögu: <http://hrunid.hi.is/skaldskapur/paradisarborgin/>
- Ármann Jakobsson. (2012). Formáli. Í Ingi Vídalín (Kristmann Guðmundsson), *Ferðin til stjarnanna* (bls. 7-25). Reykjavík: Lesstofan.
- Árni Bergmann. (2002). Þrengt að voninni. Illar staðleysur við aldarlok. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*, 7-18.
- Árni Bergur Zoëga. (2013). *Hrímland. Tónverk útfærið með bókinni Hrímland eftir Alexander Dan*. Andlag útgáfa, Reykjavík.
- Ásta Kristín Benediktsdóttir. (2009). Snaran - tímalaus snilld. *Druslubækur og doðrantar*, Birtist 13. október. Sótt 1. 12 2017 frá <http://bokvit.blogspot.is/2009/10/snaran-timalaus-snilld.html>
- Baccolini, R. (1995). "It's Not in the Womb the Damage is Done": The Construction of Gender, Memory and Desire in Katherine Burdekin's *Swastika Night*. Í E. Sciliani, A.

- Cecere, V. Intononti, & A. Sportelli, *Les trasformazioni del narrate* (bls. 293-309). Fasano: Schena.
- Baccolini, R. (2000). Gender and Genre in the Feminist Critical Dystopias of Katherine Burdekin, Margaret Atwood, and Octavia Butler. Í M. Barr, *Future Females, the Next Generation: New Voices and Velocities in Feminist Science Fiction* (bls. 13-34). Boston: Rowman and Littlefield.
- Baudrillard, J. (2000). *Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*. (Geir Svansson, Ritstj., Geir Svansson, Ólafur Gíslason, & Þróstur Helgason, Þýð.) Reykjavík: Bjartur. ReykjavíkurAkademían.
- Benedikt Hjartarson. (2002). Staðlausir staðir. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*, 73-96.
- Bergljót S. Kristjánsdóttir. (2015). *Hug/raun. Nútímabókmenntir og hugræn fræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Björn Halldórsson. (31. 3 2018). Alexander Dan On The Untapped Resource of Icelandic Fantasy. *The Reykjavík Grapevine*. Sótt 1. 4 2018 frá <https://grapevine.is/culture/literature-and-poetry/2018/03/31/alexander-dan-on-the-untapped-resource-of-icelandic-fantasy/>
- Björn Ægir Norðfjörð. (29. 5 1999). Frumsmíð George Lucasar. *Dagblaðið Vísir*, bls. 74. Sótt 1. 12 2017 frá [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=198731&pageId=2985059&lang=is&q=dyst%F3p%EDa](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=198731&pageId=2985059&lang=is&q=dyst%F3p%EDa)
- Bowser, R. A., & Croxall, B. (2010). Introduction: Industrial Evolution. *Neo-Victorian Studies*, 1-45.
- Burke, M. (2003). Literature as parable. Í J. Gavins, & G. Steen, *Cognitive Poetics in Practice* (bls. 115-128). New York & London: Routledge.
- Böðvar Guðmundsson, & Heimir Pálsson. (2015). *Norrænir guðir í nýju landi. Íslensk heiðni og goðsögur*. Reykjavík: Mál og menning.
- Cavalcanti, I. (1999). *Articulating the Elsewhere: Utopia In Contemporary Feminist Dystopias*. Diss: University of Strathclyde.
- Clayes, G., & Sargent, L. T. (1999). Introduction. Í G. Clayes, & L. T. Sargent, *The Utopia Reader* (bls. 1-6). New York & London: New York University Press.
- Clayes, G. (2010). The Origins of Dystopia: Wells, Huxley and Orwell. Í G. Claeys, *The Cambridge Companion to Utopian Literature* (bls. 107-134). Cambridge Collection Online: Cambridge University Press.
- Clover, C. J. (1992). *Men, Women and Chain-saw. Gender in the Modern Horror Film*. Princeton: Princeton University Press.
- Clute, J., Langford, D., Nicholls, P., & Sleight, G. (2011). Cyberpunk. Í J. Clute, D. Langford, P. Nicholls, & G. Sleight, *SFE. The Encyclopedia of Science Fiction*. Án staðar: Gollancz.

- Clute, J., Langford, D., Nicholls, P., & Sleight, G. (2011). Steampunk. Í J. Clute, D. Langford, P. Nicholls, & G. Sleight, *SFE. The Encyclopedia of Science Fiction*. Án staðar: Gollancz.
- Cyberpunk*. (5. 4 2018). Sótt frá Technopedia:  
<https://www.techopedia.com/definition/2392/cyberpunk>
- Dagný Kristjánsdóttir. (2006). Blessuð sértu sveitin mín. Í Guðmundur Andri Thorsson, *Íslensk bókmenntasaga IV* (bls. 520-564). Reykjavík: Mál og menning.
- (2018). Heimsendi aflýst - tímabundið. *Bókmenntir og vistrýni*. Reykjavík: Hugvísindafing.
- Dancygier, B. (2005). Blending and narrative viewpoint: Jonathan Raban's travels through mental spaces. *Language and Literature*, 99-127.
- Davis, J. C. (1984). Science and Utopia: The History of a Dilemma. Í E. Mendelsohn, & H. Nowotny, *Nineteen eighty four: Science between Utopia and Dystopia* (bls. 21-48). Dordrecht. Boston. Lancaster: D. Reidel Publishing Company.
- Desmet, F. (2010). *Female Perspectives in the Dystopian Novel* (Meistaraprófsritgerð útg.). (M. Demoor, leiðbeindi.) Ghent: Ghent University. Sótt 2. 4 2018 frá  
[https://lib.ugent.be/fulltxt/RUG01/001/457/858/RUG01-001457858\\_2011\\_0001\\_AC.pdf](https://lib.ugent.be/fulltxt/RUG01/001/457/858/RUG01-001457858_2011_0001_AC.pdf)
- Donawerth, J. L., & Kolemerten, C. A. (1994). Introduction. Í J. L. Donawerth, & C. A. Kolemerten, *Utopian and Science Fiction by Women. Worlds of Difference* (bls. 1-15). Liverpool: Liverpool University Press.
- Egill Helgason. (22. 11 2017). *Pórarinn Leifsson um Kaldakol*. Sótt 12.12.2017 frá Youtube rás Kiljunnar: <https://www.youtube.com/watch?v=JkCgE1p-k3Q>
- Einar Leif Nielsen. (2013). *Hvítir múrar borgarinnar*. Reykjavík: Rúnatýr.
- Einar Olgeirsson. (1967). Ritsjá: Ingimar Erlendur Sigurðsson, Íslandsvísa. *Réttur*, 178-179.
- Eiríkur Laxdal. (2006). *Ólandssaga*. Reykjavík: María Anna Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Antonsson.
- Eiríkur Örn Norðdahl. (2009). *Gæska*. Reykjavík: Mál og menning.
- (2012). *Illska*. Reykjavík: Mál og menning.
- (2015). *Heimska*. Reykjavík: Mál og menning.
- Emil Hjörvar Petersen. (2010). *Saga eftirlifenda: Höður og Baldur*. Reykjavík: Nykur.
- (2012). *Saga eftirlifenda: Heljarþröm*. Reykjavík: Nykur.
- (2014). *Saga eftirlifenda: Níðhöggur*. Reykjavík: Nykur.
- (2016). *Víghólar*. Reykjavík: Veröld.
- (2017). *Sólhvörf*. Reykjavík: Veröld.

- Eva Hauksdóttir. (21. 12 2014). „Hrímland úr Kalmar – krúnan burt!“ *Kvennablaðið*, bls. Sótt 26.2.2018: <http://kvennabladid.is/2014/12/21/hrimland-ur-kalmar-krunan-burt/>.
- Fauconnier, G., & Turner, M. (2003). *The Way We Think: Conceptual Blending and the Mind's Hidden Complexities*. New York: Basic Books.
- Foucault, M. (2002). Um önnur rými. (Benedikt Hjartarson þýddi, Ritstj.) *Ritið. Tímarit hugvísindastofnunar*, 131-142.
- Freud, S. (2003). *The Uncanny*. (D. McLintock, Þýð.) London: Penguin Classics.
- Freytas-Tamura, K. (25. 1 2017). George Orwell's '1984' Is Suddenly a Best-Seller. *The New York Times*, bls. Sótt 27.11.17 frá <https://www.nytimes.com/2017/01/25/books/1984-george-orwell-donald-trump.html>.
- Fríða Björk Ingvarsdóttir. (4. 12 2002). Sögusviðið og stemningin. *Bækur. Sérnit morgunblaðsins um bækur*, bls. 3.
- Gilbert, S. M., & Gubar, S. (2000). Horror's Twin: Mary Shelley's Monstrous Eve. Í S. M. Gilbert, & S. Gubar, *The Madwoman in the Attic. The Woman Writer and the Nineteenth-Century Literary Imagination* (bls. 213-247). New Haven & London: Yale University Press.
- Gottlieb, E. (2001). *Dystopian Fiction East and West. Universe of Terror and Trial*. Montreal & Kingston. London. Ithaca: McGill-Queen's University Press.
- Gottlieb, E. (2001). *Dystopian Fiction East and West. Universe of Trial and Terror*. Montreal & Kingston, London, Ithaca: McGills Queen's University Press.
- Guðmundur Magnússon. (2008). *Nýja Ísland - listin að tína sjálfum sér*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Guðni Elísson. (2009). Staðleysan Ísland og mýtan um okkur sjálf. *Tímarit Máls og menningar*, 10-25.
- (2009). Vogun vinnur... *Saga XLVII*, 117-146.
- & Jón Ólafsson. (2002). Staðleysur góðar og illar. *Ritið. Tímarit hugvísindastofnunar*, 3-6.
- Hafner, K., & Markoff, J. (1995). *Cyberpunk: Outlaws and Hackers on the Computer Frontier, Revised*. New York: Touchstone.
- Hartman, M. (6. 11 2013). Performing Dystopian Imagination. *FSR. Feminist Studies in Religion*. Sótt 22.3.2018 frá <http://www.fsrinc.org/performing-dystopian-imaginations/>.
- Helga Birgisdóttir. (2007). *Pegar neglt var fyrir sólina, krúrnar rötuðu ekki heim og einn maður átti sér draum : vistrýni og verk Andra Snæs Magnasonar*. (Sveinn Yngvi Egilsson, leiðbeindi) Reykjavík: Lokaritgerð til MA prófs í Íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands.
- Helgi Ingólfsson. (2010). *Runukrossar*. Reykjavík: Ormstunga.

- Heuser, S. (2003). *Virtual Geographies: Cyberpunk at the Intersection of the Postmodern and Science Fiction*. Amsterdam, New York: Rodopi.
- Hintz, C., & Ostry, E. (2003). *Utopian and Dystopian Writing for Children and Young Adults*. New York & London: Routledge.
- Hjalti Hugason. (23. 11 2016). Samtímagreining með siðfræðilega undirtóna. *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*. Sótt 21.3.2018. frá <http://hugras.is/2016/11/samtimagreining-med-sidfraedilega-undirtona/>.
- Huntington, J. (1982). Utopian and Anti-Utopian Logic: H.G. Wells and His Successors. *Science-Fiction Studies*, 122-147.
- Huyssen, A. (2001). Present Pasts: Media, Politics, Amnesia. Í A. Appadurai, *Globalizatio* (bls. 57-77). Durham & London: Duke University Press.
- Illugi Jökulsson. (1993). *Barnið mitt barnið*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Inga Dóra Björnsdóttir. (1998). They had a different mother: the central configuration of Icelandic nationalistic discourse. Í D. von der Fehr, A. Jonasdóttir, & B. Rosenbeck, *Is There A Nordic Feminism?: Nordic Feminist Thought On Culture And Society* (bls. 92-107). London & New York: Routledge.
- Inga Dóra Björnsdóttir & Ragnhildur Vigfúsdóttir. (1991). Fjallkonan og íslensk þjóðernisvitund. *Vera. Tímarit um konur og kvenfrelsi*, 10(5), 4-8. Sótt 28. 3 2018 frá [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?gegnirId=000565125](http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000565125)
- Ingi Björn Guðnason. (2006). Ef ég væri borgin. *Ritið. Tímarit hugvísindastofnunar*, 6(2), 55-74.
- Ingi Víталín (Kristmann Guðmundsson). (2012). *Ferðin til stjarnanna*. Reykjavík: Lesstofan.
- Ingibjörg Jónsdóttir. (1971). *Konurnar pukruðu og hvísluðust á*. Reykjavík: Prentsmiðjan Leiftur.
- Ingimar Erlendur Sigurðsson. (1967). *Íslandsvísa*. Reykjavík: Helgafell.
- Jackson, R. (1986). *Fantasy: The Literature of Subversion*. New York: Methuen & Co.
- Jagoda, P. (2010). Clacking Control Societies: Steampunk, History, and the Difference Engine of Escape. *Neo-Victorian Studies*, 46-71.
- Jakobína Sigurðardóttir. (1968). *Snaran*. Reykjavík: Heimskringla.
- Jones, J. B. (2010). Betrayes by Time: Steampunk and the Neo-Victorian in Alan Moore's The Lost Girls and The League of Extraordinary Gentlemen. *Neo-Victorian Studies*, 99-126.
- Jóhannes Ólafsson. (9. 11 2017). Bók vikunnar. LoveStar eftir Andra Snæ Magnason. Reykjavík: Rúv. Rás 1.
- Jón Ólafsson. (2009). *Andóf, ágreiningur og áróður*. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.



- Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir. (2018). LoveStar blikkar bakvið ský. Um notkun tungumálsins í LoveStar eftir Andra Snæ Magnason. *Mímisþing 2018*. ReykjavíkurAkademíunni. Reykjavík: Nemendafélagið Mímir.
- Kay, S. (2003). *Žižek. A Critical Introduction*. Cambridge: Polity Press.
- Kristín Loftsdóttir. (2009). Kjarnmesta fólkið í heimi. Þrástef íslenskrar þjóðernishyggju í gegnum lýðveldisbaráttu, útrás og kreppu. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*, 113-139.
- Kristján Atli Ragnarsson. (2016). *Nýja Breiðholt*. Reykjavík: Draumsýn.
- Kristján B. Jónasson. (1994). Borg úr lofti. *Tímarit Máls og menningar*, 55(4), 124-127.
- Kristján Guðjónsson. (19. 2 2018). Alexander Dan semur við eina þekktustu fantasíuútgáfu heims. *DV*. Sótt 30. 3 2018 frá <http://www.dv.is/menning/2018/02/19/alexander-dan-semur-vid-eina-theckettustu-fantasiuutgafu-heims/>
- Kumar, K. (1987). *Utopin and Anti-Utopia in Modern Times*. Oxford: Blackwell.
- Lefanu, S. (1986). In the Chinks of the World Machine: Feminism and Science Fiction. Í M. Eagleton, *Feminist Literary Theory: a reader* (bls. 187-188). Oxford: Blackwell Publishing Ltd.
- Magnús Þór Snæbjörnsson. (2007). Er Draumalandið sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð? *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 464-495.
- Mengak, L. (2014). *Life beyond the Green Wall: Limiting the Limitless iin Zamyatin's WE*. Franklin: The University of Georgia. Sótt 22. 4 2018 frá <https://www.cmlt.uga.edu/xenophile/life-beyond-green-wall-limiting-limitless-iin-zamyatins-we>
- Moylan, T. (2000). *Scraps of the Untainted Sky. Science Fiction, Utopia, Dystopia*. Boulder / Oxford: Westview Press. A Member of the Perseus Books Group.
- Mósebók. 2.21. (1923). Í *Biblía. Heilög ritning* (bls. 3). Reykjavík: Á kostnað hins brezka og erlenda Biblíufélags.
- Nevins, J. (2011). Prescriptivists vs. Descriptivists: Defining Steampunk. Reviewed Work(s): Steampunk Prime: A Vintage Steampunk Reader by Mike Ashley, ed; Neo-Victorian Studies by Rachel Bowser, Brian Croxall and eds; Steampunk II: Steampunk Reloaded by Ann, J. VanderMeer. *Science Fiction Studies*, 38(3), 513-518.
- Njörður P. Njarðvík. (1971). Undir verndarvæng. Í Aðalgeir Kristjánsson, *Afmælisrit Steingríms J. Þorsteinssonar* (bls. 117-127). Reykjavík: Leiftur.
- Oddný Eir Ævarsdóttir. (2017). *Undirferli*. Reykjavík: Bjartur.
- Orwell, G. (1949 (2008)). *1984*. London: Penguin Books.
- P.J. (30. 8 1996). Myrk aldamótasýn. *Dagblaðið Vísir*, bls. 25. Sótt 1. 12 2017 frá [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=196954&pageId=2944532&lang=is&q=dyst%F3p%EDa](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=196954&pageId=2944532&lang=is&q=dyst%F3p%EDa)

- Páll Skúlason. (2015). *Merking og tilgangur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Perkins, D. (2003). *Romanticism and Animal Rights*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Perschon, M. (2010). Steam Wars. *Neo-Victorian Studies*, 127-166.
- Pétur Már Ólafsson. (1995). Maður er svo öryggislaus. *Tímarit Máls og menningar*, 56(3), 104-114.
- Piers, S. (2010). The Green Wall: Nature, Liberty and Yevgeny Zamyatin's Dystopian Frame. *Stephens, Piers, The Green Wall: Nature, Liberty* Western Political Science Association 2010 Annual Meeting Paper. Sótt 22. 4 2018 frá [https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract\\_id=1580348](https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=1580348)
- Ragna Sigurðardóttir. (1993). *Borg*. Reykjavík: Mál og menning.
- Richter, V. (2015). Dystopia of Isolation. Í E. Voigts, & A. Boller, *Dystopia, Science Fiction and Post-Apocalypse* (bls. 269-282). Trier: WVT Wissenschaftlicher Verlag.
- Sargent, L. T. (1975). Utopia - the Problem of Definition. *Extrapolation*, 137-148.
- L. T. (1994). The Three Faces of Utopianism Revisited. *Utopian Studies*, 1-38.
- Sigríður Albertsdóttir. (13. 12 2002). Ekkert stöðvar hugmynd. *Dagblaðið Vísir*, bls. 18.
- Sigríður Hagalín Björnsdóttir. (2016). *Eyland*. Reykjavík: Benedikt.
- Sigurlaugur Brynleifsson. (1976). *Galdrar og brennudómar*. Reykjavík: Mál og menning.
- Steampunk*. (5. 4 2018). Sótt frá Dictionary.com: <http://www.dictionary.com/browse/steampunk>
- Steinar Bragi. (2009). *Konur*. Reykjavík: Forlagið.
- (2011). *Hálendið*. Reykjavík: Forlagið.
- (2014). *Kata*. Reykjavík: Forlagið.
- Steinunn Inga Óttarsdóttir. (15. 1 2018). *Undirferli ögrar forminu á lúmskan hátt*. Sótt frá Ríkisútvarpið. Víðsjá: <http://www.ruv.is/frett/undirferli-ograr-forminu-a-lumskan-hatt>
- Sumarliði R. Ísleifsson. (2002). Fyrirmyndarsamfélagið Ísland. *Ritið. Tímarit hugvísindastofnunar*, 117-129.
- Suvin, D. (1988). The SF Novel as Epic Narration: For Fusion of 'Formal' and 'Sociological' Analysis. Í D. Suvin, *Positions and Presuppositions in Science Fiction* (bls. 74-86). London: Palgrave Macmillan UK.
- Svava Jakobsdóttir. (1969). *Leigjandinn*. Reykjavík: Helgafell.
- (2005). Reynsla og raunveruleiki. Í Ármann Jakobsson, *Kona með spegil. Svava Jakobsdóttir og verk hennar* (bls. 60-68). Reykjavík: JPV útgáfa.

- Theis, M. E. (2009). *Mothers and Masters in Contemporary Utopian and Dystopian Literature*. (T. Alvarez-Detrell, & M. G. Paulson, Ritsstj.) New York: Peter Lang Publishing.
- Todorov, T. (1987). *The Fantastic: A Structural Approach to a Literary Genre*. Ithaca: Cornell Paperbacks.
- Turner, M. (2003). Double-scope Stories. Í H. David, *Narrative Theory and the Cognitive Sciences* (bls. 117-142). Stanford: CSLI.
- Unnur Birna Karlsdóttir. (1998). Mannkynbætur: Hugmyndir um bætt kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld. *Sagnfræðirannsóknir 14*, 151.
- Úlfhildur Dagsdóttir. (9. 6 2001). Sæberpönk: Bland í poka - fyrri hluti. *Lesbók morgunblaðsins*, bls. 8-9.
- VanderMeer, A., & VanderMeer, J. (2010). *Steampunk II. Steampunk Reloaded*. San Francisco CA: Tachyon.
- Vésteinn Ólason. (2007-9). Modernism in the Post-war Icelandic Novel up to 1990. *Scandinavian Canadian Studies / Études Scandinaves Au Canada*, 18, 86-103. Sótt 2. 12 2017 frá [https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/12246/article.pdf%3Fid%3Dolason\\_1\\_18?sequence=1](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/12246/article.pdf%3Fid%3Dolason_1_18?sequence=1)
- Vieira, F. (2010). The Concept of Utopia. Í G. Clayes, *The Cambridge Companion to Utopian Literature* (bls. 3-27). Cambridge Collections Online: Cambridge University Press.
- Vilhjálmur A. Kjartansson. (9. 7 2013). Vísindaheimur verkfræðingsins. *Morgunblaðið*. Sótt 2. 12 2017 frá <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1472192/>
- Wolmark, J. (1994). *Aliens and Others: Science Fiction, Feminism and Postmodernism*. Iowa City: University of Iowa Press.
- Yulia Tymoshenko. (2. 4 2018). Sótt frá Wikipedia. The Free Encyclopedia: [https://en.wikipedia.org/wiki/Yulia\\_Tymoshenko](https://en.wikipedia.org/wiki/Yulia_Tymoshenko)
- Zamyatin, Y. (1952). *We*. New York: Dutton.
- Þ.Þ. (13. 11 1993). Hryllingssaga af Suðurlandi. *Morgunblaðið*.
- Þorsteinn Antonsson. (2006). Formáli: Útsýni til Ólands. Uppruni, hugmyndir og viðhorf. Í Eiríkur Laxdal, *Ólandssaga* (bls. 11-64). Reykjavík: Þorsteinn Antonsson & María Anna Þorsteinsdóttir.
- Þór Sigfússon & Halldór Benjamín Þorbergsson. (2005). Útrás íslenskra fyrirtækja til Lundúna. *Ritröð Viðskiptaráðs Íslands um íslenskt viðskiptaumhverfi*, 21, 33 og 26.
- Þórarinn Guðmundsson. (1969). Svo fer þeim er sópa gólf hjá könum. *Tímarit Máls og Menningar*, 30(1), 75-76. Sótt 2. 12 2017 frá [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=380884&pageId=6281592&lang=is&q=Sigur%F0ard%F3ttir%20Snaran](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=380884&pageId=6281592&lang=is&q=Sigur%F0ard%F3ttir%20Snaran)
- Þórarinn Leifsson. (2017). *Kaldakol*. Reykjavík: Mál og menning.

